


ÁRSREIKNINGUR
SAMSTÆÐU
2015

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
Skýrsla stjórnar	4 - 6
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur samstæðunnar	8
Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar	9
Efnahagsreikningur samstæðunnar	10
Eiginfjárfirlit samstæðunnar	11
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar	12-13
Skýringar með ársreikningi samstæðunnar	14-87
Viðauki	
Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2015 (óendurskoðaður)	88-91

Helstu niðurstöður 2015

Fjárhæðir á þessari blaðsíðu eru í milljóðum króna



Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Íslandsbanka hf. („bankans“ eða „Íslandsbanka“) fyrir fjárhagsárið 2015 samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans, en saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“.

Starfsemi árið 2015

Íslandsbanki er alþjóðlegur banki sem býður alhliða fjármálaþjónustu fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanafjórfa á Íslandi og í öðrum löndum. Samstæðan er eitt af stærstu fyrirtækjum á Íslandi sem veita banka- og fjármálaþjónustu, með sterka markaðshlutdeild innanlands.

Bankinn, sem rekur sögu sína allt aftur til ársins 1875, byggir á langri hefð lánveitinga til atvinnulífsins á Íslandi. Hann hefur þróað sérþekkingu á lánstarfsemi í ferðamannaíðnaði, sjávarútvegi, starfsemi sveitarfélaga og orkuvinnslu. Með skýrri stefnu sinni á þessum sviðum veitir Íslandsbanki aðilum og fjárfestum í atvinnulífinu verðmæta þjónustu.

Bankanum er skipt í sex meginstarfþætti: viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið, markaði, eignastýringu, fjárfstýringu og umsýslu eignarhluta. Bankinn starfrækir fjölbreytt og skilvirkt útibúanet með 17 útibúum sem staðsett eru víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjum úti um landið. Í árslok 2015 störfuðu 1.184 einstaklingar hjá samstæðunni í fullu starfi, þar af 919 í bankanum sjálfum.

Hagnaður af starfsemi samstæðunnar fyrir fjárhagsárið 2015 nam 20.578 milljónum króna, sem samsvarar 10,8% arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli. Eigið fé hluthafa samstæðunnar nam samtals 202.227 milljónum króna. Heildareignir námu 1.045.769 milljónum króna í árslok 2015 og arðsemi eigna 2,1%. Heildareiginfjárlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 30,1%, sem er vel yfir núverandi markmiði, 23%, til skamms og meðallangs tíma. Lausafjárstaðan í árslok var sterk og vel yfir lögbundnu lágmarki.

Í samræmi við útgefna arðgreiðslustefnu bankans leggur bankastjórnin til að allt að 50% af hagnaði ársins 2015 verði greiddur í arð til hluthafa, en eftirstöðvunum verði varið til framtíðarþróunar bankans. Bankastjórnin mun hugsanlega boða til aukahluthafafundar seinna á árinu þar sem tillaga um útgreiðslu á viðbótar arði yrði lögð fyrir ef uppsafnað eigið fé bankans verður umfram eiginfjárförf hans til lengri tíma.

Mikil gróska var í íslensku efnahagslífi árið 2015. Verðbólga var 2,0% á ársgrundvelli og atvinnuleysi 2,8% í árslok. Fjárfestingar jukust áfram sem hlutfall af landsframleiðslu og ferðamannaíðnaður hélt áfram að blómstra. Íslenska krónan hélt nokkuð stöðug og innstreymi erlends gjaldeyris, einkum vegna ferðamennsku, gerði Seðlabanka Íslands kleift að safna 313 milljörðum króna í gjaldeyrisvarasjóð í árslok 2015, fjármögnuðum með skuldabréfum í íslenskum krónum.

Vöxtur lánasafns bankans var nokkurn veginn í takt við hagvöxt á árinu 2015. Innlán viðskiptavina jukust á sama tíma um 12% og lántökur jukust um 53 milljarða króna með vel heppnaðri útgáfu bankans á sértryggðum skuldabréfum á Íslandi og óveðtryggðum skuldabréfum samkvæmt GMTN áætlun bankans á alþjóðamörkuðum.

Í apríl 2015 gaf matsfyrirtækið Fitch bankanum lánshæfismatseinkunnina BBB-/F3 með stöðugum horfum. Bankinn var fyrstur banka á Íslandi frá árinu 2008 til að komast í fjárfestingarflokk. Í júlí 2015 hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor' s einkunn bankans til langs og skamms tíma í BBB-/A-3 með stöðugum horfum.

Bankinn hélt áfram að straumlínulaga útibúanet sitt. Árið 2015 var tveimur útibúum lokað en eitt nýtt opnað. Breytingar á útibúanetinu eru nátengdar stórauðinni bankastarfsemi gegnum netbanka og farsíma sem endurspeglast í því að notkun farsímaapps Íslandsbanka jókst um 58% og notkun netbanka um 10%.

Framtíðarhorfur

Gert er ráð fyrir að efnahagsumhverfið á Íslandi verði áfram hagstætt á næstu misserum. Búið er við því að hagvöxtur verði áfram þróttmikill og að fjárfestingar aukist bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum. Líkur eru á að afkoma ríkissjóðs og heimila muni batna og skuldir minnka enn frekar.

Þann 8. júní 2015 kynnti Fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur sínar um losun gjaldeyrishafta sem ætlað er að aflétta fjármagnshöftum sem hafa verið í gildi á Íslandi frá 2008. Í kjölfar tilkynningarinnar leituðu bú föllnu bankanna eftir nauðasamningum við lánardrottna sína og er búið við að samningar hafi að miklu leyti komið til framkvæmda í lok fyrsta ársfjórðungs 2016. Því virðast skilyrði fremur hagstæð til að aflétta fjármagnshöftum á næstunni.

Einn liður í nauðasamningum Glitnis hf. var að ríkissjóður eignaðist 95% hlut í Íslandsbanka sem stöðugleikaframlag Glitnis. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að bankinn verði að fullu í ríkiseigu í lok fyrsta ársfjórðungs 2016. Fjármálaráðherra hefur tilkynnt að það sé ekki ætlun stjórnvalda að halda hlut sínum í bankanum til frambúðar og að áformum um breytingar á eignarhaldi verði hrint í framkvæmd í náinni framtíð.

Í janúar 2016 hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor' s lánshæfiseinkunn ríkissjóðs Íslands í BBB+ og vísaði til áframhaldandi árangurs við losun fjármagnshafta og lækkandi skuldastöðu. Skömmu síðar var einkunn Íslandsbanka staðfest sem BBB- með jákvæðum horfum.

Á grundvelli hins sterka efnahagsumhverfis eru horfur fyrir kjarnastarfsemi bankans hagstæðar. Búið er við aukningu útlána og góð tækifæri munu gefast til að auka þóknatekjur enn frekar. Fjármögnun verður áfram að mestu í formi innlána og bankinn býst áfram við bættum skilmálum á skuldabréfaútgáfu til langs tíma.

Skýrsla stjórnar

Áhættustýring

Viðskipti bankans fela í sér margvíslega áhættu. Áhættustýring er lykilþáttur í rekstri bankans. Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á að tryggja að innviðir áhættustýringar í bankanum séu fullnægjandi. Stjórn bankans skilgreinir áhættuvilja bankans sem koma fram í stefnuskjólum bankans um áhættustýringu. Fjallað er um stefnu og umgjörð áhættustýringar bankans í skýringum 57-83 og í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans.

Stjórnarhættir Íslandsbanka

Skynsamlegir stjórnarhættir eru grundvöllur fyrir langtímaárangri fyrirtækja og stuðla að bættum vinnubrögðum, gagnsæi og ábyrgð og vernda þannig og efla hagsmuni hluthafa sem og annarra hagsmunaaðila. Stjórn Íslandsbanka hefur þá stefnu að stjórnarhættir bankans fylgi bestu framkvæmd í stjórnarháttum á fjármálamarkaði á hverjum tíma.

Íslandsbanka var fyrst veitt viðurkenning í mars 2014 sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðurkenningin var veitt í kjölfar umfangsmikillar athugunar á starfsháttum stjórnar, undirnefndum stjórnar og framkvæmdastjórn. Viðurkenningin var veitt að nýju í mars 2015.

Stjórnskipulag bankans samanstendur af bankastjóra og stjórn, sem í sitja sjö einstaklingar og þrír til vara. Stjórn bankans fer með málefni félagsins, er ábyrg fyrir að móta stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með því að skipulag og starfsemi bankans sé ávallt í samræmi við viðeigandi opinberar reglur og góða viðskiptahætti. Undirnefndir stjórnar eru fjórar og eru þær allar skipaðar stjórnarmönnum: endurskoðunarnefnd stjórnar, áhættunefnd stjórnar, stefnumótunarnefnd stjórnar og nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál.

Stjórn bankans fylgist jafnframt með framkvæmd stefnu bankans, hefur eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar. Frekari upplýsingar um innra eftirlit og áhættustýringu má finna í árlegri áhættuskýrslu bankans.

Bankastjóri er ábyrgur fyrir daglegum rekstri bankans í samræmi við mótaðar stefnur og ákvarðanir stjórnar. Það er einnig hlutverk bankastjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir hans og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar framkvæmdastjórn bankans, sem samanstendur af níu einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að hafa heildareftirlit með starfsemi bankans og að samræma lykilþætti í rekstri hans sem ekki lúta eftirliti annarra stjórnarnefnda.

Innri endurskoðun bankans starfar óháð öðrum deildum. Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Íslandsbanka og skal hafa eftirlit með því hvort ferli bankans við áhættustýringu, eftirlit og stjórnarhætti séu fullnægjandi.

Regluvörður er skipaður af bankastjóra en skipun hans er staðfest af stjórn. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta, með reglubundnum hætti, hvort ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfavíðskipti og aðgerðir til að stemma stigu við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi séu í samræmi við viðeigandi lög.

Það regluverk sem lýtur að stjórnarháttum og bankinn vinnur samkvæmt, samanstendur af þeim lögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði ásamt öðrum lögum og reglum, þ.á.m. reglum frá Fjármálaeftirlitinu (FME) og Nasdaq Ísland. Þetta eru m.a. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005 sem eru aðgengileg á vef Alþingis (www.althingi.is).

Stjórn bankans fylgir Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útgáfu) sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Ísland og Samtök atvinnulífsins gáfu út og eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands (www.vi.is). Stjórnarhættir bankans eru í samræmi við leiðbeiningarnar að undanskildum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.5., 2.9. og 5.1.2.

Stjórnarháttum Íslandsbanka er lýst með nákvæmari hætti, ásamt því að greint er nánar frá frávikum frá leiðbeiningunum, í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn.

Samfélagsleg ábyrgð

Bankinn hefur gefið út skýrslu sem byggir á hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (Global Compact) þar sem dregnir eru saman lykilþættir í stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð, það er viðskipti, mannauður, samfélag og umhverfi. Ný stefna um samfélagslega ábyrgð var innleidd í upphafi ársins 2015 og áhersla lögð á níu forgangsverkefni á árinu, þar á meðal að marka ábyrga útlánastefnu. Takmark bankans er að líta fram á veginn og sýna ábyrgð í öllum sínum verkum og vera virkur þátttakandi í því að bæta samfélagið og nærumhverfi hans.

Skýrsla stjórnar

Eignarhald

Eigendur Íslandsbanka voru tveir í árslok 2015, ISB Holding ehf., sem átti 95% hlutafjár bankans, og Ríkissjóður Íslands sem átti 5% í gegnum Bankasýslu ríkisins.

Í árslok 2015 voru stjórnarmenn sjö, fjórir karlar og þrjár konur. Einn stjórnarmaður var skipaður af Bankasýslu ríkisins og hinir sex af ISB Holding ehf.

Tveir nýir meðlimir tóku sæti í stjórn bankans á fjárhagsárinu. Eva Cederbalk tók sæti í stjórninni í mars og í september lét Þórunna Jónsdóttir af störfum og tók Gunnar Fjalar Helgason sæti hennar.

Yfirlýsing stjórnar og bankastjóra

Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2015 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu; lög um ársreikninga nr. 3/2006; lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002; og reglur um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á, að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í berhög við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Bankastjórnin vill vekja sérstaka athygli á fjármálaumhverfinu á Íslandi þar sem gjaldeyrishöft eru enn í gildi. Bankastjórnin vekur jafnframt athygli á því að eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er afar sterk og bankinn er því vel í stakk búinn til að takast á við þá áhættu og þau úrlausnarefni sem framundan eru. Bankastjórnin vísar í skýringar 2 og 55 varðandi helstu áhættu og óvissu sem bankinn þarf að takast á við.

Samkvæmt okkar bestu vitund gefur ársreikningur samstæðunnar glöggja mynd af rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé árið 2015 og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2015. Hann lýsir einnig megin áhættu- og óvissuþáttum sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og bankastjóri hafa í dag fjallað um ársreikning Íslandsbanka fyrir árið 2015 og staðfest hann með áritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2016

Stjórn:

Fríðrik Sophusson, stjórnarformaður

Marianne Økland, varaformaður

Árni Tómasson

Eva Cederbalk

Gunnar Fjalar Helgason

Helga Valfells

Neil Graeme Brown

Bankastjóri:

Birna Einarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Íslandsbanka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandsbanka hf. og dótturfélaga fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna þar sem við á. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna þar sem við á.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. febrúar 2016

Ernst & Young ehf.

Margrét Pétursdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðunnar fyrir árið 2015

	Skýringar	2015	2014
Vaxtatekjur	11	53.414	50.816
Vaxtagjöld	11	(25.404)	(23.711)
Hreinar vaxtatekjur		28.010	27.105
Póknatekjur	12	20.737	17.984
Póknagjöld	12	(7.567)	(6.501)
Hreinar póknatekjur		13.170	11.483
Hreinar fjármunatekjur	13-15	3.881	1.568
Hreinn gengismunur	16	(1.490)	165
Aðrar rekstrartekjur	17	1.102	2.122
Aðrar rekstrartekjur		3.493	3.855
Rekstrartekjur samtals		44.673	42.443
Laun og launatengd gjöld	18-20	(13.891)	(13.307)
Annar rekstrarkostnaður	21	(9.869)	(9.594)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta		(1.067)	(1.055)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	86.26	(2.878)	(2.444)
Rekstrargjöld samtals		(27.705)	(26.400)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána		16.968	16.043
Hrein virðisbreyting útlána	23	8.135	8.810
Hagnaður fyrir skatta		25.103	24.853
Tekjuskattur	25	(5.851)	(6.239)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi		19.252	18.614
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	24	1.326	4.136
Hagnaður ársins		20.578	22.750
Hagnaður ársins tilheyrir:			
Hluthöfum Íslandsbanka hf.		20.000	21.740
Hlutdeild minnihluta		578	1.010
Hagnaður ársins		20.578	22.750
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Íslandsbanka hf.	26	1,87	1,76

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar fyrir árið 2015

	Skýringar	2015	2014
Hagnaður ársins		20.578	22.750
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem eru eða kunna að vera endurflokkaðir sem hagnaður eða tap			
Þýðingarmunur vegna erlendra starfsemi	52	9	64
Gangvirðisbreyting (fjáreigna til sölu):			
Hrein gangvirðisbreyting		5.445	-
Önnur heildarafkoma ársins (eftir skatta)		5.454	64
Samtals heildarafkoma ársins		26.032	22.814
Skipting heildarafkomu:			
Hluthafa Íslandsbanka hf.		23.467	21.804
Hlutdeild minnihluta		2.565	1.010
Heildarafkoma ársins		26.032	22.814

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2015

	Skýringar	31.12.2015	31.12.2014
Eignir			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	27	216.760	103.389
Skuldabréf og skuldagerningar	7	78.606	87.347
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	7	18.320	10.531
Afleiðusamningar	28	1.981	1.810
Útlán til lánastofnana	29	35.534	35.072
Útlán til viðskiptavina	30-31	665.711	634.799
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	32-33	716	570
Rekstrarfjármunir	37	7.344	7.402
Óefnislegar eignir	38	1.331	619
Aðrar eignir	39	6.674	8.140
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	40	12.792	21.649
Eignir samtals		1.045.769	911.328
Skuldir			
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	41	25.631	25.796
Innlán viðskiptavina	42-43	593.245	529.447
Afleiðusamningar og skortstöður	28	6.981	3.963
Lántaka	45	150.308	96.889
Víkjandi lán	46	19.517	21.306
Skattskuldir	47-49	8.358	8.388
Aðrar skuldir	50	36.677	37.262
Skuldir vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi	40	2.825	2.790
Skuldir samtals		843.542	725.841
Eigið fé			
Hlutfé	51	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	51	55.000	55.000
Varasjóðir	52	6.002	2.535
Óráðstafað eigið fé		127.288	116.288
Eigið fé hluthafa Íslandsbanka hf.		198.290	183.823
Hlutdeild minnihluta		3.937	1.664
Eigið fé samtals		202.227	185.487
Skuldir og eigið fé samtals		1.045.769	911.328

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2015

	Skýringar	Eigið fé hluthafa				Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
		Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Vara- sjóðir	Óráð- stafað eigið fé			
Eigið fé 1. janúar 2014		10.000	55.000	2.471	98.548	166.019	1.299	167.318
Þýðingarmunur	52			64		64		64
Hreinn hagnaður af fjáreignum til sölu				-	-	-		-
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé		-	-	64	-	64	-	64
Hagnaður ársins					21.740	21.740	1.010	22.750
Heildarafkoma ársins		-	-	64	21.740	21.804	1.010	22.814
Greiddur arður					(4.000)	(4.000)	-	(4.000)
Breyting á hlutdeild minnihluta					-	-	(645)	(645)
Eigið fé 31. desember 2014	51	10.000	55.000	2.535	116.288	183.823	1.664	185.487
Eigið fé 1. janúar 2015		10.000	55.000	2.535	116.288	183.823	1.664	185.487
Þýðingarmunur	52			9		9		9
Hreinn hagnaður af fjáreignum til sölu				3.458		3.458	1.987	5.445
Hreinar tekjur færðar beint á eigið fé		-	-	3.467	-	3.467	1.987	5.454
Hagnaður ársins					20.000	20.000	578	20.578
Heildarafkoma ársins		-	-	3.467	20.000	23.467	2.565	26.032
Greiddur arður					(9.000)	(9.000)	(292)	(9.292)
Breyting á hlutdeild minnihluta						-		-
Eigið fé 31. desember 2015	51	10.000	55.000	6.002	127.288	198.290	3.937	202.227

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar fyrir árið 2015

	Skýringar	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		20.578	22.750
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:			
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé og aðrar leiðréttingar.....		2.860	(1.710)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		58.277	(32.812)
Mótttekinn arður.....		681	185
Greiddur tekjuskattur og bankaskattur.....		(8.386)	(10.685)
Handbært fé frá rekstri		74.010	(22.272)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Lækkun eignarhluta dótturfélaga og hlutdeildarfélagum		-	896
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum		(33)	(62)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		71	1.543
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	37	(743)	(758)
Keyptar ófenislegar eignir	38	(848)	(464)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.553)	1.155
Fjármögnunarhreyfingar:			
Útgefin skráð skuldabréf		76.395	39.590
Afborganir langtímalána		(24.318)	(34.908)
Greiddur arður		(9.000)	(4.000)
Fjármögnunarhreyfingar		43.077	682
Hækkun á handbæru fé og ígildi þess		115.534	(20.435)
Áhrif gengisbreytinga		(127)	22
Handbært fé og ígildi þess í ársbyrjun		118.020	138.433
Handbært fé og ígildi þess í árslok		233.427	118.020
Sundurliðun handbærs fjár og ígildis þess:			
Handbært fé	27	2.784	2.256
Óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands	27	198.997	91.581
Bankareikningar	29	31.646	24.183
Samtals handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok		233.427	118.020

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar er gert samkvæmt óbeinni aðferð. Yfirlitið byggir á hreinum hagnaði eftir skatta fyrir árið og sýnir sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum og breytingar á handbæru fé og ígildi þess. Handbært fé og ígildi þess felur í sér auðseljanlegar eignir sem hægt er að skipta í reiðufé og bera óverulega áhættu af virðisbreytingum. Handbært fé og ígildi þess eru óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og gjaldkræfar kröfur á innlánsstofnanir.

Innborgaðar vaxtatekjur árið 2015 námu 55.349 milljónum króna (2014: 52.000 milljónum króna) og greiddir vextir námu 24.404 milljónum króna (2014: 25.541 milljónum króna). Vextir teljast greiddir þegar þeir hafa verið lagðir inn á reikning viðskiptavinarins og eru til ráðstöfunar.

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar fyrir árið 2015

Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé:

	2015	2014
Afskriftir og niðurfærsla	672	820
Afskriftir óefnislegra eigna	136	144
Tap (hagnaður) hluteldarféлага	(113)	159
Verðbætur og gengismunur vegna lántöku	4.258	3.320
Virðisrýrnun útlána	3.184	1.856
Endurmat vænts sjóðstreymis útlána	(11.319)	(10.666)
Gengismunur	1.490	(165)
Sölutap (Söluhagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna	57	(234)
Virðisbreyting af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	(2.908)	(1.491)
Hreinn hagnaður af fastafjármunum til sölu og aflagðri starfsemi	(1.326)	(4.136)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	2.878	2.444
Tekjuskattur	5.851	6.239
Breytingar á rekstrarliðum sem ekki hreyfa handbært fé og aðrar leiðréttingar	2.860	(1.710)

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Bindiskylda við Seðlabanka Íslands	(5.427)	(5.949)
Útlán til lánastofnana	7.140	4.799
Útlán til viðskiptavina	(29.172)	(71.126)
Veltufjáreignir	4.309	(13.492)
Aðrar eignir	1.049	4.294
Eignir og skuldir fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi	9.796	24.045
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	(166)	(3.941)
Innlán viðskiptavina	68.503	37.918
Veltufjárskuldir	3.387	(8.777)
Afleiðusamningar	(540)	597
Aðrar skuldir	(602)	(1.180)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	58.277	(32.812)

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2015

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar samstæðunnar á árinu 2015 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

- a) Samstæðan færði 5,4 milljarða gangvirðisbreytingu, sem ekki hefur áhrif á handbært fé.

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2014

Eftirfarandi fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar samstæðunnar á árinu 2014 eru ekki í sjóðstreymisýfirliti:

- a) Samstæðan breytti láni í hlutafé til dótturfélags að fjárhæð 530 milljónir. Hlutafjáruaukningin hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi.

Skýringar á blaðsíðum 14 til 87 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Skýringar	Bls.	Skýringar	Bls.
Reikningsskilaaðferðir		Skýringar með efnahagsreikningi samstæðunnar (framhald)	
1	15	37	38
2	15	38	39
3	15	39	39
4	15	40	40
Starfsþættir		41	41
5	17	42-43	41
Skýringar með rekstrarreikningi samstæðunnar		44	41
6	19	45	42
11	27	46	43
12	27	47-49	43
13	28	50	45
14	28	51-52	45
15	28	Aðrar skýringar	
	28	36	37
16	28	53	46
17	29	54	46
18-19	29	55	46
20	30	56	48
21	30	Áhættustýring	
22	30	57-58	49
23	31	59-67	50
24	31	68-69	58
25	31	70	62
26	32	71-75	62
Skýringar með efnahagsreikningi samstæðunnar		76-77	66
7	20	78-79	68
8-9	22	80	68
10	26	81	68
27	32	83	70
	32	Eiginfjárustýring	
28	32	82	69
29	33	Reikningsskilareglur	
30	33	84	71
31	34	85	71
32-33	35	86	72
34-35	35		

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

Íslandsbanki hf., móðurfélagið var stofnaður 8. október 2008 og er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar bankans eru á Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2015 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis og samanstendur af Íslandsbanka hf. („bankanum“ eða „Íslandsbanka“) og dótturfélögum hans, saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“. Samanburðarupplýsingar vísa til ársins 2014.

Eigendur Íslandsbanka eru tveir; ISB Holding ehf., sem á 95% hlutafjár bankans og Ríkissjóður Íslands sem á 5%. ISB Holding ehf. er í eigu GLB Holding ehf., dótturfélags Glitnis hf. Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með eignum Ríkissjóðs Íslands í fjármálafyrirtækjum og heyrir undir fjármálaráðherra.

Samstæðan veitir víðtæka fjármálaþjónustu svo sem viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, verðbréfaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og eignafjármögnun. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á íslenskum markaði.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana þar sem við á.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar eru veittar í skýringum 84-86. Upplýsingar um nýja reikningsskilastaðla og breytingar á núverandi stöðlum eru birtar í skýringum 86.33-34.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og samþykktur af stjórn og bankastjóra Íslandsbanka hf. þann 22. febrúar 2016. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu þá gildir enska útgáfan.

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi og það er mat stjórnenda að samstæðan hefur það sem til þarf til áframhaldandi reksturs í fyrirsjáanlegri framtíð. Því eru reikningsskilin gerð miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandsbanka hf. Allar fjárhæðir í íslenskum krónum hafa verið jafnaðar að næstu milljón, nema annað sé tekið fram. Árslokagengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar var 129,59 og 141,32 gagnvart Evru (31.12.2014 USD 126,9 og EUR 154,27).

4. Mat og ályktanir við gerð reikningsskila

Gerð reikningsskilanna, sem er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS, krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem áhrif hafa á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda sem fram koma í samstæðureikningsskilunum.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við viðkomandi kringumstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru endurskoðaðar reglulega og áhrif þeirra færð á því tímabili sem breytingin er gerð sem og á síðari tímabilum sem breytingin hefur áhrif á.

Stjórnendur samstæðunnar bera undir endurskoðunarnefnd þróun, val og birtingu mikilvægra reikningsskilaaðferða og beitingu þeirra og þær forsendur sem liggja til grundvallar við mat á stærri óvissuþáttum. Fjallað er hér á eftir um forsendur og mat á óvissuþáttum sem umtalsverð hætta er á að leiði til verulegra leiðréttinga á næsta fjárhagsári og um gagnrýnið mat við beitingu reikningsskilaaðferða, sem mest áhrif hafa á þær fjárhæðir sem færðar eru í ársreikningi samstæðunnar.

a) Virðisrýrnun útlána sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði

Stjórnendur endurskoða útlánasafn samstæðunnar ársfjórðungslega með hliðsjón af því hvort hlutlæg gögn gefi til kynna virðisrýrnun. Þegar ákveðið er hvort tap vegna virðisrýrnunar skuli fært í rekstrarreikningi, leggja stjórnendur samstæðunnar mat á það hvort fyrir hendi séu gögn sem gefa vísbendingu um mælanlega lækkun á væntu framtíðargreiðslufæði frá útlánum. Þetta geta verið gögn sem benda til þess að neikvæðar breytingar hafi orðið á greiðslugetu hóps lántakenda, eða efnahagsaðstæður heima eða erlendis sem standa í samhengi við vanskil á eignum þeirra.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

4. (framhald)

Stjórnendur byggja mat sitt á lánum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðargreiðsluflæði. Aðferðafræðin og forsendur, sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á væntu framtíðargreiðsluflæði, eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli vænts taps og raunverulegs taps. Fjallað er með ítarlegri hætti um virðisrýrnun lána í skýringu 86.27.

b) Ákvörðun gangvirðis fjáreigna og fjárskulda

Þann 2. Nóvember 2015 tilkynnti Visa Inc. og Visa Europe Ltd. um samning sem kveður á um kaup Visa Inc. á Visa Europe Ltd. („Viðskiptin“). Viðskiptin fela í sér fyrirframgreiðslu að fjárhæð EUR 11,5 ma. kr. , forgangshlutabréf í Visa Inc. metin á EUR 5 milljarða þegar viðskiptin voru tilkynnt og árangurstengdar greiðslur allt að EUR 4,7 milljarðar, sem komi til greiðslu fjórum árum eftir lokun viðskiptanna. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá viðskiptunum á öðrum ársfjórðungi 2016, en þau eru háð samþykki samkeppnisyrivalda á viðkomandi markaðssvæðum.

Matið á gangvirði eignahlutar Borgunar í Visa Europe Ltd. þann 31. desember 2015 byggir á upplýsingum sem að liggja fyrir um viðskiptin á matsdegi ásamt mati stjórnenda á lykildreytum sem ekki teljast til markaðsupplýsinga og telst því til stigs 3 í flokkun gangvirðis. Matsnálgun stjórnenda byggir á matsvirði hvers liðar sem að kemur til greiðslu að teknu tilliti til líkinda á að hann komi til framkvæmda.

Áætlað gangvirði á peningagreiðslu og forgangshlutabréfum tengd viðskiptunum að fjárhæð 5.445 milljónir króna hefur verið færð sem fjáreign til sölu í fnahagsreikningi undir liðinn hlutabréf og eiginfjárgerningar miðað við 31. desember (sjá skýringu 7 og 8).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Starfsþættir

5. Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, sem býður fram þjónustu og vörur, sem fela í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Viðskipti á milli starfsþátta eru samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum og skilyrðum samstæðunnar. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á íslenskum markaði. Enginn einn viðskiptavinur skapar 10% eða meira af samanlögðum tekjum samstæðunnar.

Reikningsskilaaðferðir aðgreindra starfsþátta eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Tilgreindur hagnaður starfsþáttarins er sá hagnaður sem kynntur er stjórnendum samstæðunnar og bankastjórn í þeim tilgangi að ráðstafa auðlindum og árangursmeta starfsþætti.

Samstæðan samanstendur af sex meginstarfsþáttum, byggðum á vöruframboði og þjónustu:

- a) Viðskiptabankasvið býður alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja með 17 útibúum, þjónustuveri, hraðbönkum og netþjónustu. Viðskiptabankasvið starfrækir einnig tvær deildir undir sérheitum, Ergo fyrir eignafjármögnun og Kreditkort, sérstaka greiðslukortadeild.
- b) Fyrirtækjasvið býður alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf til stærri fyrirtækja og sveitarfélaga landsins. Auk þess stýrir fyrirtækjasvið alþjóðlegri starfsemi samstæðunnar á Norður-Atlantshafssvæðinu, einkum í tengslum við sjávarútveg og birgðaskipaútgerð. Fyrirtækjasvið er í fremstu röð í sinni grein. Sviðið byggir á áralangri reynslu af þjónustu við hefðbundnar atvinnugreinar svo sem sjávarútveg, orku og fasteignamarkað, en jafnframt við ört vaxandi greinar eins og verslun og ferðaþjónustu.
- c) Markaðir sjá um miðlun verðbréfa, erlends gjaldeyris og afleiða ásamt umsjón peningamarkaðsútlána og millibankaðjónustu. Sviðið býður þar að auki fjölbreytta þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar innanlands.
- d) Eignastýring býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu á sviði eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Eignastýringu tilheyra VÍB sem býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu á sviði eignastýringar og Íslandssjóðir og Summa, sem eru rekstarfélög verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.
- e) Fjárstýring ber ábyrgð á að fjármagna starfsemi samstæðunnar á sem hagkvæmastan hátt ásamt því að ákvarða innri vexti og styðja þannig við markmið samstæðunnar um vöxt. Deildin ber sömuleiðis ábyrgð á að miðla upplýsingum um verðlagningu vaxta, fjármögnun, samkeppnisumhverfi og fjárhag samstæðunnar og einstakra sviða til viðeigandi aðila innan sem utan samstæðunnar. Fjárstýring ber ábyrgð á og stýrir árlegu áætlunarferli samstæðunnar og stýrir lausafjár-, gjaldmiðla-, verðbólgu- og vaxtaáhættu á skilvirkan hátt innan marka stjórnar, ALCO og eftirlitsaðila. Þá er Fjárstýring tengiliður samstæðunnar við fjárfesta, erlendar fjármálastofnanir, kauphallir og lánshæfismatsfyrirtæki.
- f) Umsýsla eignarhluta heldur utan um fjárfestingar svo sem hlutafjáreign í fjárfestingarþók og dótturfyrirtækjum, en þar hafa mesta þýðingu:
 - Borgun hf., færsluhirðing.
 - Allianz Ísland hf., umboðsaðili fyrir þýska tryggingafélagið Allianz og eignarhaldsfélag þess Hringur eignarhaldsfélag ehf.
 - D1 ehf., fasteignafélag sem á og stýrir fastafjármunum til leigu. Þar af eru 15 eignir leigðar af samstæðunni.

Stoðeiningar samstæðunnar eru skrifstofa bankastjóra, mannauðssvið, lögfræðisvið, áhættustýring, fjármálasvið, rekstrar- og upplýsingatæknisvið, innri endurskoðun, regluvarsla og viðskipti og þróun.

Á næstu blaðsíðu er yfirlit um rekstur samstæðunnar með sundurliðun eftir starfsþáttum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

5. (framhald)

Yfirlit um starfsþætti samstæðunnar

Árið 2015

	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Fjárstýring	Umsýsla eignarhluta	Stoðeiningar og jöfnunarfærslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	17.880	5.081	1.066	639	3.579	142	(377)	28.010
Hreinar þóknatekjur (gjöld)	4.434	216	1.520	2.208	(146)	4.932	5	13.170
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	55	4	415	314	(1.505)	4.690	(480)	3.493
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	22.369	5.302	3.002	3.161	1.928	9.764	(853)	44.673
Laun og launatengd gjöld	(4.190)	(484)	(892)	(992)	(117)	(1.763)	(5.454)	(13.891)
Annar rekstrarkostnaður	(2.261)	(80)	(149)	(205)	(188)	(1.926)	(5.060)	(9.869)
Framlag í Tryggingarsjóð og bankaskattur	(968)	(20)	(0)	(62)	(2.894)	(0)	-	(3.945)
Hrein virðisbreyting útlána	3.017	4.513	(0)	187	-	560	(142)	8.135
Hagnaður (tap) fyrir kostn.dr. og skatta	17.968	9.230	1.960	2.090	(1.271)	6.635	(11.509)	25.103
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	22.721	12.641	3.419	1.085	(5.368)	10.611	(435)	44.673
Rekstrartekjur (gjöld) frá öðrum starfsþáttum	(352)	(7.339)	(417)	2.076	7.297	(848)	(417)	-
Afskriftir og niðurfærsla	(194)	(3)	(1)	(3)	(0)	(188)	(420)	(810)

31. desember 2015

Eignir starfsþáttar	439.920	227.107	11.833	4.124	308.166	74.133	(19.514)	1.045.769
Skuldir starfsþáttar	415.525	7.962	5.064	44.109	347.208	41.398	(17.724)	843.542
Úthlutað eigið fé	48.355	34.146	2.898	3.130	101.749	19.046	(7.097)	202.227

Árið 2014

	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Eigna- stýring	Fjárstýring	Umsýsla eignarhluta	Stoðeiningar og jöfnunarfærslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	17.261	4.427	911	731	4.736	(510)	(451)	27.105
Hreinar þóknatekjur (gjöld)	4.421	122	1.499	1.939	(80)	3.562	20	11.483
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	77	386	(98)	79	15	3.003	393	3.855
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	21.759	4.935	2.312	2.749	4.671	6.055	(38)	42.443
Laun og launatengd gjöld	(4.019)	(432)	(874)	(912)	(88)	(1.484)	(5.499)	(13.307)
Annar rekstrarkostnaður	(2.375)	(70)	(127)	(207)	(181)	(1.919)	(4.716)	(9.594)
Framlag í Tryggingarsjóð og bankaskattur	(921)	(21)	(0)	(74)	(2.483)	(0)	-	(3.499)
Hrein virðisbreyting útlána	6.588	1.489	-	(2)	34	1.016	(315)	8.810
Hagnaður (tap) fyrir kostn.dr. og skatta	21.033	5.902	1.312	1.554	1.953	3.667	(10.568)	24.853
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	22.132	8.335	2.624	1.387	1.277	6.478	210	42.443
Rekstrar(gjöld) tekjur frá öðrum starfsþáttum	(372)	(3.401)	(312)	1.362	3.394	(423)	(248)	0
Afskriftir og niðurfærsla	(180)	-	(2)	(2)	-	(179)	(600)	(963)

31. desember 2014

Eignir starfsþáttar	413.812	225.100	13.161	4.171	202.089	87.998	(35.003)	911.328
Skuldir starfsþáttar	397.343	14.401	783	49.867	243.479	43.231	(23.263)	725.841
Úthlutað eigið fé	41.792	28.314	1.494	2.685	105.512	25.794	(20.105)	185.487

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Ársfjórðungsyfirlit

6. Starfsemi eftir ársfjórðungum:

2015	Fjórði árs- fjórðungur*	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	7.003	7.457	7.359	6.191	28.010
Hreinar þóknunatekjur	3.235	3.512	3.518	2.905	13.170
Hreinar fjármunatekjur	1.455	387	275	1.764	3.881
Hreinn gengismunur	(137)	(1.072)	(141)	(140)	(1.490)
Aðrar rekstrartekjur	403	158	252	289	1.102
Laun og launatengd gjöld	(3.670)	(3.340)	(3.421)	(3.460)	(13.891)
Annar rekstrarkostnaður	(2.848)	(1.970)	(2.688)	(2.363)	(9.869)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(270)	(263)	(265)	(269)	(1.067)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(818)	(732)	(710)	(618)	(2.878)
Hrein virðisbreyting útlána	409	3.418	1.977	2.331	8.135
Hagnaður fyrir skatta	4.762	7.555	6.156	6.630	25.103
Tekjuskattur	(1.147)	(1.784)	(1.524)	(1.396)	(5.851)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	3.615	5.771	4.632	5.234	19.252
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádragnum tekjuskatti	274	128	762	162	1.326
Hagnaður tímabilsins	3.889	5.899	5.394	5.396	20.578

2014	Fjórði árs- fjórðungur*	Þriðji árs- fjórðungur*	Annar árs- fjórðungur*	Fyrsti árs- fjórðungur*	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	6.469	7.068	6.922	6.646	27.105
Hreinar þóknunatekjur	2.962	2.849	2.818	2.854	11.483
Hreinar fjármunatekjur	603	83	19	863	1.568
Hreinn gengismunur	116	352	(12)	(291)	165
Aðrar rekstrartekjur	509	233	267	1.113	2.122
Laun og launatengd gjöld	(3.497)	(2.930)	(3.441)	(3.439)	(13.307)
Annar rekstrarkostnaður	(2.914)	(2.301)	(1.909)	(2.470)	(9.594)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(265)	(272)	(260)	(258)	(1.055)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(565)	(664)	(623)	(592)	(2.444)
Hrein virðisbreyting útlána	3.006	65	4.219	1.520	8.810
Hagnaður fyrir skatta	6.424	4.483	8.000	5.946	24.853
Tekjuskattur	(1.434)	(1.255)	(2.156)	(1.394)	(6.239)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	4.990	3.228	5.844	4.552	18.614
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádragnum tekjuskatti	(430)	307	515	3.744	4.136
Hagnaður tímabilsins	4.560	3.535	6.359	8.296	22.750

*Afkoma fyrstu sex mánuði ársins var könnuð af endurskoðendum samstæðunnar. Starfsemi eftir ársfjórðungum og milliuppgjör voru ekki könnuð eða endurskoðuð af endurskoðendum samstæðunnar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Fjáreignir og fjárskuldir

7. Eftirfarandi töflur sýna bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í samræmi við flokkun þeirra samkvæmt IAS 39 Fjármálagerðingarskráning og mat:

31. desember 2015	Skýringar	Veltufjár- eignir og skuldir	Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	Útlán	Fjáreignir til sölu	Skuldir á afskrifðu kostnaðar- verði	Samtals
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	27	-	-	216.760	-	-	216.760
<i>Útlán og kröfur</i>							
Útlán til lánastofnana	29	-	-	35.534	-	-	35.534
Útlán til viðskiptavina	30-31	-	-	665.711	-	-	665.711
Útlán og kröfur		-	-	918.005	-	-	918.005
<i>Skuldabréf og skuldagerðing</i>							
Skráð		44.443	31.341	-	-	-	75.784
Óskráð		-	2.822	-	-	-	2.822
Skuldabréf og skuldagerðing		44.443	34.163	-	-	-	78.606
<i>Hlutabréf og eiginfjárgerðing</i>							
Skráð		7.993	3.218	-	-	-	11.211
Oskráð		-	1.664	-	5.445	-	7.109
Hlutabréf og eiginfjárgerðing		7.993	4.882	-	5.445	-	18.320
Afleiðusamningar	28	1.981	-	-	-	-	1.981
Aðrar fjáreignir		-	-	5.535	-	-	5.535
Fjáreignir samtals		54.417	39.045	923.540	5.445	-	1.022.447
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum .	41	-	-	-	-	25.631	25.631
Innlán viðskiptavina	42-43	-	-	-	-	593.245	593.245
Afleiðusamningar og skortstöður	28	6.981	-	-	-	-	6.981
Lántaka	45	-	-	-	-	150.308	150.308
Víkjandi lán	46	-	-	-	-	19.517	19.517
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	-	26.642	26.642
Fjárskuldir samtals		6.981	-	-	-	815.343	822.324

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

7. (framhald)

31. desember 2014			Veltufjár- eignir og skuldir	Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	Útlán	Fjáreignir á til sölu	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Samtals
	Skýringar							
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	27	-	-	-	103.389	-	-	103.389
<i>Útlán</i>								
Útlán til lánastofnana	29	-	-	-	35.072	-	-	35.072
Útlán til viðskiptavina	30-31	-	-	-	634.799	-	-	634.799
Útlán		-	-	-	773.260	-	-	773.260
<i>Skuldabréf og skuldagerningar</i>								
Skráð		54.273	31.347	-	-	-	-	85.620
Óskráð		-	1.727	-	-	-	-	1.727
Skuldabréf og skuldagerningar		54.273	33.074	-	-	-	-	87.347
<i>Hlutabréf og eiginfjárgæringar</i>								
Skráð		4.810	2.917	-	-	-	-	7.727
Óskráð		-	2.804	-	-	-	-	2.804
Hlutabréf og eiginfjárgæringar		4.810	5.721	-	-	-	-	10.531
Afleiðusamningar	28	1.810	-	-	-	-	-	1.810
Aðrar fjáreignir		-	-	-	6.567	-	-	6.567
Fjáreignir samtals		60.893	38.795	-	779.827	-	-	879.515
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum .	41	-	-	-	-	-	25.796	25.796
Innlán viðskiptavina	42-43	-	-	-	-	-	529.447	529.447
Afleiðusamningar og skortstöður	28	3.963	-	-	-	-	-	3.963
Lántaka	45	-	-	-	-	-	96.889	96.889
Víkjandi lán	46	-	-	-	-	-	21.306	21.306
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	-	-	25.363	25.363
Fjárskuldir samtals		3.963	-	-	-	-	698.801	702.764

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Upplýsingar um gangvirði fjáreigna og fjárskulda

8. Fjáreignir á gangvirði

Gangvirði fjármálagernings er það viðskiptaverð sem væri greitt við kaup eða móttakið við sölu á viðkomandi fjármálagerningi í viðskiptum milli ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir við viðskiptanna á matsdegi. Þegar markaðsverð liggur ekki fyrir beittir samstæðan verðmatsaðferðum, sem byggjast á ályktunum og forsendum, sem eru í samræmi við þær sem markaðsaðilar myndu miða við í verðlagningu fjármálagerningsins. Í sumum tilfellum beittir samstæðan nálgunum við mat á virði fjármálagerninga. Þessar nálganir eru útskýrðar nánar neðar í skýringunni.

Í töflunum hér að neðan eru fjármálagerningar, sem færðir eru á gangvirði, flokkaðir í þrep sem endurspeglar hvaða gögn voru notuð við verðmat þeirra 31. desember 2015 og 31. desember 2014. Mismunandi þrep hafa verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. þrep: Verð (óleiðrétt) sem er skráð á virkum markaði sambærilegra eigna og skulda og er aðgengilegt á viðmiðunardegi.
2. þrep: Matsverð sem byggist á greinanlegu skráðu verði sambærilegra eigna og skulda í 1. þrepi, annaðhvort beint (t.d. sem verð) eða óbeint (t.d. afleitt af verði).
3. þrep: Matsverð eigna og skulda sem byggist ekki á greinanlegum markaðsupplýsingum, heldur t.d. innra mati.

31. desember 2015

Fjáreignir:	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar	45.227	32.732	647	78.606
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	11.348	1.527	5.445	18.320
Afleiðusamningar	-	1.981	-	1.981
Fjáreignir samtals	56.575	36.240	6.092	98.907
Fjárskuldir:				
Skortstöður	3.771	302	-	4.073
Afleiðusamningar	-	2.908	-	2.908
Fjárskuldir samtals	3.771	3.210	-	6.981

31. desember 2014

Fjáreignir:	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar	54.618	31.539	1.190	87.347
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	7.618	98	2.815	10.531
Afleiðusamningar	-	1.810	-	1.810
Fjáreignir samtals	62.236	33.447	4.005	99.688
Fjárskuldir				
Skortstöður	686	-	-	686
Afleiðusamningar	-	3.184	93	3.277
Fjárskuldir samtals	686	3.184	93	3.963

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

8. (framhald)

Afstemming fjáreigna í 3. þrepi

	Skuldabréf og skulda- gerningar	Hlutabréf og eiginfjár- gerningar	Afleiðu- samningar
Janúar til desember 2015			
Bókfært virði 1. janúar 2015	1.190	2.816	(93)
Kaup	-	689	-
Sala	-	(1.315)	-
Nettótekjur af fjáreignum	(543)	6.263	(2)
Færslur frá 1. eða 2. þrepi	-	-	-
Færslur í 1. eða 2. þrep	-	(3.008)	95
Bókfært virði 31. desember 2015	647	5.445	-
Janúar til desember 2014			
Bókfært virði 1. janúar 2014	1.279	2.791	(85)
Kaup	-	709	-
Sala	(32)	(383)	-
Nettótekjur af fjáreignum	(57)	459	(8)
Færslur frá 1. eða 2. þrepi	-	-	-
Færslur í 1. eða 2. þrep	-	(760)	-
Bókfært virði 31. desember 2014	1.190	2.816	(93)

Hver viðskiptaæining ber ábyrgð á mati á gangvirði eigin fjármálagerninga. Viðskiptaæiningunum ber að yfirfara verðmat fjármálagerninganna ársfjórðungslega og kynna fyrir fjárfestingarráði sem þarf að samþykkja verðmatið. Áhættustýring ber ábyrgð á að yfirfara verðmatið og flokka verðmatsaðferðir í viðkomandi þrep. Markmiðið með þessu verðmatsferli, er að verðmatið endurspegli það verð fjáreigna og fjárskulda sem notað yrði í venjulegum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Sé það mögulegt er gangvirðið ákvarðað út frá skráðu verði á virkum markaði fyrir sambærilegar fjáreignir og fjárskuldir. Bankinn skilgreinir virkan markað sem markað þar sem stærð og tíðni viðskipta teljast viðunandi. Sé ekki um virkan markað að ræða er gangvirðið metið með aðferðum á borð við núvirðis- og fjárstreymislíkön, samanburð við sambærilega fjármálagerninga með greinanlegar upplýsingar, hreint eignavirði fyrir hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum eða væntar endurheimtur fyrir skuldabréf útgefenda í vanda. Þessar verðmatsaðferðir byggjast á mati á ýmsum stærðum, s.s. áhættulausum vöxtum, væntum tekjuvexti og skuldara- og seljanleikaálagi á ávöxtunarkröfu. Í vissum tilfellum fást litlar upplýsingar um breytnar í líkönunum og er þá nauðsynlegt að stýðjast við sérfræðimat við mat á þeim.

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar í 1. þrepi eru annaðhvort skuldabréf eða hlutabréf sem skráð eru á markað hér á landi eða erlendis. Hlutabréf að fjárhæð 2.086 m.kr. voru færð úr 3. þrepi í 1. þrep vegna skráningar þeirra á markað á fyrsta ársfjórðungi.

Í 2. þrepi eru afleiður og innlend skuldabréf með óvirka verðmyndun. Hlutdeildarskírteini eru flokkuð sem hlutabréf og eiginfjárgerningar í 2. þrep og gagnvirði þeirra er byggt á hreinu bókfærðu eignaverði ef einingaverð eru ekki aðgengileg. Samstæðan flokkar vaxtaafleiður, eins og vaxtaskiptasamninga og gjaldeyrisvaxtaskiptasamninga, í 2. þrep og reiknar núvirði af væntu framtíðargreiðsluflæði þeirra með vaxtaferlum sem metnir eru út frá t.a.m. kjörum í vaxtaskiptasamningum og framvirkum vöxtum. Framvirkir gjaldeyrisamningar og gjaldeyrisvaxtaskiptasamningar eru flokkaðir í 2. þrep og verðlagðir með því að nota stundargengi, sem búið er að leiðrétta með framvirku álagi í punktum (hundraðshlutf. úr einu prósentustigi) en upplýsingar um þá má fá af markaði. Framvirkir skuldabréfa- og hlutabréfasamningar eru einnig flokkaðir í 2. þrep og verðlagðir með hefðbundnum líkönum sem byggjast m.a. á hlutabréfaverði, væntu arðgreiðsluhlutfalli og fjármögnunarkostnaði útgefendanna. Samstæðan flokkar skuldabréfaverði almennt í 2. þrep.

Hlutabréf að fjárhæð 234 m.kr. voru færð úr 3. þrepi í 2. þrep sökum þess að verðmæti þeirra er nú metið út frá skráðum eignum félagsins. Hlutabréf að verðmæti 688 m.kr. og skuldabréfaverðréttir að verðmæti -95 m.kr. voru færð í 2. þrep í kjölfar endurmats á marktækni ógreinanlegra upplýsinga í verðmati þeirra.

Í 3. þrepi eru óskráð skuldabréf þar sem verðmyndun er óvirk. Óskráð hlutabréf eru flokkuð í 3. þrep og upphaflega bókuð á kaupvirði en eru endurverðmetin í hverjum ársfjórðungi með líkönunum, sem fjallað er um hér að ofan. Í 3. þrepi eru hlutabréf að verðmæti 5.445 m.kr. Verðmat þeirra byggist á nýlegu viðskiptaverði sem búið er að færa niður vegna ýmissa óvissuþátta, svo sem varðandi dómsmál og regluverk. Sökum þess er verðmatið næmt fyrir breytingum á áætlaðri niðurfærslu fyrir hvern þátt en niðurfærslan er á bilinu 0–3%. Að öðru óbreyttu leiðir hærrí niðurfærsla til lægra gangvirðis hlutabréfanna og lægri niðurfærsla til hærri gangvirðis.

Í árslok 2015 nam verðmæti skuldabréfa í 3. þrepi 647 m.kr. og var það byggt á væntum endurheimtum af eignum útgefendanna. Væntar endurheimtur þessara skuldabréfa eru á bilinu 0–75% og eru háðar ýmsum forsendum svo sem varðandi niðurstöður dómsmála. Hækkun eða lækkun væntra endurheimta hefði samsvarandi áhrif á verðmæti skuldabréfanna.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

9. Fjáreignir og fjárskuldir sem ekki eru metnar á gangvirði

Taflan að neðan sýnir þrepaskiptingu og mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda, sem ekki eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi, þann 31. desember 2015. Þrepaskiptingin er skilgreind á sama hátt og áður (sjá skýringu 8).

Eignir

Útlán til viðskiptavina á efnahagsreikningi samstæðunnar sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru tvenns konar:

- 1) Lán á bókfærðu virði sem er minna en kröfuvirði þeirra, annaðhvort vegna virðisrýrnunar eða mikils afsláttar.
- 2) Lán á bókfærðu virði sem jafngildir kröfuvirði þeirra.

Lán í flokki 1) eru metin sérstaklega á að minnsta kosti sex mánaða fresti og ársfjórðungslega ef um verulegar fjárhæðir er að ræða og þess vegna er bókfært virði þeirra álitid góð nálgun á gangvirði. Þar sem mat þessara lána er að hluta byggt á innri líkönum bankans flokkast þau í 3. þrep. Gangvirði lána í flokki 2) kann að vera annað en bókfært virði þeirra vegna þess að vextirnir sem þau bera endurspeгла ef til vill ekki þá vexti sem sams konar ný lán myndu bera. Þessi munur á sér tvær skýringar:

- a) Breytingar á lánshæfi: Lánshæfi lánþega getur hafa breyst frá því vaxtakjör voru síðast ákvörðuð sem og virði undirliggjandi trygginga.
- b) Lán á föstum vöxtum: Sá vaxtagrunnur sem lagður var til grundvallar við verðlagningu lána með föstum vöxtum kann að hafa breyst.

Samstæðan reiknar gangvirði lána í flokki 2) með því að draga frá bókfærðu virði hvers láns þann vaxtamun sem af a) eða b) leiðir frá 31. desember 2015 til næstu vaxtaendurákvörðunar lánsins eða lokagjalddaga þess, hvort sem kemur á undan. Þar sem lánshæfi er metid byggt á innri líkönum samstæðunnar flokkast þessar eignir í 3. þrep.

Gangvirði handbærs fjár og innstæðna hjá Seðlabanka Íslands, lána til fjármálastofnana og annarra fjáreigna er talið vera mjög vel nálgad með bókfærðu virði þar sem þessir gerningar eru til skamms tíma. Þessar eignir flokkast því í 2. þrep.

Skuldir

Gangvirði skulda sem eru innkallanlegar, til að mynda innlána sem eru ávallt laus til úttektar (óbundin), er ekki lægra en sú fjárhæð sem er laus til innköllunar núvirt frá fyrsta mögulega innköllunardegi.

Flestar innstæður eru lausar til úttektar (óbundnar) eða bera breytilega vexti og því er bókfært virði þeirra álitid góð nálgun á gangvirði þeirra. Fyrir bundin innlán á föstum vöxtum reiknar samstæðan gangvirði með binditímaaðferð með því að bera saman vexti hvers innláns við þá vexti sem í boði væru fyrir sambærilegt innlán í dag. Mat á gangvirði innlána tekur ekki tillit til áhrifa tilskipunar Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu (e. Payment Service Directive) á vaxtaendurskoðunardagsetningu. Öll innlán flokkast í 2. þrep þar sem innlánakjör byggja á samanburði við markaðsvexti og það endurspeglast því við mat á gangvirði.

Samstæðan notar skráð markaðsvirði við mat á gangvirði fyrir skuldir í flokknum „lántaka“ þar sem það er mögulegt. Útgefnið vixlar og skuldabréf með skráð markaðsverð flokkast í 1. þrep. Ef ekki er til skráð markaðsverð er gangvirði skulda metid á sama hátt og fyrir fastvaxtainnlán ef skuldin ber fasta vexti. Ef vaxtagrunnurinn er fljótandi þá er gangvirðið metid með því að bera vaxtaálag skuldarinnar saman við núverandi mat á fjármögnunarálagi samstæðunnar fyrir sambærilega skuld. Þessar skuldbindingar flokkast í 2. þrep. Fjármögnunarálagið er metid út frá markaðskjörum á skráðum útgáfum samstæðunnar, þ.e. víxlum, sértrygðum útgáfum og útgáfum í erlendum myntum.

Gangvirði vikjandi lána er metid með binditímaaðferð út frá muninum á samningsbundnu vaxtaálagi þeirra og vaxtaálagi útgefina skuldabréfa samstæðunnar í erlendri mynt að viðbættu álagi sem endurspeglar það að vikjandi lánin eru aftar í kröfuröðinni en önnur skráð bréf. Þessar skuldbindingar flokkast í 2. þrep.

Aðrar fjárskuldir samanstanda aðallega af óuppgerðum viðskiptum og skuldum til smásala vegna greiðslukorta og flokkast í 2. þrep þar sem virði þeirra er ekki byggt á skráðu markaðsvirði. Þar sem þessar skuldir eru til skamms tíma er bókfært virði álitid góð nálgun á gangvirði þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir gangvirði fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarvirði:

31. desember 2015	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Gangvirði	Bókfært virði
Fjáreignir:					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	216.760	-	216.760	216.760
Útlán til lánastofnana	-	35.534	-	35.534	35.534
Útlán til viðskiptavina	-	-	668.265	668.265	665.711
Aðrar fjáreignir	-	5.534	-	5.534	5.534
Fjáreignir samtals	-	257.828	668.265	926.093	923.539

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

9. (framhald)

31. desember 2015

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Gangvirði	Bókfært virði
Fjárskuldir:					
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	-	25.631	-	25.631	25.631
Innlán viðskiptavina	-	593.402	-	593.402	593.245
Lántaka	59.294	91.149	-	150.443	150.308
Víkjandi lán	-	19.517	-	19.517	19.517
Aðrar fjárskuldir	-	26.642	-	26.642	26.642
Fjárskuldir samtals	59.294	756.341	-	815.635	815.343

31. desember 2014

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Gangvirði	Bókfært virði
Fjáreignir:					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	103.389	-	103.389	103.389
Útlán til lánastofnana	-	35.072	-	35.072	35.072
Útlán til viðskiptavina	-	-	636.141	636.141	634.799
Aðrar fjáreignir	-	6.567	-	6.567	6.567
Fjáreignir samtals	-	145.028	636.141	781.169	779.827

Fjárskuldir:

Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	-	25.796	-	25.796	25.796
Innlán viðskiptavina	-	529.519	-	529.519	529.447
Lántaka	37.293	59.601	-	96.894	96.889
Víkjandi lán	-	21.306	-	21.306	21.306
Aðrar fjárskuldir	-	25.363	-	25.363	25.363
Fjárskuldir samtals	37.293	661.585	-	698.878	698.801

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

10. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Taflan hér fyrir neðan inniheldur yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldir sem eru tækar til skuldajöfnunar skv. rammasamningum um afleiðuviðskipti (ISDA), jafnvel þótt þær hafi ekki verið jafnaðar í efnahagsreikningi.

a) Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða

	Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga			Ójafnaðar fjárhæðir sem falla undir jöfnunarsamninga og aðra áþekka samninga			Nettó fjárhæðir að teknu tilliti til áhrifa jöfnunarsamninga	Fjáreignir sem uppfylla ekki skilyrði um skuldajöfnun	Heildareignir í efnahagsreikningi
	Fjáreign fyrir jöfnun í efnahagsreikningi	jafnaðar á móti eignum í efnahag	Hreinar fjáreignir í efnahagsreikningi	Fjárskuldir ójafnaðar í efnahag	Reiðufé - móttækur veðtryggingar	Fjármálagerningar - móttækur veðtryggingar			
31. desember 2015									
Afleiður	1.981	-	1.981	(696)	(31)	(1)	1.253	-	1.981
Samtals eignir	1.981	-	1.981	(696)	(31)	(1)	1.253	-	1.981
31. desember 2014									
Afleiður	1.810	-	1.810	(306)	(48)	(18)	1.438	-	1.810
Samtals eignir	1.810	-	1.810	(306)	(48)	(18)	1.438	-	1.810

b) Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða

	Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Ójafnaðar fjárhæðir sem falla undir jöfnunarsamninga og aðra áþekka samninga			Nettó fjárhæðir að teknu tilliti til áhrifa jöfnunarsamninga	Fjárskuldir sem uppfylla ekki skilyrði um skuldajöfnun	Heildarfjárskuldir í efnahagsreikningi
	Fjárskuld fyrir jöfnun í efnahagsreikningi	jafnaðar á móti skuldum í efnahag	Hreinar fjárskuldir í efnahagsreikningi	Fjáreignir ójafnaðar í efnahag	Reiðufé - móttækur veðtryggingar	Fjármálagerningar - móttækur veðtryggingar			
31. desember 2015									
Afleiðusamningar og skortstöður	2.908	-	2.908	(696)	-	-	2.212	4.073	6.981
Samtals skuldir	2.908	-	2.908	(696)	-	-	2.212	4.073	6.981
31. desember 2014									
Afleiðusamningar og skortstöður	3.277	-	3.277	(306)	-	(1.899)	1.072	686	3.963
Samtals skuldir	3.277	-	3.277	(306)	-	(1.899)	1.072	686	3.963

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Hreinar vaxtatekjur

11. Hreinar vaxtatekjur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Vaxtatekjur:		
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	7.394	6.671
Útlán og kröfur	43.303	40.331
Veltufjáreignir	980	1.957
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	1.558	1.672
Aðrar eignir	179	185
Vaxtatekjur samtals	53.414	50.816
Vaxtagjöld:		
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	(517)	(479)
Innlán viðskiptavina	(18.240)	(16.919)
Lántaka	(5.427)	(4.750)
Víkjandi lán	(1.015)	(911)
Aðrar fjárskuldir	(147)	(295)
Önnur vaxtagjöld	(58)	(357)
Vaxtagjöld samtals	(25.404)	(23.711)
Hreinar vaxtatekjur	28.010	27.105
Vaxtamunur (hlutfall hreinna vaxtatekna af meðaleignum)	2,9%	3,0%

Hreinar þóknatekjur

12. Hreinar þóknatekjur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Þóknatekjur:		
Eignastýring	1.778	1.683
Fjárfestingarbanki og verðbréfavíðskipti	2.132	1.833
Greiðslumiðlun	13.664	11.627
Útlán og ábyrgðir	1.498	1.267
Aðrar þóknatekjur	1.665	1.574
Þóknatekjur samtals	20.737	17.984
Þóknagjöld:		
Millibankagjöld	-	(157)
Verðbréfavíðskipti	(121)	(128)
Uppgjör viðskipta	(7.415)	(6.179)
Önnur þóknagjöld	(31)	(37)
Þóknagjöld samtals	(7.567)	(6.501)
Hreinar þóknatekjur	13.170	11.483

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Hreinar fjármunatekjur

13. Hreinar fjármunatekjur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	1.375	7
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur	2.506	1.561
Hreinar fjármunatekjur	3.881	1.568

Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

14. Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum sundurliðast þannig:

	2015	2014
Hlutabréf og tengdar afleiður	487	(274)
Arðstekjur af veltufjáreignum	105	185
Skuldabréf og tengdar afleiður	530	(176)
Aðrir afleiðusamningar	253	272
Hreinn hagnaður af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	1.375	7

Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur

15. Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Hlutabréf	2.324	1.596
Skuldabréf	182	(35)
Hreinn hagnaður af fjáreignum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstur	2.506	1.561

Hreinn gengismunur

16. Hreinn gengismunur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Eignir:		
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	(136)	(42)
Veltufjáreignir	(4.315)	(1.314)
Útlán	(6.255)	1.989
Aðrar eignir	89	754
Samtals	(10.617)	1.387
Skuldir:		
Innlán	4.705	(2.246)
Vikjandi lán	1.787	584
Lántaka	2.918	1.106
Aðrar skuldir	(283)	(666)
Samtals	9.127	(1.222)
Hreinn gengismunur	(1.490)	165

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Aðrar rekstrartekjur

17. Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

	2015	2014
Þjónustusamningar	194	269
Leigutekjur af fasteignum	102	143
Leigutekjur af fullnustueignum	183	282
Lögfræðiþjónusta	171	148
Innleystur hagnaður af varanlegum rekstrarfjárumunum	23	242
Áhrif hlutdeildarféлага	63	27
Aðrar rekstrartekjur	366	1.011
Aðrar rekstrartekjur	1.102	2.122

Laun og launatengd gjöld

18. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

	2015	2014
Laun	10.869	10.193
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.585	1.491
Tryggingagjald og fjársýsluskattur*	1.507	1.460
Annað	205	163
Eignfærð innri vinna við þróun hugbúnaðar	(274)	-
Laun og launatengd gjöld	13.891	13.307

*Fjársýsluskattur reiknaður á laun var 5,5% (2014: 5,5%).

Samstæðan gjaldfærði 378 milljónir króna (2014: 358 milljónir króna) sem skuldbindingu vegna frammistöðutengdra greiðslna. Í samræmi við reglur FME nr. 700/2011 frestast hluti greiðslunnar í 3 ár hið minnsta. Launatengd gjöld eru innifalin í fjárhæðinni.

Laun byggð á frammistöðu eru byggð á reglum Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálfyrirtækja nr. 700/2011. Reglurnar endurspeglar varfærnislega umgjörð fyrir starfskjarasamninga innan fjármálageirans. Kaupaukakerfi skal miða að því að kaupaukar hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku, né vinni gegn langtímahagsmunum fyrirtækisins og stöðugleika fjármálakerfisins. Kaupaukakerfið skal samræmast sjónarmiðum um vernd viðskiptavina fyrirtækisins, kröfuhafa og hluthafa eða stofnfjáreigenda og samræmast að öðru leyti eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Í reglunum er kveðið á um að samtala veitts kaupauka til starfsmanns, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, megi á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Fresta skal greiðslu á a.m.k. 40% af kaupauka um að lágmarki þrjú ár ef kaupauki nemur hærri fjárhæð en 10% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Áhættustýring, regluvarsla og innri endurskoðandi skulu endurmeta og greina hvort kaupaukakerfi samræmist starfskjarastefnu fyrirtækisins og reglum Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt reglunum er óheimilt að greiða starfsmönnum í þessum deildum árangurstengd laun.

19. Fjöldi starfsmanna skiptist þannig:

	31. desember 2015		31. desember 2014	
	Móðurfélag	Samstæðan	Móðurfélag	Samstæðan
Meðalfjöldi starfsmanna	958	1.222	990	1.253
Stöðugildi í árslok	919	1.184	945	1.206

Í meðalfjölda starfsmanna samstæðunnar árið 2015 eru 108 starfsmenn (2014: 114 starfsmenn) vegna aflagðrar starfsemi. Laun þeirra eru ekki hluti af launum og launatengdum gjöldum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Starfskjör stjórnar og stjórnenda

20. Laun stjórnar, bankastjóra og framkvæmdastjóra sundurliðast þannig:

	Laun	
	2015	2014
Friðrik Sophusson, stjórnarformaður	9,0	7,5
Marianne Økland, varaformaður	6,6	5,4
Árni Tómasson, stjórnarmaður	6,2	5,4
Eva Cederbalk, stjórnarmaður	5,2	-
Gunnar Fjalar Helgason, stjórnarmaður	1,2	-
Helga Valfells, stjórnarmaður	6,2	5,8
Neil Graeme Brown, stjórnarmaður	6,6	5,4
John E. Mack, fyrrverandi varaformaður	1,6	5,4
Daniel Levin, fyrrverandi stjórnarmaður	-	3,6
María E. Ingvadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	-	4,1
Þórunna Jónsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	4,5	5,8
Varamenn í stjórn	0,2	-
Samtals	47,2	48,4

	2015		2014	
	Laun	Frammistöðutengdar greiðslur*	Laun	Frammistöðutengdar greiðslur*
Birna Einarsdóttir, bankastjóri	43,7	7,2	38,6	4,8
8 framkvæmdastjórar	221,3	29,1	198,7	22,4

*Í reglum Fjármálaeftirlitsins um kaupauka er kveðið á um að samtala veitts kaupauka til starfsmanns, að meðtöldum þeim hluta greiðslu sem er frestað, megi á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Fresta skal greiðslu á a.m.k. 40% af kaupauka um að lágmarki þrjú ár. Segi starfsmaðurinn upp starfi sínu, á hann ekki lengur rétt á hinum frestaða kaupauka. Árið 2015 var í fyrsta sinn greiddur út frestaður kaupauki, 40% eftirstöðvar frá árinu 2011.

Launatengd gjöld og önnur hlunnindi bankastjóra, stjórnar og framkvæmdastjórnar á árinu 2015 námu 64,3 milljónum króna (2014: 52,9 milljónum króna). Engir kaupréttarsamningar voru gerðir árin 2015 og 2014.

Annar rekstrarkostnaður

21. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	2015	2014
Aðkeypt þjónusta	4.117	3.792
Fasteignir og aðrir fastafjármunir	2.795	2.714
Afskriftir og afskriftir óefnislegra eigna	808	963
Annar rekstrarkostnaður	2.149	2.125
Annar rekstrarkostnaður	9.869	9.594

Þóknun til endurskoðenda

22. Þóknun endurskoðenda er eftirfarandi:

	2015	2014
Endurskoðun ársreiknings samstæðu	113	94
Könnun árshlutareiknings	29	27
Önnur þjónusta	43	42
Þóknun til endurskoðenda	185	163

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Hrein virðisbreyting útlána

23. Hrein virðisbreyting útlána sundurliðast þannig:

	2015	2014
Gjaldfærð virðisrýrnun:		
Sértæk virðisrýrnun	(3.567)	(2.822)
Almenn virðisrýrnun	383	967
Gjaldfærð virðisrýrnun (sjá skýringu 31)	(3.184)	(1.855)
Hrein virðisbreyting útlána:		
Tekjur vegna endurmetins greiðsluflæðis útlána	11.319	10.665
Sértæk virðisrýrnun	(3.567)	(2.822)
Hrein virðisbreyting útlána fyrir almenna virðisrýrnun	7.752	7.843
Almenn virðisrýrnun	383	967
Samtals hrein virðisbreyting útlána	8.135	8.810

Hagnaður af aflagðri starfsemi

24. Hagnaður af aflagðri starfsemi:

	2015	2014
Hagnaður af sölu fullnustueigna	646	1.589
Hrein hlutdeild í afkomu aflagðrar starfsemi	653	(941)
Hagnaður af sölu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	27	3.488
Hagnaður af aflagðri starfsemi	1.326	4.136

Tekjuskattur

25. Tekjuskattur á lögaðila á árinu 2015 er 20%. Sérstakur fjársýsluskattur, sem reiknast 6% af tekjuskattsstofni yfir 1 milljarð króna. Virkur tekjuskattur samstæðunnar árið 2015 er 23,3%. Tekjuskattur færður á rekstrarreikning samanstandur af:

	2015	2014
Tekjuskattur til greiðslu	4.027	4.423
Sérstakur fjársýsluskattur	1.046	1.275
Mismunur á álöögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs	(34)	(103)
Breyting á tímabundnum mismun skatteigna/skulda	812	644
Samtals	5.851	6.239

Virkt tekjuskattshlutfall greinist þannig:

	2015		2014	
Hagnaður fyrir skatta	25.103		24.853	
Reiknaður 20% tekjuskattur af hagnaði ársins	5.021	20,0%	4.971	20,0%
Sérstakur fjársýsluskattur	1.046	4,2%	1.275	5,1%
Tekjur undanþegnar sköttum	(820)	(3,3%)	(976)	(3,9%)
Ófrádráttarþær kostnaður	565	2,3%	471	1,9%
Aðrir liðir	39	0,2%	498	2,0%
Tekjuskattur	5.851	23,3%	6.239	25,1%

Samstæðan er samsköttuð með dótturfélagi sínu Íslandssjóðum hf. Skattskyldum tekjum dótturfélagsins er því bætt við skattskyldar tekjur móðurfélagsins og þau skattlögð sem einn aðili. Aðeins er hægt að beita samsköttun við útreikning tekjuskatta. Ekki er hægt að nýta yfirfæranalegt skattalegt tap sem var tilkomið áður en skattayfivöld veittu heimild til samsköttunar nema til að nýta á móti sköttum þeirra aðila sem það varð til í.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Hagnaður á hlut

26. Hagnaður á hlut sundurliðast þannig:

	Aflögð starfsemi			
	Ekki meðtalin 2015	2014	Meðtalin 2015	2014
Hagnaður sem tilheyrir hluthöfum Íslandsbanka hf.	18.674	17.604	20.000	21.740
Vegið meðaltal útistandandi hluta, í milljónum	10.000	10.000	10.000	10.000
Hagnaður á hlut	1,87	1,76	2,00	2,17

Engir gerningar voru í gildi í árslok 2015 eða 2014 sem kynnu að hafa þynningaráhrif á hagnað á hlut.

Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands

27. Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands sundurliðast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Sjóður	2.784	2.256
Innstæður hjá Seðlabanka Íslands aðrar en bindiskylda	15.458	10.738
Bundnar innstæður	183.539	80.843
Handbært fé og bundnar innstæður	201.781	93.837
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands	14.979	9.552
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	216.760	103.389

Meðalinnstæða á reikningnum í hverjum mánuði má ekki vera lægri en ákvæði laga um bindiskyldu kveða á um. Bindiskylda þann 31.12.2015 var 14.979 milljónir króna (31.12. 2014: 9.629 milljónir króna).

Afleiðusamningar og skortstöður

28. Afleiðusamningar og skortstöður:

31. desember 2015	Nafnverð tengt		Nafnverð tengt	
	Eignir	eignum	Skuldir	skuldum
Vaxtaskiptasamningar	533	13.687	1.435	37.340
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	1.138	26.212	148	10.209
Framvirkir hlutabréfasamningar	56	1.283	588	3.003
Framvirkir gjaldeyrissamningar	21	1.551	391	7.687
Gjaldeyrisskiptasamningar	82	9.918	236	17.034
Framvirkir skuldabréfasamningar	151	3.015	14	920
Valréttir skuldabréfa	-	-	96	25.000
Afleiðusamningar	1.981	55.666	2.908	101.193
Skortstöður í skráðum skuldabréfum	-	-	4.073	-
Samtals	1.981	55.666	6.981	101.193

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

28. (framhald)

31. desember 2014

	Eignir	Nafnverð tengt eignum	Skuldir	Nafnverð tengt skuldum
Vaxtaskiptasamningar	360	10.800	1.027	18.950
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	886	34.369	1.926	24.252
Framvirkir hlutabréfasamningar	144	1.605	117	1.482
Framvirkir gjaldeyrissamningar	16	1.468	97	3.695
Gjaldeyrisskiptasamningar	306	4.744	2	963
Framvirkir skuldabréfasamningar	98	4.371	15	1.100
Valréttir skuldabréfa	-	-	93	25.000
Afleiðusamningar	1.810	57.357	3.277	75.442
Skortstöður í skráðum skuldabréfum	-	-	686	-
Samtals	1.810	57.357	3.963	75.442

Samstæðan notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrissáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Samstæðan ber tiltölulega litla óbeina áhættu vegna skuldsettra viðskipta viðskiptavina þar sem hún hefur tekið veð vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar samstæðunnar vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

Skortstöður eru í skráðum ríkisskuldabréfum. Samstæðan hefur aðgang að lánaheimildum, sem aðalmiðlari í tengslum við verðbréf, sem veittar eru af Seðlabanka Íslands og Íbúðalánasjóði. Flestar skortstöður gjaldfalla innan árs og er hægt að gera þær upp með peningum á gjalddaga.

Útlán og kröfur

29. Útlán til lánastofnana	31.12.2015	31.12.2014
Peningamarkaðslán	3.888	10.889
Bankareikningar	31.646	24.183
Útlán til lánastofnana	35.534	35.072

30. Útlán til viðskiptavina - virðisrýrnun eftir atvinnugreinum:

31. desember 2015	Heildar- fjárhæð	Sértæk virðisrýrnun	Útlán að frádræginni virðisrýrnun
Útlán til viðskiptavina:			
Einstaklingar	276.053	(3.443)	272.610
Verslun og þjónusta	90.956	(1.175)	89.781
Byggingariðnaður	24.815	(1.802)	23.013
Orkuiðnaður	3.737	-	3.737
Fjármálastarfsemi	105	-	105
Iðnaður og flutningar	63.589	(2.863)	60.726
Fjárfestingarfélag	21.643	(2.281)	19.362
Opinberir aðilar og félagasamtök	13.878	-	13.878
Fasteignafélög	99.869	(775)	99.094
Sjávarútvegur	86.938	(1.066)	85.872
Útlán til viðskiptavina fyrir almenna virðisrýrnun			668.178
Almenn virðisrýrnun			(2.467)
Útlán til viðskiptavina	681.583	(13.405)	665.711

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

30. (framhald)

	Heildar- fjárhæð	Sértæk virðisrýrnun	Útlán að fráðreginni virðisrýrnun
31. desember 2014			
Útlán til viðskiptavina:			
Einstaklingar	268.053	(5.205)	262.848
Verslun og þjónusta	83.590	(3.932)	79.658
Byggingariðnaður	21.472	(2.721)	18.751
Orkuiðnaður	7.315	-	7.315
Fjármálastarfsemi	121	-	121
Iðnaður og flutningar	63.019	(1.141)	61.878
Fjárfestingarfélag	15.531	(1.620)	13.911
Opinberir aðilar og félagasamtök	12.234	(18)	12.216
Fasteignafélag	100.774	(1.234)	99.540
Sjávarútvegur	82.449	(1.037)	81.412
Útlán til viðskiptavina fyrir almenna virðisrýrnun			637.650
Almenn virðisrýrnun			(2.851)
Útlán til viðskiptavina	654.558	(16.908)	634.799

31. Virðisrýrnun

Taflan hér að neðan sýnir breytingar á framlagi til virðisrýrnunar útlána.

	Sértæk virðisrýrnun	Almenn virðisrýrnun	Samtals
Staða 1. janúar 2015	16.908	2.851	19.759
Endanlegar afskriftir	(6.699)	-	(6.699)
Endurheimt áður afskrifuð lán	591	-	591
Höfuðstólsleiðrétting	(461)	-	(461)
Gjaldfærð virðisrýrnun	3.567	(383)	3.184
Annað	(501)	-	(501)
Staða 31. desember 2015	13.405	2.467	15.873

	Sértæk virðisrýrnun	Almenn virðisrýrnun	Samtals
Staða 1. janúar 2014	24.234	3.682	27.915
Leiðrétting vegna fyrri tímabila 1. janúar	(137)	137	-
Endanlegar afskriftir	(9.745)	-	(9.745)
Endurheimt áður afskrifuð lán	934	-	934
Höfuðstólsleiðrétting	(1.200)	-	(1.200)
Gjaldfærð virðisrýrnun	2.822	(967)	1.855
Staða 31. desember 2014	16.908	2.851	19.759

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

	31.12.2015	31.12.2014
32. Breytingar á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum:		
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum í byrjun árs	570	1.563
Viðbætur á árinu	33	62
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	63	27
Greiddur arður	23	-
Lækkun hlutfjár	-	(1.062)
Annað	27	(20)
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	716	570

33. Eignarhlutir samstæðunnar í helstu hlutdeildarfélögum eru eftirfarandi:

	Eignarhlutur 31.12.2015	Eignarhlutur 31.12.2014
FAST GP ehf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík	35,0%	35,0%
Atorka Group hf., Túngötu 14, 101 Reykjavík	26,8%	26,8%
Reiknistofa bankanna hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík	30,8%	30,8%
Auðkenni hf., Borgartúni 31, 105 Reykjavík	22,4%	20,9%

Fjárhagsupplýsingar vegna hlutdeildarféлага samstæðunnar eru eftirfarandi:

	31.12.2015	31.12.2014
Heildareignir	5.172	8.644
Heildarskuldir	(2.284)	(5.352)
Hrein eign	2.888	3.292
Hreinn eignarhlutur samstæðunnar í hlutdeildarfélögum	716	570

	2015	2014
Heildartekjur	4.605	4.620
Heildartap hlutdeildarféлага á árinu	(613)	(1.232)

Fjárfestingar í dótturfélögum

34. Mikilvæg dótturfélög:

	Staðsetning	Eignarhlutur 31.12.2015	Eignarhlutur 31.12.2014
Borgun hf., Ármúla 30, 108 Reykjavík	Ísland	63,5%	63,5%
Íslandssjóðir hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík	Ísland	100,0%	100,0%
Hringur eignarhaldsfélag ehf., Digranesvegi 1, 200 Kópavogur	Ísland	100,0%	100,0%
Allianz Ísland hf., Digranesvegi 1, 200 Kópavogur	Ísland	100,0%	100,0%
D-1 ehf., Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík	Ísland	100,0%	100,0%
22 önnur dótturfélög (LMF)			

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

35. Minnihluti í dótturfélögum

Eftirfarandi tafla sýnir upplýsingar um dótturfélag samstæðunnar sem hefur veruleg áhrif á heildarafkoma.

Borgun hf.

Hlutur minnihluta	36,5%	36,5%
	2015	2014
Lán og kröfur	4.329	4.118
Aðrar eignir	31.411	24.818
Skuldir	25.206	24.571
Hrein eign	10.534	4.365
Bókfært virði minnihluta	3.845	1.593
Tekjur	4.674	4.212
Hagnaður	1.523	1.316
Önnur heildarafkoma ársins (eftir skatta)	5.445	-
Samtals heildarafkoma	6.968	1.316
Hagnaður minnihluta	2.543	480
Rekstrarhreyfingar	1.490	3.300
Fjárfestingarhreyfingar	(574)	(485)
Fjármögnunarhreyfingar	(800)	-
Aukning handbærs fjár og ígildis þess	116	2.815

Borgun greiddi 800 milljónir króna í arð til hluthafa sinna á árinu 2015.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Upplýsingar um tengda aðila

36. Raunveruleg yferráð

Samstæðan hefur skilgreint ISB Holding ehf. sem þann aðila, sem fer með raunveruleg yferráð yfir samstæðunni en GLB Holding ehf. og Glitnir hf. hafa veruleg áhrif. Þetta er í samræmi við skilgreininguna á tengdum aðilum í IAS 24 Upplýsingar um tengda aðila og endurspeglast í viðskiptum tengdra aðila.

Ríkissjóður Íslands á 5% hlutfjár samstæðunnar gegnum Bankasýslu ríkisins. Félögum sem er stjórnað, lúta sameiginlegri stjórn eða eru undir miklum áhrifum af stjórnvöldum (félög sem lúta opinberri stjórn) eru ekki talin vera tengdir aðilar ef hvorugur aðili hefur raunveruleg áhrif á hinn og ef stjórnvöld hafa ekki raunveruleg áhrif á hvorn aðila fyrir sig í viðskiptum þeirra á milli. Viðskipti samstæðunnar við félög, sem lúta opinberri stjórn, á tímabilinu voru gerð á grundvelli almennra viðskiptakjara og eru því ekki talin viðskipti tengdra aðila.

Í lok janúar 2016 undirritaði Glitnir samkomulag um að greiða Seðlabanka Íslands og ríkissjóði stöðugleikaframlag slitabúsins. Hluti stöðugleikaframlagsins er 95% hlutur Glitnis í Íslandsbanka. Búið er við því að bankinn verði að fullu í eigu ríkissjóðs í lok fyrsta ársfjórðungs 2016. Þessi breyting er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og framsal eignarhalds fer ekki fram fyrr en slíks samþykkis hefur verið aflað.

Upplýsingar um handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands eru birtar í skýringu 27 og upplýsingar um innlán Seðlabanka Íslands eru birtar í skýringu 41.

Viðskipti tengdra aðila

Samstæðan hefur stöðu tengds aðila gagnvart hlutdeildarfélögum sínum, stjórn móðurfélagsins, og aðila með raunveruleg yferráð, framkvæmdastjórn samstæðunnar og nánum fjölskyldumeðlimum þeirra aðila sem hér eru taldir upp, sem og aðilum með yferráð og veruleg áhrif sem stærstu hluthafar samstæðunnar.

Öll lán til starfsmanna eru veitt á grundvelli almennra viðskiptakjara í samstæðunni. Stöðurnar taka ekki tillit til trygginga sem samstæðan er með.

Tengdir aðilar hafa átt viðskipti við samstæðuna á reikningstímabilinu sem hér segir:

Staða 31. desember 2015

Staða við tengda aðila:	Eignir	Skuldir	Staða	Ábyrgðir	Lánalínur og yfirdráttarheimildir
Hluthafar með yferráð yfir samstæðunni	-	(110)	(110)	-	-
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	359	(563)	(204)	-	67
Hlutdeildarfélög og aðrir tengdir aðilar	533	(479)	54	-	228
Staða við tengda aðila	892	(1.152)	(260)	-	295

Viðskipti við tengda aðila:	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld
Hluthafar með yferráð yfir samstæðunni	-	(4)	-	-
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	22	(18)	3	-
Hlutdeildarfélög og aðrir tengdir aðilar	37	(37)	43	-
Viðskipti við tengda aðila	59	(59)	46	-

Staða 31. desember 2014

Staða við tengda aðila:	Eignir	Skuldir	Staða	Ábyrgðir	Lánalínur og yfirdráttarheimildir
Hluthafar með yferráð yfir samstæðunni	-	(147)	(147)	-	-
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	430	(611)	(181)	27	77
Hlutdeildarfélög og aðrir tengdir aðilar	553	(1.316)	(763)	435	26
Staða við tengda aðila	983	(2.074)	(1.091)	462	103

Viðskipti við tengda aðila:	Vaxtatekjur	Vaxtagjöld	Aðrar tekjur	Önnur gjöld
Hluthafar með yferráð yfir samstæðunni	-	(111)	-	-
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	1.573	(29)	1.167	-
Hlutdeildarfélög og aðrir tengdir aðilar	47	(29)	26	-
Viðskipti við tengda aðila	1.620	(169)	1.193	-

Framlag til virðisrýrnunar sem nemur -1 milljón króna (2014: -165 milljónum króna) var fært á árinu á móti útistandandi viðskiptakröfum á hlutdeildarfélög. Engir kaupréttarsamningar voru gerðir árið 2015. Starfskjör tengdra aðila eru tilgreind í skýringu 20.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Rekstrarfjármunir

37. Rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

Staða 31. desember 2015	Fasteignir og lóðir	Vélar, áhöld og bifreiðar	Samtals
Upphaflegt kostnaðarverð			
Staða í byrjun árs	6.753	4.533	11.286
Viðbætur á árinu	169	574	743
Selt á árinu og niðurfært	(135)	(224)	(359)
Staða 31. desember 2015	6.787	4.883	11.670
Uppsafnaðar afskriftir			
Staða í byrjun árs	(1.440)	(2.444)	(3.884)
Afskrifað á árinu	(109)	(507)	(616)
Selt á árinu og niðurfært	10	164	174
Staða 31. desember 2015	(1.539)	(2.787)	(4.326)
Bókfært virði 31. desember 2015	5.248	2.096	7.344
Afskriftarhlutföll	0-2%	8-33%	
Fasteignamat bygginga og lóða			4.076
Tryggingavirði bygginga 31. desember 2015			5.929
Tryggingavirði innréttinga, áhalda og bifreiða 31. desember 2015			2.261
Staða 31. desember 2014	Fasteignir og lóðir	Vélar, áhöld og bifreiðar	Samtals
Upphaflegt kostnaðarverð			
Staða í byrjun árs	7.843	4.402	12.245
Viðbætur á árinu	376	382	758
Selt á árinu og niðurfært	(1.466)	(251)	(1.717)
Staða 31. desember 2014	6.753	4.533	11.286
Uppsafnaðar afskriftir			
Staða í byrjun árs	(1.386)	(2.087)	(3.473)
Afskrifað á árinu	(120)	(512)	(632)
Selt á árinu og niðurfært	66	155	221
Staða 31. desember 2014	(1.440)	(2.444)	(3.884)
Bókfært virði 31. desember 2014	5.313	2.089	7.402
Afskriftarhlutföll	0-2%	8-33%	
Fasteignamat bygginga og lóða			4.091
Tryggingavirði bygginga 31. desember 2014			5.848
Tryggingavirði innréttinga, áhalda og bifreiða 31. desember 2014			2.300

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Óefnislegar eignir

38. Óefnislegar eignir sundurliðast þannig:

Staða 31. desember 2015	Keyptur hugbúnaður	Þróun hugbúnaðar	Samtals
Upphaflegt kostnaðarverð			
Staða í byrjun árs	940	202	1.142
Viðbætur á árinu og innri þróun	574	274	848
Staða 31. desember 2015	1.514	476	1.990
Uppsafnaðar afskriftir			
Staða í byrjun árs	(340)	(183)	(523)
Afskrift á árinu	(118)	(18)	(136)
Staða 31. desember 2015	(458)	(201)	(659)
Bókfært virði 31. desember 2015	1.056	275	1.331
Afskriftarhlutfall	25%	25%	
Staða 31. desember 2014			
Upphaflegt kostnaðarverð			
Staða í byrjun árs	478	200	678
Viðbætur á árinu og innri þróun	462	2	464
Staða 31. desember 2014	940	202	1.142
Uppsafnaðar afskriftir			
Staða í byrjun árs	(246)	(133)	(379)
Afskrift á árinu	(94)	(50)	(144)
Staða 31. desember 2014	(340)	(183)	(523)
Bókfært virði 31. desember 2014	600	19	619
Afskriftarhlutfall	25%	25%	

Aðrar eignir

39. Aðrar eignir sundurliðast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Kröfur	4.166	4.845
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	1.279	1.660
Áfallinn kostnaður	616	606
Fyrirframgreidd gjöld	265	213
Skatteign	21	521
Aðrar eignir	327	295
Aðrar eignir	6.674	8.140

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

40. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi sundurliðast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Fullnustueignir	5.471	8.592
Eignir vegna aflagðrar starfsemi	7.321	13.057
Samtals	12.792	21.649

Fullnustueignir:	31.12.2015	31.12.2014
Lóðir og fasteignir	5.427	8.176
Iðnaðartæki og atvinnubifreiðar	44	51
Hlutabréf og eiginfjárgæringar	-	365
Samtals	5.471	8.592

Samstæðan skilgreinir þann 31. desember 2015 eignir og skuldir eftirtalinna dótturfélaga: Fastengi ehf. (100%), Hafnargata 7 ehf. (100%), IG Invest ehf. (71,1%), Smyrlaheiði ehf. (100%), LT lóðir ehf. (100%), Geysir Green Investment Fund slhf. (100%), Gráhella ehf. (100%), ÍSB fasteignir ehf. (100%), Fergin ehf. (80%) og Frumherji hf. (80%), sem eignir og skuldir aflagðrar starfsemi í sölumeðferð.

Hlutabréf og eiginfjárgæringar eru hlutir í hlutdeildarfélögum, sem flokkuð eru sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.

Tekjuskattur vegna aflagðrar starfsemi nam 257 milljónum króna árið 2015.

Eignir vegna aflagðrar starfsemi:

	31.12.2015	31.12.2014
Handbært fé	592	150
Hlutabréf	775	775
Viðskiptakröfur	1.378	1.050
Fasteignir og land	2.044	6.820
Tækjabúnaður	178	411
Aðrar eignir	2.354	3.851
Samtals	7.321	13.057

Skuldir vegna aflagðrar starfsemi:

Skammtímaskuldir	77	80
Skattskuldir	325	121
Lántaka	2.299	2.284
Aðrar skuldir	124	305
Samtals	2.825	2.790

Þann 31. maí 2015 seldi samstæðan 100% af hlutafé sínu í Bréfabæ ehf., Fjárvara ehf. og Sævarhöfða ehf. Þann 1. október 2015 seldi samstæðan 100% af hlutafé sínu í Manston Properties Ltd. Þessi félög voru flokkuð sem aflögð starfsemi í sölumeðferð. Samstæðan hefur afskráð eignir og skuldir og aðra þætti sem tengjast dótturfélögunum. Allur hagnaður eða tap sem stafar af því að yfirráðum lýkur færast í rekstrarreikning undir liðinn Hagnaður af aflagðri starfsemi, að fráregnum tekjuskatti.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana

	31.12.2015	31.12.2014
41. Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana sundurliðast þannig:		
Endurhverf verðbréfavíðskipti við Seðlabanka Íslands	97	69
Innlán lánastofnana	25.534	25.727
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	25.631	25.796

Innlán viðskiptavina

	31.12.2015	31.12.2014
42. Innlán viðskiptavina sundurliðast þannig:		
Óbundin innlán	485.128	421.332
Bundin innlán	108.117	108.115
Innlán viðskiptavina	593.245	529.447

Óbundin innlán innihalda innlán sem eru laus til útborgunar innan þriggja mánaða.

43. Innlán viðskiptavina sundurliðast eftir eigendum þannig:				
		31.12.2015		31.12.2014
	Fjárhæð	Hlutfall	Fjárhæð	Hlutfall
Ríki og fyrirtæki í ríkiseign	9.274	2%	11.437	2%
Sveitarfélög	4.598	1%	4.428	1%
Önnur félög	364.651	61%	312.699	59%
Einstaklingar	214.722	36%	200.883	38%
Innlán viðskiptavina	593.245	100%	529.447	100%

Veðsettar eignir

	31.12.2015	31.12.2014
44. Veðsettar eignir vegna lántöku:		
Fjáreignir sem hafa verið veðsettar sem trygging fyrir skuldum	107.865	95.686
Fjáreignir sem hafa verið veðsettar sem trygging í erlendum bönkum	578	947
Veðsettar eignir vegna lántöku	108.443	96.633

Samstæðan hefur gefið út sértryggð skuldabréf samkvæmt íslenskum lögum, til allt að 12 ára, og hefur hluti af veðlánasafni samstæðunnar til viðskiptavina verið veðsettur sem trygging fyrir þeim. Lánasafnið þarf að standast vikuleg álagspróf hvað varðar vaxtakjör og gengisbreytingar. Samstæðan hefur einnig veðsett safn lána til viðskiptavina sem tryggingu fyrir eignavörðu skuldabréfi sem gefið var út af Seðlabanka Íslands.

Þá hefur samstæðan veðsett eignir í erlendum bönkum og fjármálastofnunum, einkum sem tryggingu fyrir viðskiptum sem byggja á alþjóðlegum skipta- og afleiðusamningum til að verjast markaðsáhættu.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Lántaka

45. Lántaka sundurliðast þannig:

31.12.2015 31.12.2014

	Útgefið	Loka- gjaldldagi	Greiðslu- skilmálar Vaxtakjör		
Sértryggð skuldabréf í ISK	2012-2013	2015	Á lokadegi Fastir, 6,398%	-	4.536
Sértryggð skuldabréf í ISK	2013-2014	2016	Á lokadegi Fastir, 6,2523%	2.852	2.770
Sértryggð skuldabréf í ISK	2014-2015	2019	Á lokadegi Fastir, 6,9299%	4.158	1.424
Sértryggð skuldabréf í ISK	2015	2023	Á lokadegi Fastir, 6,40%	5.559	-
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2011	2016	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 3,50%	4.421	4.336
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2012-2014	2019	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 2,84%	8.362	7.958
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2014-2015	2020	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 3,4699%	3.968	1.939
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2015	2022	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 2,98%	2.836	-
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2012-2014	2024	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 3,45%	11.113	10.356
Sértryggð skuldabréf í ISK - verðtryggð	2015	2026	Á lokadegi Fastir, Verðtryggt, 3,372%	6.408	-
Sértryggð skuldabréf				49.677	33.319
Óveðtryggð skuldabréf í SEK	2013,2014	2017	Á lokadegi Breytilegir, STIBOR + 4,00%	12.359	13.212
Óveðtryggð skuldabréf í EUR *	2014	2016	Á lokadegi Fastir, 3,00%	7.449	15.572
Óveðtryggð skuldabréf í SEK	2015	2019	Á lokadegi Breytilegir, STIBOR + 3,10%	9.280	-
Óveðtryggð skuldabréf í EUR	2015	2018	Á lokadegi Fastir, 2,875%	32.018	-
Óveðtryggð skuldabréf í NOK	2015	2018	Á lokadegi Breytilegir, NIBOR + 2,60%	7.365	-
Útgefin skuldabréf				68.471	28.784
Seðlabanki Íslands, veðtryggð í ISK				19.732	24.505
Víxlaútgáfa				9.992	4.356
Útgefin óskráð skuldabréf				-	3.306
Lán frá lánastofnunum				2	2
Önnur lántaka				2.434	2.617
Önnur lán / víxlaútgáfa				32.160	34.786
Lántaka				150.308	96.889

*Íslandsbanki keypti til baka útstandandi skuldabréf á árinu að fjárhæð 47,7 milljónum evra (að andvirði 6.794 milljónum króna) og 520 milljónum króna af sértryggðum skuldabréfum samtals 7.314 milljónir króna og hafði það minniháttar áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Upphæðir sértryggðra skuldabréfa innihalda ekki skuldabréf í eigu samstæðunnar sem haldin eru til hliðar vegna ákvæðis um verðbréfalán í viðskiotavakasamningnum.

Samstæðan hefur ekki lent í neinum vanskilum með afborganir af höfuðstól, vaxtagreiðslur eða gert sig seka um aðrar vanefndir vegna lántöku.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Víkjandi lán

46. Víkjandi lán sundurliðast þannig:

	Útgefið	Mynt	Gjalddagi	Bókfært virði 31.12.2015	Bókfært virði 31.12.2014
Lán sem teljast til eiginfjárbáttar B					
Víkjandi lán - óskráð	2009	EUR	31.12.2019	19.517	21.306
Víkjandi lán				19.517	21.306

Vextir á árinu 2015 voru 4,96% (2014: 4,1%).

Víkjandi lán er lán sem telst meðal eiginfjár í eiginfjárbætti B að fjárhæð 138 milljóna evra.

Víkjandi lán eru fjárskuldbindingar samstæðunnar sem samanstanda af skuldum í formi víkjandi lánsfjár sem, ef til slita samstæðu kæmi hvort sem er að eigin frumkvæði eða ekki, verða ekki endurgreiddar fyrr en eftir að kröfur almennra kröfuhafa hafa verið greiddar. Við útreikning eiginfjárlutfalls eru skuldabréfin talin sem hluti af eiginfjárbætti B. Víkjandi lán eru yfirleitt til 10 ára eða meira og til að tryggja að útistandandi heildar eigið fé samstæðunnar falli ekki skyndilega í kjölfar uppgreiðslu lánsins, gera eftirlitsaðilar kröfu um að víkjandi þættir séu afskrifaðir um 20% vegna eiginfjárbátta B síðustu 5 árin fyrir gjalddaga.

Skatteign og skattskuldir

47. Skattar í efnahagsreikningi:

	31.12.2015		31.12.2014	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
Skattskuldir	-	8.045	-	8.386
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding	21	313	521	2
Skattar í efnahagsreikningi	21	8.358	521	8.388

48. Breytingar á skatteign og tekjuskattsskuldbindingu á árinu eru eftirfarandi:

	Eignir	Skuldir
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding 1.1.2014	1.275	20
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2014	(5.331)	67
Tekjuskattur til greiðslu 2015	4.659	(66)
Leiðréttingar frá fyrra ári	(82)	(19)
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding 31.12.2014	521	2
Færsla frestaðrar skatteignar yfir á skattaskuldbindingu 1.1.2015	(507)	(507)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2015	(401)	4.456
Tekjuskattur til greiðslu 2016	408	(3.753)
Leiðréttingar frá fyrra ári	-	115
Skatteign og tekjuskattsskuldbinding 31.12.2015	21	313

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

49. Breytingar á tímabundnum mismun á árinu voru eftirfarandi:

Staða 31. desember

2015

	Staða 1. janúar	Fært í rekstrar- reikning	Staða í árslok	Skatteign	Tekjuskatts- skuldbinding
Varanlegir rekstrarfjármunir	(204)	7	(197)	19	(216)
Gengistryggðar eignir og skuldir	(187)	(31)	(218)	-	(218)
Aðrar óefnislegar eignir	693	(774)	(81)	-	(81)
Frestaður gengismunur	217	(12)	205	205	-
Yfirfæranlegt skattalegt tap	-	(1)	(1)	-	(1)
	519	(811)	(292)	224	(516)
Jöfnun skatteigna á móti tekjuskattsskuldbindingu sömu eignarhluta				(203)	203
Skatteign (skuld)	519	(811)	(292)	21	(313)

Staða 31. desember

2014

	Staða 1. janúar	Fært í rekstrar- reikning	Staða í árslok	Skatteign	Tekjuskatts- skuldbinding
Varanlegir rekstrarfjármunir	(212)	8	(204)	-	(204)
Gengistryggðar eignir og skuldir	(156)	(31)	(187)	-	(187)
Aðrar óefnislegar eignir	1.433	(740)	693	693	-
Frestaður gengismunur	127	90	217	218	(1)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	63	(63)	-	-	-
	1.255	(736)	519	911	(392)
Jöfnun skatteigna á móti tekjuskattsskuldbindingu sömu eignarhluta				(390)	390
Skatteign (skuld)	1.255	(736)	519	521	(2)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Aðrar skuldir

50. Aðrar skuldir sundurliðast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Áfallinn kostnaður	3.632	3.250
Skuldir til smásala vegna greiðslukorta	23.869	22.639
Skuldbinding vegna dómsmála*	1.665	2.808
Skuldbinding vegna ábyrgða og fleira**	207	1.629
Fjármagnstekjuskattur	2.072	1.623
Óuppgerð verðbréfavíðskipti	1.698	1.798
Frestaðar tekjur	130	192
Ýmsar skuldir	3.404	3.323
Aðrar skuldir	36.677	37.262

Skuldbinding:	*Skuldbinding vegna dómsmála	**Skuldbinding vegna ábyrgða og fleira	Samtals
Staða 1. janúar 2015	2.808	1.629	4.437
Skuldbindingar nýttar á árinu	(1.143)	-	(1.143)
Nýjar skuldbindingar og bakfærðar skuldbindingar ársins	-	(1.422)	(1.422)
Staða 31. desember 2015	1.665	207	1.872

Eigið fé

51. Hlutfé

Samstæðunni er heimilt að gefa út að hámarki 10 milljarða almennra hluta þar sem hver hlutur er jafnvirði einnar krónu. Þann 31.12.2015 nam innbargað hlutfé 65 milljörðum króna sem er útgefið heildarhlutfé samstæðunnar.

Útgefið hlutfé

	31.12.2015	31.12.2014
Innborgað hlutfé, 1 króna á hlut	10.000	10.000
Hlutfé	10.000	10.000

Samstæðan er með einn flokk almenns hlutafjár sem bera engin réttindi til fastra tekna.

Yfirverðsreikningur hlutafjár

	31.12.2015	31.12.2014
Yfirverðsreikningur hlutafjár	55.000	55.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	55.000	55.000

Samtals hlutfé

	31.12.2015	31.12.2014
Hlutfé	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	55.000	55.000
Samtals hlutfé	65.000	65.000

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

52.

	Varasjóðir
Varasjóðir 1.1.2014	2.471
Þýðingarmunur	64
Hreinn hagnaður af fjáreignum til sölu	-
Varasjóðir 31. desember 2014	2.535
Þýðingarmunur	9
Hreinn hagnaður af fjáreignum til sölu	3.458
Varasjóðir 31. desember 2015	6.002

Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga

53. Framtíðargreiðslur vegna rekstrarleigusamninga sundurliðast þannig eftir gjalddaga:

	31.12.2015	31.12.2014
Allt að 1 ári	240	240
1 - 5 ár	661	760
Eftir 5 ár	391	493
Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga	1.292	1.493

Samstæðan leigir fjölmargar húseignir undir útibú og skrifstofur samkvæmt rekstrarleigu. Dæmigerður leigutími er til 20 ára með framlengingarákvæði. Í sumum tilfellum er leigan byggð á vísitölu neysliverðs og breytist í samræmi við hana.

Eignir í vörslu

54. Eignir í vörslu:

	31.12.2015	31.12.2014
Eignir í vörslu	665.046	666.715

Eignum í vörslu er ekki stýrt af samstæðunni.

Óvissuþættir

55. Óvissuþættir

Skuldbindingar

Gengistryggðir lánasamningar

Frá árinu 2010 hefur Hæstiréttur Íslands kveðið upp nokkra dóma þar sem úrskurðað var að margir gengistryggðir lánasamningar brytu í bága við lög um vexti og verðtryggingu frá 2001. Á hinn bóginn hafa ekki fundist neinir gallar á öðrum samningsformum, þar á meðal algengasta samningnum um húsnæðislán, samkvæmt nokkrum dómurúrskurðum. Dómurúrskurðirnir í heild hafa verulega dregið úr óvissunni um það hvaða erlendu lán eru ólögleg og hvernig beri að endurreikna þau. Leiðréttingaferli samstæðunnar vegna þeirra lánasamninga sem úrskurðirnir hafa áhrif á er á lokastigum og eru síðustu samningar vegna eignaleigu til fyrirtækja.

Flest hinna óloknu dómsmála fjalla um gengistryggða lánasamninga með smávægilegum frávikum í skilmálum frá þeim samningum sem þegar hafa þrífaldlega verið úrskurðaðir löglegir. Flestum þessara mála verður lokið í héraðsdómi og Hæstarétti árið 2016, en nokkrum verður ekki lokið fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2017. Sum dómsmálin fjalla þó um svipaða samninga svo að eitt fordæmi getur leitt til þess að um önnur verði samið utan dómstóla. Samstæðan telur ólíklegt að þessir úrskurðir muni setja umtalsvert fordæmi fyrir aðra lánasamninga. Samstæðan telur því litlar líkur á að aftur verði þörf á umfangsmiklum endurútreikningi gengistryggðra lána.

Áhrif þessara dómurúrskurða og endurútreikningur lánasamninga í kjölfarið endurspeglast í verðmæti lána í ársreikningi samstæðunnar 31. desember 2015 þar sem samstæðan hefur fært heildarskuldbindingu að fjárhæð 1.665 milljónir króna (sjá skýringu 50).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

55. (framhald)

Óvissar skuldir

Lánasamningar með breytilegum vöxtum

Neytendastofa birti í september 2014 ákvörðun sína um mál vegna skilmála og upplýsinga sem tengjast veitingu neytendaveðláns með vaxtaendurskoðun af hálfu samstæðunnar árið 2005. Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að þeir skilmálar sem samstæðan, og fyrirrennarar hennar, bauð, varðandi aðferð og aðstæður við endurskoðun vaxta, brjóti í bága við ákvæði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán (sem leyst voru af hólmi með nýjum lögum í nóvember 2013). Neytendastofa álitur að skilmálarnir veiti ófullnægjandi skýringu á því með hvaða hætti vextir séu breytilegir og við hvaða aðstæður ákvörðun sé tekin um endurskoðun vaxtanna. Vitnað var í úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála frá 2009 sem fordæmi. Í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu ákvað samstæðan að fresta áformaðri vaxtabreytingu og viðskiptavinum var gefinn þess kostur að endurskipuleggja lán sín með viðeigandi skjölum sem hafa að fullu verið samræmd hinum nýju lögum um neytendalán.

Samstæðan er ósammála ákvörðun Neytendastofu um það atriði að löginn kalli á ítarlegri skýringar á niðurstöðu vaxtabreytingar. Í skilmálunum er skýrt kveðið á um það tímabil þegar samstæðan getur breytt vöxtunum og ennfremur að lántakandinn geti greitt upp lánið án uppgreiðslugjalds ef hann er ósáttur við breytinguna. Fordæmið sem Neytendastofa vitnaði í fól ekki í sér slíka skilmála. Í 12. grein hinna eldri laga um neytendalán er kveðið á um það að í þeim tilfellum þegar í lánssamningum eru ákvæði sem heimila breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skuli reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Í samræmi við það er tekið fram í greiðsluáætlun samstæðunnar að áætlunin sé byggð á gildandi vísitölu neysluverðs og vöxtum og þjónustugjöldum sem í gildi voru í samstæðunni á útgáfutíma. Samskonar skilmálum var beitt af hálfu allra helstu fjármálastofnana sem þjónuðu húsnæðislánamarkaðnum á þeim tíma, þar á meðal Íbúðalánasjóðs.

Samstæðan hefur áfrýjað málinu til dómstóla. Þess er vænst að dómsmálinu verði lokið síðla árs 2016. Ekki er auðvelt að mæla afleiðingar óhagstæðrar niðurstöðu fyrir samstæðuna. Samstæðan hefur ekki fært neina skuldbindingu vegna mögulegs taps vegna úrskurðarins. Vegna endurfjármögnunar og greiðslna fyrir gjalddaga fækkar umræddum samningum í hverjum mánuði.

Formleg rannsókn Samkeppniseftirlitsins vegna meints brots Íslandsbanka á samkeppnislögum

Samkeppniseftirlitið („SKE“) hefur hafið rannsókn vegna meintra brota samstæðunnar á samkeppnislögum nr. 44/2005. Efni rannsóknarinnar er ennþá trúnaðarmál.

SKE hefur óskað eftir og fengið upplýsingar frá samstæðunni og hefur, í kjölfar skoðunar sinnar, sent samstæðunni andmælaskjal. SKE álitur að brotin séu viðtæk, að þau hafi staðið yfir um alllangt skeið og að þau varði mikilvæga markaði. Andmælaskjalið er eitt stig í meðferð málsins og felur ekki í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Samstæðan er ósammála niðurstöðum SKE og hefur kynnt athugasemdir sínar. Ef niðurstöður SKE reynast endanlegar, kunna þó veruleg viðurlög að koma til álitu, samkvæmt 37. grein samkeppnislaganna. Samstæðan hefur ekki fært skuldbindingu í tengslum við þetta mál.

Formleg beiðni um upplýsingar frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna meintrar ólögætrar ríkisaðstoðar

Þann 22. október 2013 fór Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority, „ESA“), í kjölfar kvörtunar, formlega fram á upplýsingar um meinta ólögætra ríkisaðstoð til samstæðunnar með langtímafjármögnun á hagstæðum kjörum af hálfu Seðlabanka Íslands. Fjármögnunin var í formi 55 milljarða króna skuldbréfs til tíu ára, sem gefið var út til Seðlabanka Íslands. Staðhæft er að fjármögnunin hafi verið veitt á hagstæðari vöxtum en þáverandi markaðsvöxtum.

Íslensk stjórnvöld og samstæðan hafa sent allar viðeigandi upplýsingar og athugasemdir sínar samkvæmt beiðni ESA, til að hægt sé að ákvarða hvort ráðstafanirnar sem kvartað er yfir feli í sér ríkisaðstoð eða ekki í skilningi 61. greinar EES-samningsins eða heyri undir undantekningu samkvæmt grein 61(2) eða(3) í EES-samningnum. Báðir aðilar staðhæfa að ráðstafanirnar, sem kvörtunin snýst um, geti ekki talist ríkisaðstoð í skilningi greinar 61(1) í EES-samningnum, þar sem umrædd fjármögnun var veitt á vöxtum sem verða að teljast markaðsvextir á þeim tíma og voru raunar hagstæðir Seðlabankanum. Fallist ESA ekki á það, verði þó að líta á ráðstafanirnar sem ríkisaðstoð sem samræmist framkvæmd EES-samningsins samkvæmt grein 61(3) (b) í EES-samningnum og samstæðan kann að þurfa að endurgreiða Seðlabankanum fjárhæð, sem jafngildir mismuninum milli markaðsvaxta og vaxta skuldbréfsins. Samstæðan hefur ekki fært skuldbindingu í tengslum við þetta mál.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Árið 2010 bar samstæðunni samkvæmt fyrri löggjöf að gefa Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta ábyrgðaryfirlýsingu sem heimilt var að ganga að ef eignir sjóðsins dygðu ekki fyrir tilskilinni lágmarksfjárhæð. Í samræmi við þetta gaf samstæðan út ábyrgðaryfirlýsingu um framtíðarskuldbindingar sem námu 3.724 milljónum króna. Samstæðan viðurkenndi ekki skuldbindingu í yfirlýsingum sínum um fjárhagsstöðu vegna þessarar yfirlýsingar sem er nú álitin ógild. Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um að gefa þurfi út slíka ábyrgðaryfirlýsingu. Þó ríkir áfram nokkur óvissa um gildi hennar í tengslum við töp sem urðu á tímabilinu frá október 2008 til júní 2012.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

55. (framhald)

Óvissar eignir

Uppgjör vegna yfirtöku á Byr árið 2011

Samstæðan yfirtók Byr hf. (fyrrum sparisjóð) árið 2011 af skilaneind sparisjóðsins („nefndinni“) og Efnahags- og viðskiptaráðuneyti Íslands („ráðuneytinu“). Samkvæmt viðtekinni venju áskildi samstæðan sér rétt til að endurmeta gangvirði hreinna eigna sem yfirteknar höfðu verið og krefjast endurgreiðslu ef gangvirði hreinna eigna var ekki í samræmi við það sem fram kom í reikningskilum Byrs. Á grundvelli þessa setti samstæðan fram kröfu á hendur nefndinni í júní 2013 sem nam 6.943 milljónum króna auk vaxta. Krafan er lögð inn sem forgangskrafa, samkvæmt 110. grein laga nr. 21/1991. Nefndin hafnaði kröfunni með bréfi dagsettu 30. september 2013. Ákveðið var á fundi kröfuhafa í desember 2013 að nefndin skyldi vísa deilunni til Héraðsdóms Reykjavíkur. Formleg krafa sem nemur 911 milljónum króna auk vaxta var sett fram á hendur ráðuneytinu 24. september 2014. Báðar kröfurnar hafa nú verið teknar fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ennfremur hefur Héraðsdómur skipað tvo óháða matsmenn, að beiðni samstæðunnar, til að leggja formlegt mat á kröfu samstæðunnar gagnvart ráðuneytinu og nefndinni. Þess er vænst að lokið verði við matið fyrir lok annars ársfjórðungs 2016. Málarekstur fyrir dómstólum mun því væntanlega hefjast á öðrum eða þriðja ársfjórðungi 2016. Samstæðan hefur ekki fært neinar tekjur sem tengjast þessari kröfu.

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti nauðasamning Byrs sparisjóðs 8. janúar 2016. Í samningum er að finna fyrirvara vegna kröfu Íslandsbanka og ekki er búist við að hann hafi áhrif á þann málarekstur sem lýst er hér að framan.

Annað

Verðtryggð lán

Þann 13. maí 2015 kvað Hæstiréttur upp úrskurð í máli sem fjallaði um bindingu höfuðstóls veðláns samnings við vísitölu neysluverðs. Stefnandi hélt því fram að með því að gera ráð fyrir engri verðbólgu í greiðsluáætlun og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, hefði samstæðan brotið í bága við Tilskipun 93/13/EBE („Tilskipunina“). Málið fékk einfalda flýtimeðferð vegna þess að það fól aðeins í sér ágreining um framkvæmd. Dómurinn staðfesti fyrri úrskurð héraðsdóms sem dæmdi samstæðunni í hag, að mestu leyti á grundvelli sömu röksemda. Varðandi notkun núll-verðbólguþáttar, viðurkenndi dómurinn að nokkurs misræmis hefði gætt þegar innlend löggjöf var lögð að Tilskipuninni um neytendalán árið 1994. Þrátt fyrir að túlka bæri íslensk lög eins nálægt lögum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins og mögulegt væri, væri slík túlkun ekki þyngri á metunum en sú merking sem leiðir af orðalagi íslensku laganna sem kveða á um að leyfilegt sé að gera ráð fyrir að verðbólga muni haldast óbreytt þegar árleg hlutfallstala kostnaðar er reiknuð í greiðsluáætluninni.

Atburðir eftir reikningskiladag

56. Í lok janúar 2016 undirritaði Glitnir samkomulag um að greiða Seðlabanka Íslands og ríkissjóði stöðugleikaframlag sliðabúsins. Hluti af stöðugleikaframlaginu er 95% hlutur Glitnis í Íslandsbanka. Ríkissjóður átti fyrir 5% hlut í Íslandsbanka þess vegna er gert ráð fyrir að bankinn verði að fullu í eigu ríkissjóðs í lok fyrsta ársfjórðungs 2016. Þessi breyting er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og framsal eignarhalds fer ekki fram fyrir en slíks samþykkis hefur verið aflað.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Áhættustýring

57. Áhættustýring og innra eftirlit

Viðskipti Íslandsbanka með fjármálagerninga fela í sér margvíslega áhættu og er áhættustýring óaðskiljanlegur hluti af starfsemi bankans. Áhættustýring og innra eftirlit Íslandsbanka byggist á þremur varnarlínum (e. three lines of defence) og miðar að upplýstri ákvarðanatöku og virkri áhættuvitund innan bankans.

Stjórnskipulag Íslandsbanka er tvískipt. Stjórn bankans ber ábyrgð á eftirliti með því að starfsemi og skipulag bankans sé í samræmi við innri og ytri reglur en bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri.

Stjórn bankans ber ábyrgð á að innviðir áhættustýringar bankans séu fullnægjandi. Stjórn ákvarðar áhættuvilja bankans sem er útfærður nánar í stefnuskjölum um áhættustýringu, sem samþykkt eru af stjórn.

Bankastjóri ber ábyrgð á að þróa og viðhalda fullnægjandi og skilvirkri áhættustýringu og innra eftirliti hjá Íslandsbanka. Að auki skipar bankastjóri framkvæmdastjórn, þar með talið framkvæmdastjóra áhættustýringar, áhættunefnd, efnahagsnefnd og fjárfestingarráð.

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og stýrir Innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðandi er ábyrgur fyrir málefnum sem tengjast innri endurskoðun hjá bankanum, þar með talið útvistaðri þjónustu. Innri endurskoðun er ekki ábyrg fyrir innra eftirliti eða framkvæmd þess heldur veitir bankanum óháð og hlutlægt álit og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Hún leggur mat á og stuðlar að bættri virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttá. Yfirlitsskýrslum er reglulega skilað til endurskoðunarnefndar bankans, stjórnar og ytri eftirlitsaðila. Auk þess stýrir Innri endurskoðun rannsóknnum ef grunur leikur á sviksemismálum innan bankans.

Bankanum ber, sem fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta og útgefandi skráðra fjármálagerninga, að starfrækja regluvörðslu. Regluvörður bankans er ráðinn af bankastjóra með samþykki stjórnar. Regluvörður bankans ber ábyrgð á reglulegu eftirliti og metur hæfi og skilvirkni bankans í samræmi við íslenska löggjöf um verðbréfavíðskipti og peningaþvætti.

Framkvæmdastjóri Áhættustýringar er ábyrgur fyrir daglegum verkefnum áhættustýringar bankans og metur hvort fagkunnátta starfsmanna sviðsins sé fullnægjandi. Framkvæmdastjóri Áhættustýringar skipuleggur áhættustýringu innan bankans og tryggir að skipulag og úrræði bankans til að stýra áhættu séu viðunandi. Framkvæmdastjóri Áhættustýringar situr að auki í framkvæmdastjórn bankans.

Áhættustýring ber ábyrgð á að þróa umgjörð og viðhalda stefnuskjölum í tengslum við áhættustýringu og innra eftirlit. Áhættustýring ber ábyrgð á að fræða starfsfólk um stefnuskjöl og reglur bankans og að veita yfirmönnum viðskiptaeininga stuðning varðandi atriði tengd áhættustýringu.

Áhættustýring veitir ráðgjöf varðandi áhættu og áhættumat og ber ábyrgð á þróun og viðhaldi áhættumatslíkana bankans sem og öðrum umbótum sem tengjast áhættustýringu og innra eftirliti innan bankans.

Áhættustýring sér um skýrslugjöf um áhættuþætti og stöðu áhættumælikvarða til innri og ytri hagsmunaaðila og tryggir viðeigandi viðbrögð við brotum á áhættumörkum.

Áhættustýring er óháð öðrum starfseiningum bankans. Tilvist sérstakrar áhættustýringardeildar leysir stjórnendur bankans þó ekki undan þeirri ábyrgð að stýra áhættu sem tengist starfseiningum þeirra.

58. Nefndir um áhættustýringu

Framkvæmdastjórn, Áhættunefnd, Efnahagsnefnd og Fjárfestingarráð bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans. Skipan nefnda er ákveðin af bankastjóra og er umboð þeirra og starfsreglur skjalfestar og kynntar fyrir stjórn.

Framkvæmdastjórn bankans ber ábyrgð á umgjörð áhættustýringar varðandi rekstraráhættu og hefur yfirumsjón með stefnuskjali bankans um rekstraráhættu. Auk þessa hefur framkvæmdastjórn eftirlit með orðsporsáhættu, viðskiptaáhættu og stefnumótunaráhættu. Samþykkt framkvæmdastjórnar á hugmyndum að nýjum vörum og þjónustu er forsenda frekari vörubrúnar samkvæmt formlugu vörusamþykktarferli bankans.

Áhættunefnd fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu þar meðtalinni samþjöppunaráhættu vegna útlána. Áhættunefnd hefur yfirumsjón með stefnuskjali bankans um útlánaáhættu og öðrum reglum og ferlum sem tengjast útlánaáhættu. Áhættunefnd getur falið undirnefndum valdheimildir er varða útlánamál auk þess sem nefndin ákvarðar útlánaheimildir einstakra starfsmanna.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

58. (framhald)

Áhættunefnd eða undirnefndir hennar taka afstöðu til einstakra mála sem varða útlán eða mótaðilaáhættu í samræmi við heimildir viðkomandi nefndar. Ákvörðunum er varða áhættuskuldbindingar umfram heimildir einstakra nefnda er vísað til æðri nefndar. Stjórn getur veitt Áhættunefnd auknar heimildir vegna einstakra mála. Allar lánveitingar eða aðrar áhættuskuldbindingar sem samþykktar eru af Áhættunefnd eða undirnefndum hennar byggja á tillögu frá einni af viðskiptaæiningum bankans og ber viðkomandi viðskiptaæining ábyrgð á þeirri áhættu sem í ákvörðuninni felst.

Áhættunefnd ber einnig ábyrgð á að samþykkja vörur og þjónustu samkvæmt formlegu vörusamþykktarferli innan bankans.

Efnahagsnefnd hefur umsjón og eftirlit með annarri fjárhagslegri áhættu en útlánaáhættu, þ.m.t. markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og vaxtaáhættu í fjárfestingarbók. Efnahagsnefnd setur viðmið fyrir þessa áhættuþætti, útfærir stefnuskjöl bankans varðandi markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og mat á eiginfjárförf og leggur fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur einnig yfirsýningu með fjármögnunarstefnu bankans og innri verðlagningu.

Fjárfestingarráð tekur ákvarðanir um kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga, t.d. í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

Útlánaáhætta

59. Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á tapi fyrir samstæðuna ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Í þessu felst hættan á að viðskiptavinur lendi í greiðsluþroti, að endurheimtur verði minni en vænst er, landfræðileg áhætta, uppgjörsáhætta og áhætta vegna samþjöppunar í lánasafni.

Samþjöppunaráhætta er heiti á þeirri áhættu sem skapast þegar sameiginlegir áhættuþættir einkenna marga viðskiptavini bankans, svo sem atvinnugrein, efnahagslíf, landfræðileg staðsetning, tegund fjármálagerninga eða vegna innbyrðis tengsla mótaðila. Stórar áhættuskuldbindingar til einstakra aðila eða til hóps tengdra viðskiptavina þar sem greiðsluþrot eins eykur verulega líkur á greiðsluþroti annarra aðila í hópnum eru meðhöndlaðar sem samþjöppunaráhætta.

Útlánaáhætta skapast fyrst og fremst vegna útlána samstæðunnar og fyrirgreiðslu til viðskiptavina og lánastofnana en einnig vegna innstæðna hjá Seðlabanka Íslands og liða utan efnahagsreiknings eins og ábyrgða, lánsloforða og afleiðusamninga.

Íslandsbanki hefur markað sér stefnu varðandi útlánaáhættu og komið á fót ferli til þess að mæla áhættuna og stýra henni. Markmið útlánaáhættustýringar bankans er að ná jafnvægi milli áhættu og arðsemi og lágmarka neikvæð áhrif útlánaáhættu á fjárhagslega afkomu samstæðunnar.

Grunnurinn að öllum ákvörðunum í lánamálum hvílir á ítarlegri greiningu á fjárhagsstöðu mótaðila, greiningu á núverandi greiðsluflæði og mati á framtíðargreiðsluflæði ásamt almennri getu lántaka til þess að endurgreiða skuldbindingar sínar. Bankinn stýrir útlánaáhættu með því að setja mörk sem miðast við einstaka lántakendur, hópa lántakenda, lönd og atvinnugreinar. Bankinn mælir útlánaáhættu fyrir hvern mótaðila eða hóp tengdra viðskiptavina í samræmi við innri og ytri viðmið um tengda aðila.

Bankinn beitir margvíslegum reglum og verklagi til að draga úr útlánaáhættu. Hefðbundna leiðin er að taka veð í eignum lántakanda. Helstu tegundir trygginga fyrir lánnum eru fasteignir, farartæki, tæki, skip og verðbréf. Þegar það á við er öðrum ráðum beitt til að draga úr útlánaáhættu.

60. Hámarksútlánaáhætta

Bæði eignir sem koma fram á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags skapa útlánaáhættu fyrir samstæðuna. Hámark útlánaáhættu vegna eigna sem fram koma á efnahagsreikningi er mælt með því að líta á bókfært virði eignanna áður en almenn virðisrýrnun hefur verið dregin frá, sjá skýringu 30. Hámark útlánaáhættu vegna skuldbindinga utan efnahags er mælt með því að líta til hámarksfjárhæðar sem samstæðan er skuldbundinn til að lána sé eftir því óskað, eða greiða vegna ábyrgða, að frádregnum varúðarfærslum vegna þeirra. Hámarksútlánaáhætta vegna afleiðusamnings er reiknuð út með því að bæta framtíðar útlánaáhættu við markaðsvirði samningsins eins og því er lýst í kafla 6 í reglugerð Evrópuþingsins nr. 575/2013.

Útlánaáhætta er sundurliðuð eftir atvinnugreinum fyrir neðan. Samstæðan notar innri atvinnugreinaflokkun sem er byggð á ISAT2008 atvinnugreinaflokkuninni en hún er byggð á flokkunarviðmiðum European NACE Rev. 2.

Útlánaáhætta samstæðunnar, áður en tekið hefur verið mið af tryggingum eða öðrum þáttum sem draga úr útlánaáhættu, er sem hér segir:

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Útlánaáættta

60. Hámarksútlánaáættta:

Hámarksútlánaáættta 31.12.2015

	Einstaklingar	Ríkisstofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- lónaður	Orkuíðnaður	Fjármála- starfsemi	lónaður og flutningar	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagasamtök	Fasteigna- félög	Sjávarútvegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	216.760	-	-	-	-	-	-	-	-	-	216.760
Skuldabréf og skuldagerðingar	-	72.876	1.530	-	-	3.067	306	506	16	304	-	78.605
Aflæðusamningar	5	-	23	-	1.208	3.073	22	15	-	13	53	4.412
Útlán til lánaðstofnana	-	-	-	-	-	35.534	-	-	-	-	-	35.534
Útlán til viðskiptavina	272.610	-	89.781	23.013	3.737	105	60.726	19.362	13.878	99.094	85.872	668.178
Yfirdráttarlán	11.931	-	9.632	3.924	15	37	6.223	1.047	790	3.408	1.647	38.654
Greiðslukort	15.847	-	1.448	201	4	27	391	33	127	51	37	18.166
Húsnæðislán	197.307	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	197.307
Eignaleigusamningar	10.842	-	20.913	2.037	9	1	6.527	197	121	1.224	247	42.118
Önnur lánsform	36.683	-	57.788	16.851	3.709	40	47.585	18.085	12.840	94.411	83.941	371.933
Aðrar fjáreignir	233	12	137	3	1	4.234	14	80	1	738	82	5.535
Liðir utan efnahags:												
Fjárhagslegar ábyrgðir	1.406	-	3.445	2.592	-	1.668	1.831	52	29	219	363	11.605
Óáðregnar lánalínur	-	-	1.385	9.339	10.222	-	11.207	757	-	4.226	5.549	42.685
Ónýttar yfirdráttarheimildir	9.636	-	9.007	1.834	209	3.198	3.103	404	2.482	1.595	1.663	33.131
Ónýttar greiðslukortahæðir	25.360	2	3.677	520	36	169	998	162	802	227	162	32.115
Hámarksútlánaáættta	309.250	289.650	108.985	37.301	15.413	51.048	78.207	21.338	17.208	106.416	93.744	1.128.560

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

60. (framhald)

Hámarksútlánaáættta 31.12.2014

	Einstaklingar	Ríkisstofnanir	Verslun og þjónusta	Byggingar- iðnaður	Orkuíðnaður	Fjármála- starfsemi	Iðnaður og flutningar	Fjárfestingar- félög	Opinberir aðilar og félagasamtök	Fasteigna- félög	Sjávarútvegur	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	103.389	-	-	-	-	-	-	-	-	-	103.389
Skuldabréf og skuldageringar	-	79.834	-	-	291	5.785	-	890	251	296	-	87.347
Afleðusamningar	28	-	423	17	805	2.644	28	16	121	49	-	4.131
Útlán til lánaðfarna	-	-	-	-	-	35.072	-	-	-	-	-	35.072
Útlán til viðskiptavina	262.848	-	79.658	18.751	7.315	121	61.878	13.911	12.216	99.540	81.412	637.650
Yfirdráttarlán	12.751	-	10.075	3.432	34	60	4.762	549	1.343	2.164	2.058	37.228
Greiðslukort	15.583	-	1.334	156	4	23	355	29	132	43	31	17.690
Húsnæðislán	186.583	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	186.583
Eignaleigusamningar	10.241	-	15.559	2.581	-	1	5.960	213	196	1.249	231	36.231
Önnur lánsform	37.690	-	52.690	12.582	7.277	37	50.801	13.120	10.545	96.084	79.092	359.918
Aðrar fjäreignir	183	-	809	205	1	4.163	12	224	4	866	100	6.567
Liðir utan efnahags:												
Fjárhagslegar ábyrgðir	1.444	-	2.318	2.281	-	1.170	1.134	39	39	166	533	9.124
Óáðregnar lánalínur	-	-	996	8.248	5.816	-	2.639	1.400	7.247	4.234	443	31.023
Ónýttar yfirráttarheimildir	9.216	-	7.459	1.618	23	3.673	2.561	187	1.874	975	1.361	28.947
Ónýttar greiðslukortahæimildir	23.183	-	3.455	477	31	167	906	166	818	197	144	29.544
Hámarksútlánaáættta	296.902	183.223	95.118	31.597	14.282	52.795	69.158	16.833	22.570	106.323	83.993	972.794

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

61. Útlánaáhætta tryggð með veði

Tryggingar og aðrar útlánavarnir eru mismunandi eftir tegundum lántaka og lánsforma. Lán til lánastofnana eru venjulega ótryggð. Helsta trygging fyrir lánveitingum til einstaklinga er veð í íbúðarhúsnæði. Skammtímalán einstaklinga eins og yfirdrættir og kreditkort eru oftast ótryggð. Þegar um fyrirtæki er að ræða tekur samstæðan veð í fasteignum, fiskiskipum, reiðufé og verðbréfum sem og öðrum eignum þar á meðal viðskiptakröfum, birgðum, farartækjum og tækjum. Lán til ríkisstofnana og sveitarfélaga eru oftast en ekki ótryggð. Afleiðusamningar eru almennt gerðir samkvæmt ISDA rammasamningi með CSA-viðauka eða samsvarandi skilmálum með handveði í reiðufé eða verðbréfum.

Samstæðan notar í sumum tilfellum ábyrgðir til að draga úr útlánaáhöttu, en þar sem ábyrgðir lækka ekki hámarksútlánaáhöttu heldur flytja hana frá einum mótaðila til annars eru þær ekki taldar hafa fjárhagsleg áhrif hér. Kvaðir í lánasamningum eru einnig mikilvægar en lækka ekki hámarksútlánaáhöttu.

Mat á tryggingum byggir á markaðsverði, opinberu mati Fasteignamatís ríkisins eða áliti sérfræðinga samstæðunnar, eftir því hvað er tiltækt hverju sinni. Þegar um er að ræða fiskiskip eru aflaheimildir þess taldar með í matinu á fjárhagslegum áhrifum trygginga. Tryggingum er úthlutað samkvæmt fjárhæðum lánakrafanna, ekki bókfærðu virði, og eru metnar án áhrifa tryggingaþekju umfram lánsfjárhæð. Þetta þýðir að ef virði trygginga tiltekinnna lána er hærra en fjárhæð kröfu, er mismunurinn undanskilinn til að endurspeglar raunverulega áhöttu samstæðunnar gagnvart útlánaáhöttu.

Mat á tryggingum sem samstæðan hefur til að vega á móti útlánaáhöttu er sýnt að neðan:

31. desember 2015

	Fasteignir	Skip	Handbært fé og verðbréf	Bifreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáhöttu tryggð með veði
Afleiðusamningar	-	-	3.181	-	-	3.181
Útlán til viðskiptavina:	425.053	78.274	6.416	38.604	42.650	590.997
Einstaklingar	223.131	33	688	10.329	45	234.226
Verslun og þjónusta	46.418	422	344	19.902	8.719	75.805
Byggingariðnaður	20.856	154	208	1.953	2.360	25.531
Orkuiðnaður	2.895	-	414	9	88	3.406
Fjármálastarfsemi	40	-	24	1	-	65
Iðnaður og flutningar	23.776	6.208	411	5.797	10.765	46.957
Fjárfestingarfélag	5.056	10	3.460	91	7.524	16.141
Opinberir aðilar og félagasamtök	1.034	-	9	105	-	1.148
Fasteignafélög	96.805	-	572	207	562	98.146
Sjávarútvegur	5.042	71.447	286	210	12.587	89.572
Samtals	425.053	78.274	9.597	38.604	42.650	594.178

31. desember 2014

	Fasteignir	Skip	Handbært fé og verðbréf	Bifreiðar og tæki	Aðrar tryggingar	Útlánaáhöttu tryggð með veði
Afleiðusamningar	-	-	2.500	-	-	2.500
Útlán til viðskiptavina:	391.139	74.032	5.991	33.473	24.174	528.809
Einstaklingar	213.550	41	469	9.901	12	223.973
Verslun og þjónusta	40.484	290	472	14.525	8.838	64.609
Byggingariðnaður	13.217	269	59	2.473	1.592	17.610
Orkuiðnaður	1.260	-	411	1	152	1.824
Fjármálastarfsemi	39	-	32	1	-	72
Iðnaður og flutningar	16.487	-	148	5.760	7.914	30.309
Fjárfestingarfélag	4.973	-	3.434	248	2.642	11.297
Opinberir aðilar og félagasamtök	1.510	-	11	179	-	1.700
Fasteignafélög	94.859	-	650	143	564	96.216
Sjávarútvegur	4.760	73.432	305	242	2.460	81.199
Samtals	391.139	74.032	8.491	33.473	24.174	531.309

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

62. Útlánagæði fjáreigna

Lán eru flokkuð sem virðisrýrð ef hlutlægt mat gefur til kynna að virðisrýrnun hafi átt sér stað. Þá er virðisrýrnunarsjóður notaður til að lækka bókfært virði lánanna niður í núvirði af væntu sjóðstreymi þeirra. Sjóðstreymið er núvirt með virkum vöxtum lánanna.

Bókfært heildarvirði allra útlána sem gefa tilefni til virðisrýrnunar er fært undir virðisrýrð lán, jafnvel þótt hluti fjárhæðarinnar sé tryggður með veði. Almenna virðisrýrnunin hefur ekki verið dregin frá bókfærða virðinu hér.

Nánari umfjöllun um lán í vanskilum sem ekki eru sérstaklega virðisrýrð er að finna í skýringu 64.

31. desember 2015	Hvorki í van-	Í vanskilum	Sérstaklega	Samtals
	skilum né	en ekki		
	sérstaklega	sérstaklega	virðisrýrð	
	virðisrýrð	virðisrýrð	virðisrýrð	
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands.....	216.760	-	-	216.760
Skuldabréf og skuldagerningar.....	78.606	-	-	78.606
Afleiðusamningar	4.412	-	-	4.412
Útlán til lánastofnana.....	35.534	-	-	35.534
Útlán til viðskiptavina:	636.685	23.572	7.921	668.178
Einstaklingar	253.798	15.443	3.369	272.610
Verslun og þjónusta	87.102	1.517	1.162	89.781
Byggingariðnaður	21.655	583	775	23.013
Orkuiðnaður	3.737	-	-	3.737
Fjármálastarfsemi	65	40	-	105
Iðnaður og flutningar	59.267	885	574	60.726
Fjárfestingarfélag	18.476	580	306	19.362
Opinberir aðilar og félagasamtök	13.839	39	-	13.878
Fasteignafélög	96.243	1.562	1.289	99.094
Sjávarútvegur	82.503	2.923	446	85.872
Aðrar fjáreignir.....	4.748	787	-	5.535
Samtals	976.745	24.359	7.921	1.009.025

31. desember 2014	Hvorki í van-	Í vanskilum	Sérstaklega	Samtals
	skilum né	en ekki		
	sérstaklega	sérstaklega	virðisrýrð	
	virðisrýrð	virðisrýrð	virðisrýrð	
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands.....	103.389	-	-	103.389
Skuldabréf og skuldagerningar.....	87.347	-	-	87.347
Afleiðusamningar	4.131	-	-	4.131
Útlán til lánastofnana.....	35.072	-	-	35.072
Útlán til viðskiptavina:	595.903	27.619	14.128	637.650
Einstaklingar	237.253	18.752	6.843	262.848
Verslun og þjónusta	75.572	2.253	1.833	79.658
Byggingariðnaður	17.319	914	518	18.751
Orkuiðnaður	7.315	-	-	7.315
Fjármálastarfsemi	84	37	-	121
Iðnaður og flutningar	60.295	881	702	61.878
Fjárfestingarfélag	12.500	766	645	13.911
Opinberir aðilar og félagasamtök	12.165	51	-	12.216
Fasteignafélög	96.905	1.969	666	99.540
Sjávarútvegur	76.495	1.996	2.921	81.412
Aðrar fjáreignir.....	6.424	143	-	6.567
Samtals	832.266	27.762	14.128	874.156

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

63. Lán sem eru hvorki í vanskilum né virðisýrð

Bankinn notar eigin líkön til að meta vanefndarlíkur viðskiptavina. Líkönin úthluta hverjum viðskiptavini einn af tíu áhættuflokkum. Áhættuflokkur 10 er fyrir viðskiptavini í vanefndum en áhættuflokkar 1-9 eru fyrir viðskiptavini sem eru ekki í vanefndum.

Áhættumat stærri fyrirtækja er byggt á fjárhagsupplýsingum fyrirtækisins ásamt mati bankans á stjórnendum þess, markaðsstöðu og atvinnugrein. Fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki með heildarlán frá samstæðunni innan við 150 milljónir króna notar bankinn tölfraðileg áhættumatslíkön. Þessi líkön styðjast við upplýsingar um greiðslusögu viðskiptavinar, skuldsetningu, innlán og lýðfræðilegar breytur til að meta líkindi þess að viðskiptavinir lendi í vanefndum á næstu 12 mánuðum.

Taflan hér að neðan gerir grein fyrir lánnum sem eru hvorki í vanskilum né sérstaklega virðisýrð eftir áhættuflokkum viðskiptavina. Flokkar 1-4 tákna litla áhættu, flokkar 5-6 miðlungsáhættu, flokkar 7-8 meiri áhættu, flokkur 9 mikla áhættu og áhættuflokkur 10 stendur fyrir viðskiptavini sem eru í vanefndum. Óflokkuð eru lán hjá viðskiptavinum dótturfélaga Íslandsbanka sem hafa ekki sín eigin áhættumatslíkön, lán hjá viðskiptavinum sem enn á eftir að flokka eða lán hjá viðskiptavinum með útrunninn áhættuflokk.

Áthugið að sami viðskiptavinur getur verið með eitt lán í meira en 90 daga vanskilum en annað lán á sama tíma í skilum. Þar sem áhættuflokkur er úthlutað á viðskiptavini en ekki lán fyrir lán eru einhver lán í töflunni að neðan til viðskiptavina í áhættuflokki 10 þótt lánin sjálf séu í skilum.

	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Óflokkuð lán	Samtals
31. desember 2015	1-4	5-6	7-8	9	10		
Útlán til viðskiptavina:							
Einstaklingar	11.793	99.967	91.329	44.290	2.418	4.001	253.798
Verslun og þjónusta	13.264	53.916	15.418	3.357	294	853	87.102
Byggingariðnaður	657	10.676	7.659	2.130	506	27	21.655
Orkuiðnaður	353	3.243	141	-	-	-	3.737
Fjármálastarfsemi	36	9	20	-	-	-	65
Iðnaður og flutningar	14.329	30.049	12.207	2.507	87	88	59.267
Fjárfestingarfélög	4.735	7.029	5.235	1.328	149	-	18.476
Opinberir aðilar og félagasamtök	5.605	8.048	175	3	7	1	13.839
Fasteignafélög	29.490	42.952	21.177	2.403	50	171	96.243
Sjávarútvegur	36.848	33.065	11.372	327	892	-	82.504
Samtals	117.110	288.954	164.733	56.345	4.403	5.141	636.686

	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Áhættu- flokkur	Óflokkuð lán	Samtals
31. desember 2014	1-4	5-6	7-8	9	10		
Útlán til viðskiptavina:							
Einstaklingar	10.432	91.744	84.838	43.101	3.659	3.479	237.253
Verslun og þjónusta	15.240	35.903	18.182	3.891	1.873	483	75.572
Byggingariðnaður	381	6.698	7.032	846	2.321	41	17.319
Orkuiðnaður	3.877	3.396	42	-	-	-	7.315
Fjármálastarfsemi	50	13	19	1	-	1	84
Iðnaður og flutningar	21.850	30.334	6.822	1.128	161	-	60.295
Fjárfestingarfélög	1.143	7.013	2.604	1.450	25	265	12.500
Opinberir aðilar og félagasamtök	7.094	4.815	248	6	-	2	12.165
Fasteignafélög	31.145	46.626	14.369	2.686	2.012	67	96.905
Sjávarútvegur	39.777	28.171	6.176	746	1.625	-	76.495
Samtals	130.989	254.713	140.332	53.855	11.676	4.338	595.903

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

64. Lán í vanskilum en ekki sérstaklega virðisýrð

Lán teljast vera í vanskilum en ekki sérstaklega virðisýrð ef samningsbundnar vaxta- eða höfuðstólsgreiðslur eru gjaldfallnar fyrir meira en þremur dögum en samstæðan telur að ekki sé tilefni til sérstakrar virðisýrnunar. Ástæðan er venjulega sú að líklegt er talið að samningsbundnar greiðslur verði inntar af hendi eða að þau lán verði endurskipulögð án taps fyrir samstæðuna vegna fullnægjandi trygginga.

Lán þar sem greiðslur hafa ekki skilað sér í allt að þrjú daga eru ekki talin hafa upplýsingagildi um útlánagæði. Þau eru flest yfirdráttarlán til einstaklinga þar sem heimild hefur fallið niður en verður endurnýjuð. Þann 31.12.2015 voru 39 milljónir króna í eins til þriggja daga vanskilum en þann 31.12.2014 voru það 160 milljónir króna.

Fjárhæðir sem hér eru tilgreindar sýna heildareftirstöðvar lána sem eru í vanskilum án virðisýrnunar en ekki aðeins gjaldfallnar greiðslur. Lán í vanskilum sem ekki hafa verið sérstaklega virðisýrð eru sem hér segir:

	Vanskil 4-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
31. desember 2015					
Útlán til viðskiptavina:	10.351	4.975	1.292	6.954	23.572
Einstaklingar	7.322	3.156	432	4.533	15.443
Verslun og þjónusta	544	460	300	213	1.517
Byggingariðnaður	413	114	8	48	583
Orkuiðnaður	-	-	-	-	-
Fjármálastarfsemi	-	-	-	40	40
Iðnaður og flutningar	499	106	13	267	885
Fjárfestingarfélag	289	72	72	147	580
Opinberir aðilar og félagasamtök	27	10	-	2	39
Fasteignafélög	614	577	42	329	1.562
Sjávarútvegur	643	480	425	1.375	2.923
Aðrar fjáreignir.....	765	-	-	22	787
Samtals	11.116	4.975	1.292	6.976	24.359

	Vanskil 4-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil yfir 90 daga	Vanskil útlána
31. desember 2014					
Útlán til viðskiptavina:	12.631	5.379	1.386	8.223	27.619
Einstaklingar	8.331	3.458	680	6.283	18.752
Verslun og þjónusta	1.144	516	256	337	2.253
Byggingariðnaður	429	116	76	293	914
Orkuiðnaður	-	-	-	-	-
Fjármálastarfsemi	37	-	-	-	37
Iðnaður og flutningar	390	156	104	231	881
Fjárfestingarfélag	145	363	47	211	766
Opinberir aðilar og félagasamtök	38	6	7	-	51
Fasteignafélög	914	602	179	274	1.969
Sjávarútvegur	1.203	162	37	594	1.996
Aðrar fjáreignir.....	111	4	5	23	143
Samtals	12.742	5.383	1.391	8.246	27.762

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

65. Endurskipulagning og greiðsluúrræði

Bankinn getur boðið greiðsluúrræði fyrir viðskiptavini í fjárhagslegum vandræðum. Þar á meðal eru tímabundin hlé á greiðslum, lenging lána, viðbætur vanskila við höfuðstól og undanþága vegna brota á ákvæðum samningsskilmála. Í mörgum tilfellum eru þessi úrræði undanfarar formlegs endurskipulagningarferlis.

66. Fullnustueignir

Upplýsingar um ófjárhagslegar eignir sem samstæðan eignaðist á árinu með því að taka til sín veð sem var sett til tryggingar lánnum.

	2015	2014
Fasteignir og land	3.504	5.307
Iðnaðartæki og bifreiðar	179	257

Samstæðan innleysir veðið samkvæmt settum reglum. Samstæðan notar almennt ekki fullnustueignir í eigin rekstri. Starfsfólki samstæðunnar er ekki heimilt að kaupa fullnustueignir.

67. Stórar áhættuskuldbindingar

Þegar heildaráhættuskuldbindingar hóps tengdra viðskiptavina gagnvart samstæðunni nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni samstæðunnar er um stóra áhættuskuldbindingu að ræða. Eins og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 625/2013 kveða á um eru allir fjármálagerningar, bæði þeir sem fram koma á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags taldir með þegar fjárhæðir stórra áhættuskuldbindinga eru metnar. Bankinn notar eigin aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina. Aðferðin endurspeglar túlkun bankans á a-lið 1. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Stærð áhættuskuldbindinga er mæld bæði fyrir og eftir frádráttarliði samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins. Á uppgjörstími er ein stór áhættuskuldbinding sem er 12% af eiginfjárgrunni eftir frádráttarliði. Engin stór áhættuskuldbinding er umfram 25% af eiginfjárgrunni sem er hámarkið sem kveðið er á um í lögnum.

Taflan hér að neðan sýnir stórar áhættuskuldbindingar sem hlutfall af eiginfjárgrunni samstæðunnar, með og án leyfilegs frádrags. Númer hóps getur breyst milli uppgjörstímabila, t.d. er hópur 1 mögulega ekki sami hópur í báðum töflum.

	31.12.2015	
Hópar tengdra viðskiptamanna	Brúttó	Nettó
Áhættuskuldbinding 1	117%	0%
Áhættuskuldbinding 2	12%	12%

	31.12.2014	
Hópar tengdra viðskiptamanna	Brúttó	Nettó
Áhættuskuldbinding 1	69%	0%
Áhættuskuldbinding 2	12%	12%

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Lausafjánhætta

68. Samstæðan skilgreinir lausafjánhættu sem áhættuna af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirhugaðan vöxt, eða geta einungis gert það gegn kjörum, sem eru umtalsvert hærrí en gengur og gerist á markaði á hverjum tíma.

Stýring lausafjánhættu

Samstæðan er að stærstum hluta fjármagnaður með innlánnum viðskiptavina. Fjárstýring bankans ber ábyrgð á fjármögnun bankans og lausafjástýringu. Dagleg umsýsla lausafjár samstæðunnar er í höndum Millibankamarkaða.

Áhættustýring og lánaeftirlit mælir og hefur eftirlit með lausafjárstöðu samstæðunnar og gefur um hana skýrslur til viðeigandi aðila.

Stefna samstæðunnar um stýringu lausafjánhættu gerir ráð fyrir að laust fé samstæðunnar skuli á hverjum tíma duga til að mæta skuldbindingum næstu 12 mánaða.

Lykilmælikvarðar við mat á lausafjánhættu eru lausafjárþekjuhlutfall (LCR) og fjármögnunarhlutfall (NSFR) sem innleiddir hafa verið í evrópsk lög í gegnum CRD IV.

Í aðdraganda afnáms gjalddeyrishafta hefur innleiðing á LCR og NSFR verið hraðari hér á landi en í Evrópu auk þess sem áhersla hefur verið á að setja sérstök mörk á þessi hlutföll fyrir erlendar eignir og skuldir. Seðlabanki Íslands sem setur reglur og hefur eftirlit með lausafjárstöðu íslenskra banka hefur felt LCR og NSFR mælikvarðana inn í Reglur um lausafjárhlutfall og Reglur um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum.

Lágmark Seðlabanka Íslands fyrir árið 2015 var 100% fyrir eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum og 80% fyrir allar eignir og skuldir. Á sama tíma var lágmark fyrir NSFR fyrir erlendar eignir og skuldir 80%. Taflan að neðan sýnir LCR og NSFR fyrir samstæðuna við árslok 2015 og 2014. Lágmarkskröfur Seðlabanka Íslands fyrir NSFR tóku gildi 1. desember 2014.

Lausafjárþekjuhlutfall	31.12.2015	31.12.2014
Heildarstöður	143%	130%
Erlendir gjaldmiðlar	467%	617%

Fjármögnunarhlutfall	31.12.2015	31.12.2014
Heildarstöður	120%	112%
Erlendir gjaldmiðlar	141%	126%

Töflurnar hér að neðan sýna samningsbundnar vaxta- og höfuðstölgreiðslur vegna fjárhagslegra skuldbindinga samstæðunnar. Samtölur fyrir hverja tegund skuldbindinga eru því hærrí en samsvarandi tölur á efnahagsreikningi samstæðunnar. Greiðsluflæði skuldbindinga, sem ekki er fyrirfram ákveðið, t.d. vegna breytilegra vaxta, verðtryggingar eða gengistryggingar, er áætlað út frá spá um þróun undirliggjandi þátta.

Fyrir samningsbundnar skuldbindingar eru upphæðir brotnar niður á tímabil eftir því hvenær samningsbundnar höfuðstölgreiðslur og áætlaðar greiðslur á vöxtum falla til. Óbundnar innstæður og aðrar skuldbindingar, sem ekki hafa samningsbundinn gjalddaga, eru flokkaðar miðað við að viðskiptavinur krefji samstæðuna um greiðslu við fyrsta tækifæri.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2015

Fjárskuldir	Bókfært virði	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	Meira en 5 1-5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Skortstöður	4.073	4.073	-	-	-	-	4.073
Innlán SÍ og lánastofnana	25.631	18.905	6.862	-	-	-	25.767
Innlán viðskiptavina	593.245	358.266	128.895	37.110	63.649	20.978	608.898
Lántaka	150.308	2	5.098	32.107	105.982	29.524	172.713
Víkjandi lán	19.517	-	-	736	23.542	-	24.278
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar	45.034	31.571	4.910	7.620	933	-	45.034
Fjárskuldir samtals	837.808	412.817	145.765	77.573	194.106	50.502	880.763

Skuldbindingar utan efnahags sýna samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar gagnvart viðskiptavinum, annað hvort vegna loforða um lánveitingar eða vegna ábyrgða sem veittar hafa verið þriðja aðila. Fjárhæðirnar eru hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að samstæðan gæti lækkað yfirdráttarheimildir og greiðslukortahæðir áður en þær verða fullnýttar. Þessar skuldbindingar tilheyra fyrsta gjalddagatímabilinu þar sem samstæðan gæti, í hverju tilfelli fyrir sig, verið krafinn um að mæta þeim samningsbundnu skuldbindingum strax.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

68. (framhald)

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir	11.605	-	-	-	-	-	11.605
Óáðregnar lánalínur	42.685	-	-	-	-	-	42.685
Ónýttar yfirdráttarheimildir	33.131	-	-	-	-	-	33.131
Ónýttar greiðslukortahæmildir	32.115	-	-	-	-	-	32.115
Samtals	119.536	-	-	-	-	-	119.536

Heildarskuldbindingar aðrar en afleiður og

liðir utan efnahags	532.353	145.765	77.573	194.106	50.502	-	1.000.299
---------------------------	---------	---------	--------	---------	--------	---	-----------

Taflan hér að neðan sýnir greiðslufæði þeirra afleiðuskuldbindinga samstæðunnar sem hafa neikvætt markaðsvirði í árslok 2015. Afleiðusamningar með jákvætt markaðsvirði árslok 2015 eru sundurliðaðir sérstaklega. Fyrir afleiður, sem gerðar eru upp án nettunar, er greiðslufæði fyrir báða leggina sýnt þar sem ekki er hægt að beita skuldajöfnun við uppgjör.

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	19.749	18.135	55.090	3.284	-	96.258
Útstreymi	-	(19.994)	(18.675)	(55.481)	(3.815)	-	(97.965)
Samtals	-	(245)	(540)	(391)	(531)	-	(1.707)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(601)	-	-	-	-	(601)
Samtals	-	(846)	(540)	(391)	(531)	-	(2.308)

Flokkun eigna eftir gjalddaga byggir á samningsbundnum gjalddaga. Fyrir skuldabréf og skuldabréfagerninga í fjárfestingarbók er flokkun eftir gjalddögum byggð á samningsbundnum gjalddögum en þegar um skuldabréf og skuldagerninga í veltubók er að ræða er byggt á þeim tíma sem áætlað er að þurfi til að selja eignina.

Í töflunni hér að neðan er upphæð útlána til viðskiptavina hærrí en í ársreikningnum þar sem hér er ekki tekið tillit til almennrar virðisyrnunar lánanna.

Fjáreignir	Bókfært virði	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjaldldagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Sí	216.760	33.221	183.539	-	-	-	-	216.760
Skuldabréf og skuldagerningar	78.606	1.551	24.160	15.708	33.361	3.826	-	78.606
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	18.320	-	-	-	-	-	18.320	18.320
Útlán til lánastofnana	35.534	31.064	4.470	-	-	-	-	35.534
Útlán til viðskiptavina	665.711	4.723	73.386	52.827	194.904	342.338	-	668.178
Aðrar fjáreignir	6.675	2.046	926	807	54	6	2.835	6.675
Fjáreignir samtals	1.021.606	72.605	286.481	69.342	228.319	346.170	21.155	1.024.072

Afleiður - eignir

Afleiður gerðar upp brúttó								
Innstreymi	-	10.589	9.902	25.286	77	-	-	45.854
Útstreymi	-	(10.488)	(9.289)	(24.257)	(57)	-	-	(44.091)
Samtals	-	101	613	1.029	20	-	-	1.763
Afleiður gerðar upp nettó	-	207	-	-	-	-	-	207
Samtals	-	308	613	1.029	20	-	-	1.970

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

68. (framhald)

Tölurnar hér að neðan sýna samanburðartölur fyrir eignir og skuldir miðað við árslok 2014.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2014

Fjárskuldir	Bókfært virði	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Skortstöður	686	686	-	-	-	-	-	686
Innlán SÍ og lánastofnana	25.796	22.331	3.054	434	-	-	-	25.819
Innlán viðskiptavina	529.447	341.454	80.037	72.685	20.602	28.342	-	543.120
Lántaka	96.889	2	4.255	18.940	71.141	14.365	-	108.703
Víkjandi lán	21.306	-	-	837	27.292	-	-	28.129
Aðrar fjárhagslegar skuldbindingar	45.395	32.715	5.108	7.868	(296)	-	-	45.395
Fjárskuldir samtals	719.519	397.188	92.454	100.764	118.739	42.707	-	751.852

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir	9.124	-	-	-	-	-	9.124
Óáðregnar lánalínur	31.023	-	-	-	-	-	31.023
Ónýttar yfirdráttarheimildir	28.947	-	-	-	-	-	28.947
Ónýttar greiðslukortheimildir	29.544	-	-	-	-	-	29.544
Samtals	98.638	-	-	-	-	-	98.638

Samtals fjárskuldir aðrar en afleiður og

liðir utan efnahags	495.826	92.454	100.764	118.739	42.707	-	850.490
---------------------------	---------	--------	---------	---------	--------	---	---------

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	2.371	7.758	56.798	-	-	66.927
Útstreymi	-	(2.292)	(8.165)	(60.437)	-	-	(70.894)
Samtals	-	79	(407)	(3.639)	-	-	(3.967)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(133)	-	-	-	-	(133)
Samtals	-	(54)	(407)	(3.639)	-	-	(4.100)

Fjáreignir	Bókfært virði	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	103.389	22.546	80.843	-	-	-	-	103.389
Skuldabréf og skuldagerningar	87.347	1.076	20.645	25.298	35.209	5.119	-	87.347
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	10.531	-	-	-	-	-	10.531	10.531
Útlán til lánastofnana	35.072	23.185	11.837	50	-	-	-	35.072
Útlán til viðskiptavina	634.799	5.481	73.629	55.235	176.402	326.903	-	637.650
Aðrar fjáreignir	7.619	1.703	825	1.865	54	27	3.144	7.619
Fjáreignir samtals	878.757	53.991	187.779	82.448	211.665	332.049	13.675	881.607

Afleiður - eignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	6.387	11.738	35.515	1.710	-	55.350
Útstreymi	-	(5.885)	(11.063)	(34.724)	(1.975)	-	(53.647)
Samtals	-	502	675	791	(265)	-	1.703
Afleiður gerðar upp nettó	-	242	-	-	-	-	242
Samtals	-	744	675	791	(265)	-	1.945

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

68. (framhald)

Hluti af lausafjárstyringu samstæðunnar byggir á því að eiga á hverjum tíma safn auðseljanlegra eigna til að mæta óvæntu útstreymi fjármagns eða tímabundnum takmörkunum í aðgengi að nýrri fjármögnun. Þessar eignir lúta ströngum skilyrðum varðandi útlánaáættu, seljanleika og næmni fyrir verðsveiflum á markaði. Taflan hér að neðan sýnir heildarfjárhæð og samsetningu lausafjársefnisins við árslok 2015 og 2014.

Lausafjárstaða	31.12.2015	31.12.2014
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	216.760	103.455
Óveðsett verðbréf veðhæf í viðskiptum við Seðlabanka Íslands	21.218	29.478
Erlend ríkisskuldabréf	41.330	46.593
Skammtímastöður við lánastofnanir	35.143	34.006
Varasjóður lausafjár	314.451	213.532

69. Innlán

Taflan hér að neðan sýnir niðurbrot innlána samstæðunnar eftir mótaðilum samkvæmt grunnflokkum lausafjárþekjuhlutfallsins (LCR). Innstæðurnar eru aðgreindar á milli stöðugra og minna stöðugra innlána sem byggist annars vegar á því hvernig viðskiptasambandi milli samstæðunnar og viðkomandi innláneiganda er háttáð og hins vegar á heildarfjárhæð innlána hvers viðskiptavinar miðað við hámarks tryggingar Tryggingarsjóðs innstæðueiganda.

31 December 2015	Innlán laus innan 30 daga					
	Minna stöðugt		Stöðugt		Bundin innlán	Samtals innlán
	Vægi (%)	Vægi (%)	Vægi (%)			
Einstaklingar	93.385	10%	56.443	5%	56.122	205.950
Lítill og meðalstór fyrirtæki	47.394	10%	13.340	5%	5.897	66.631
Lögaðilar í rekstrarsambandi	2.050	25%	-	5%	-	2.050
Lögaðilar	66.306	40%	235	20%	25.509	92.050
Ríki, sveitarfélög, seðlabankar og opinber fyrirtæki	5.723	40%	257	20%	970	6.950
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	58.428	100%	-	-	39.783	98.211
Lífeyrissjóðir	23.775	100%	-	-	26.765	50.541
Innlend fjármálafyrirtæki	32.601	100%	-	-	20.919	53.520
Erlend fjármálafyrirtæki	19.033	100%	-	-	1.636	20.669
Aðrir erlendir aðilar	17.936	100%	1.956	25%	2.413	22.305
Samtals	366.631		72.231		180.014	618.876

Taflan hér að neðan sýnir samanburðartölur fyrir árslok 2014.

31 December 2014	Innlán laus innan 30 daga					
	Minna stöðugt		Stöðugt		Bundin innlán	Samtals innlán
	Vægi (%)	Vægi (%)	Vægi (%)			
Einstaklingar	86.173	10%	52.389	5%	54.650	193.212
Lítill og meðalstór fyrirtæki	44.030	10%	12.654	5%	6.369	63.053
Lögaðilar í rekstrarsambandi	-	25%	-	5%	-	-
Lögaðilar	77.907	40%	280	20%	23.636	101.823
Ríki, sveitarfélög, seðlabankar og opinber fyrirtæki	6.211	40%	273	20%	1.918	8.402
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	13.394	100%	-	-	45.721	59.116
Lífeyrissjóðir	22.521	100%	-	-	22.906	45.427
Innlend fjármálafyrirtæki	22.085	100%	-	-	6.083	28.168
Erlend fjármálafyrirtæki	18.696	100%	-	-	2.401	21.097
Aðrir erlendir aðilar	26.728	100%	1.829	25%	6.389	34.946
Samtals	317.745		67.425		170.073	555.243

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Markaðsáhætta

70. Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, hlutabréfaverði, hrávöruverði og gengi gjaldmiðla, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga samstæðunnar og þar með á afkomu hennar og eigið fé.

Stýring markaðsáhattu

Vilji samstæðunnar til að taka markaðsáhattu er ákvarðaður af stjórn bankans. Efnahagsnefnd ákveður mörk fyrir einstök eignasöfn og einstaka fjármálagerninga í samræmi við stefnu bankans um stýringu markaðsáhattu sem samþykkt er af stjórn. Áhættustýring ber ábyrgð á mælingum, eftirliti og skýrslugjöf sem varðar markaðsáhattu. Markmið markaðsáhattustýringar er að stýra markaðsáhattu samstæðunnar þannig að hún sé innan fyrirframskilgreindra og ásættanlegra marka.

Samstæðan gerir greinarmun á markaðsáhattu í veltubók annars vegar og fjárfestingarbók hins vegar. Markaðsáhætta í veltubók stafar aðallega tilkomin af opnum stöðum í hlutabréfum, skuldabréfum og erlendum gjaldmiðlum. Eignir og skuldbindingar í veltubók eru bókfærðar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar endurspeglast strax í rekstrarreikningi. Markaðsáhætta í fjárfestingarbók stafar einkum af misræmi í vaxtaskilmálum og myntsamsetningu eigna og skulda. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt misræmi bæði með innri reglum bankans og í lögum og reglugerðum og eru stjórnendur upplýstir um þetta misræmi í innri skýrslum.

Vaxtaáhætta

71. Vaxtaáhætta er skilgreind sem þau neikvæðu áhrif sem óhagstæðar hreyfingar á vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu samstæðunnar.

Samstæðan beitir næmismælingum eins og punktvirði (BPV) til þess að mæla og stýra vaxtaáhættu samstæðunnar. Punktvirði segir til um hvernig gangvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01 prósentustig (einn punkt).

72. Vaxtaáhætta í veltubók

Veltubók fjárfestir aðallega í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, sértrygðum skuldabréfum útgefnum af íslenskum bönkum og íbúðabréfum en þau eru með ríkisábyrgð. Þessar stöðutökur geta falið í sér skortstöður.

Ríkisskuldabréf eru annaðhvort verðtrygð eða óverðtrygð og með allt að 10 ára binditíma. Íbúðabréf eru hins vegar verðtrygð og með allt að 13 ára binditíma. Allar skuldabréfastöður eru takmarkaðar með punktvirðismörkum sem gilda jafnt innan dags og í dagslok. Að auki setur bankinn mörk á gnóttstöður og skortstöður í hverjum skuldabréfaflokki. Áhættustýring hefur eftirlit með mörkum veltubókar og eru öll markabrot tilkynnt til efnahagsnefndar bankans.

Hafa ber í huga að heildarvirði gnótt- og skortstaða í töflunni hér að neðan þarf ekki nauðsynlega að stemma við samsvarandi tölur í skýringu 7. Ástæðan er sú að í skýringu 7 er sýnd samtala hreinnar stöðu allra skuldabréfa en taflan hér að neðan sýnir samtölu áður en hrein staða í hverju bréfi er reiknuð. Að auki eru varnir afleiðusamninga undanskildar hér.

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, gnóttstaða

	31.12.2015			31.12.2014		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði
Verðtrygð	1.818	8,08	(1,47)	1.772	8,03	(1,42)
Óverðtrygð	43.703	0,32	(1,42)	48.260	0,41	(1,96)
Samtals	45.521	0,63	(2,89)	50.032	0,68	(3,38)

Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, skortstaða

	31.12.2015			31.12.2014		
	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði	Markaðs- virði	Binditími	Punktvirði
Verðtrygð	1.754	7,04	1,24	-	-	-
Óverðtrygð	3.057	1,10	0,34	73	7,39	0,05
Samtals	4.811	3,27	1,58	73	7,39	0,05

Hrein staða veltubókar skuldabréfa

	40.710	0,32	(1,31)	49.959	0,67	(3,33)
--	--------	------	--------	--------	------	--------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

72. (framhald)

Lausafjársafn samstæðunnar er að stórum hluta í formi erlendra auðseljanlegra ríkisvixla og er stærsti hluti þeirra gefinn út af ríkjum með lánshæfiseinkunnina AAA og AA+ en stefnan er að lágmarkslánshæfiseinkunn útgefendanna sé annaðhvort Aa3 samkvæmt langtímalánshæfismati frá Moody's eða AA-samkvæmt S&P og Fitch. Binditími vixlanna er allt að 6 mánuðir og var punktvirði þeirra -0,85 milljónir króna í árslok 2015 (31. desember 2014: -1,35 milljónir króna).

Erlendir ríkisvixlar	31.12.2015		31.12.2014	
	Markaðsvirði	Punktvirði	Markaðsvirði	Punktvirði
Útgáfuríki				
Kanada	-	-	1.094	(0,02)
Danmörk	-	-	1.036	(0,02)
Frakkland	6.366	(0,14)	6.944	(0,30)
Þýskaland	13.439	(0,30)	15.434	(0,41)
Holland	12.025	(0,25)	6.944	(0,18)
Noregur	1.471	(0,07)	1.708	(0,04)
Svíþjóð	-	-	4.109	(0,14)
Bandaríkin	8.030	(0,09)	9.323	(0,24)
Samtals	41.331	(0,85)	46.592	(1,35)

73. Vaxtanæmi í veltubók

Til að greina vaxtanæmi í veltubók notar samstæðan til viðmiðunar daglegar vaxtabreytingar síðustu 5 ára fyrir innlenda vexti og síðustu 10 ára fyrir erlenda vexti og miðar við að byggt á sögulegum gögnum séu í mesta lagi 1% líkur á að vaxtabreytingar verði meiri en niðurstaðan gefur til kynna á hverju 20 daga tímabili. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif þessar breytingar á vöxtum hafa á eigið fé samstæðunnar og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu. Hliðranir hafa verið uppfærðar frá fyrra ári og hafa samanburðartölur einnig verið uppfærðar til samræmis.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum í veltubók	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	31.12.2015				31.12.2014	
		Hagnaður eða (tap)				Hliðrun niður	Hliðrun upp
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp		
Mynt							
ISK, verðtryggð	100	147	(147)	142	(142)		
ISK, óverðtryggð	100	42	(42)	59	(59)		
EUR	25	17	(17)	22	(22)		
GBP	35	-	-	1	(1)		
USD	60	12	(12)	15	(15)		
Aðrar myntir samtals	60	4	(4)	-	-		
Samtals		222	(222)	239	(239)		

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

74. Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er til komin vegna kjarnastarfsemi samstæðunnar. Þessi vaxtaáhætta felst einkum í hættu á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerninga vegna vaxtabreytinga sem endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldir samstæðunnar hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtagrunn.

Samstæðan á 30,6 milljarða króna (2014: 30,6 milljarðar króna) í flokki ríkisskuldabréfa, sem metin eru á gangvirði. Bréfin eru á vöxtum sem breytast mánaðarlega og er vaxtaáhættan því tiltölulega lítil.

Samstæðan notar hefðbundna mælikvarða til að meta vaxtanæmi fjáreigna, fjárskulda og tekna.

Í töflunni hér að neðan er fjárhæð útlána til viðskiptavina ekki sú sama og í ársreikningnum, þar sem hér er ekki tekið tillit til almennrar virðisrýrnunar lánanna. Þetta á einnig við um fjárhæð útlána til viðskiptavina sem sýnd er fyrir 31.12.2014. Lán með sértæka virðisrýrnun hafa verið sett í flokkinn „0-3 mánuðir“, þar sem þau bera enga vexti nema ef til vill eftir endurskipulagningu.

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2015:

Eignir	0-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	216.760	-	-	-	-	-	216.760
Skuldabréf og skuldagerningar	32.034	458	952	108	426	185	34.163
Útlán til lánastofnana	35.531	3	-	-	-	-	35.534
Útlán til viðskiptavina	463.177	22.748	38.187	130.927	2.431	8.241	665.710
Eignir samtals	747.502	23.209	39.139	131.035	2.857	8.426	952.167
Liðir utan efnahags	73.020	9.571	1.456	35.196	-	-	119.243
Skuldir							
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	25.631	-	-	-	-	-	25.631
Innlán viðskiptavina	581.171	1.659	1.778	7.772	865	-	593.245
Lántaka	35.360	24.180	19.801	48.505	16.053	6.409	150.308
Víkjandi lán	19.517	-	-	-	-	-	19.517
Skuldir samtals	661.679	25.839	21.579	56.277	16.918	6.409	788.701
Liðir utan efnahags	87.095	6.446	5.968	28.872	2.976	-	131.357
Hreinn vaxtajöfnuður							
31. desember 2015	71.748	495	13.048	81.082	(17.037)	2.017	151.352

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

74. (framhald)

Vaxtaendurskoðunartímabil í fjárfestingarbók miðað við 31. desember 2014:

Eignir	0-3	3-12	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
	mánuðir	mánuðir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	103.389	-	-	-	-	-	103.389
Skuldabréf og skuldagerningar	31.119	-	67	1.230	291	367	33.074
Útlán til lánastofnana	35.072	-	-	-	-	-	35.072
Útlán til viðskiptavina	451.191	47.768	29.963	97.052	1.868	9.809	637.650
Eignir samtals	620.771	47.768	30.030	98.282	2.159	10.176	809.185
Liðir utan efnahags	68.186	7.508	21.649	112	-	-	97.455
Skuldir							
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	25.375	421	-	-	-	-	25.796
Innlán viðskiptavina	514.898	3.643	1.030	2.383	7.493	-	529.447
Lántaka	17.723	9.403	22.760	34.421	12.582	-	96.889
Víkjandi lán	21.306	-	-	-	-	-	21.306
Skuldir samtals	579.302	13.467	23.790	36.804	20.075	-	673.438
Liðir utan efnahags	77.732	3.272	7.701	17.850	-	-	106.555
Hreinn vaxtajöfnuður							
31. desember 2014	31.923	38.537	20.188	43.740	(17.916)	10.176	126.647

75. Vaxtanæmi í fjárfestingarbók

Til að greina vaxtanæmi í fjárfestingarbók notar samstæðan til viðmiðunar daglegar vaxtabreytingar síðustu 5 ára fyrir innlenda vexti og síðustu 10 ára fyrir erlenda vexti og miðar við að byggt á sögulegum gögnum séu í mesta lagi 1% líkur á að vaxtabreytingar verði meiri en niðurstaðan gefur til kynna á hverju 6 mánaða tímabili. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif þessar breytingar á vöxtum myndu hafa á gangvirði skuldabréfa og skuldagerninga samstæðunnar í fjárfestingarbók að öllu öðru óbreyttu. Hliðranir hafa verið uppfærðar frá fyrra ári og hafa samanburðartölur einnig verið uppfærðar til samræmis.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum í fjárfestingarbók

Mynt	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	31.12.2015				31.12.2014	
		Hagnaður eða (tap)				Hliðrun niður	Hliðrun upp
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp		
ISK, verðtryggð	220	5.735	(5.735)	4.902	(4.902)		
ISK, óverðtryggð	250	(267)	267	(206)	206		
CHF	50	(2)	2	(6)	6		
EUR	60	(70)	70	(22)	22		
GBP	90	2	(2)	3	(3)		
JPY	45	2	(2)	1	(1)		
USD	150	11	(11)	20	(20)		
Aðrar myntir samtals	150	(39)	39	17	(17)		
Samtals		5.372	(5.372)	4.709	(4.709)		

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Gjaldeyrishætta

76. Gjaldeyrishætta er áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga í gengi erlendra gjaldmiðla, vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum eða vegna misræmis í myntsamsetningu eigna og skulda.

Greiningin á gjaldeyrishættunni hér að neðan byggist á samningsbundnum gjaldmiðli sérhvers undirliggjandi efnahagsliðar. Að auki eru liðir utan efnahagsreiknings, sem bera gjaldeyrishættu, taldir með í heildargjaldeyrisjöfnuði samstæðunnar. Fjárhæðir liða utan efnahagsreiknings endurspeglar nafnverðsfjárhæðir afleiðna og stundarsamninga. Tölurnar hér að neðan sýna gjaldeyrishættu samstæðunnar 31. desember 2015 og 31. desember 2014 eftir samningsmyntum og liðum utan efnahags. Þá eru fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi undanskilin.

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2015

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innst. hjá Sí	387	250	131	37	11	66	74	90	33	1.079
Skuldabréf og skuldagern.	31.829	9.867	-	-	-	-	1.471	-	-	43.167
Hlutabréf og eiginfjárgern.	5.515	276	0	-	-	-	1	-	-	5.792
Útlán til lánastofnana	18.584	11.474	988	1.027	523	1.420	297	209	511	35.033
Útlán til viðskiptavina	62.438	28.980	5.409	6.907	6.905	272	7.340	1.113	103	119.467
Aðrar eignir	432	1.859	246	0	23	35	12	27	47	2.681
Eignir samtals	119.185	52.706	6.774	7.971	7.462	1.793	9.195	1.439	694	207.219

Skuldir

Innlán lánastofnana	1.389	816	1	440	584	0	0	0	-	3.230
Innlán viðskiptavina	66.267	22.351	5.047	1.488	1.031	1.103	2.931	946	1.356	102.520
Lántaka	39.467	-	-	-	-	21.639	7.366	-	-	68.472
Víkjandi lán	19.517	-	-	-	-	-	-	-	-	19.517
Aðrar skuldir	4.084	5.066	834	1	118	98	64	163	94	10.522
Skuldir samtals	130.724	28.233	5.882	1.929	1.733	22.840	10.361	1.109	1.450	204.261

Hreinn gjaldeyrisjöfn. á efnahag	(11.539)	24.473	892	6.042	5.729	(21.047)	(1.166)	330	(756)	2.958
---------------------------------------	-----------	--------	-----	-------	-------	-----------	----------	-----	--------	-------

Liðir utan efnahags

Eignir utan efnahags	71.768	12.667	2.037	833	19	20.833	2.042	424	1.544	112.167
Skuldir utan efnahags	54.802	36.353	2.694	6.894	5.722	-	2.956	777	603	110.801
Hreinn gjaldeyrisjöfn. utan efnahags	16.966	(23.686)	(657)	(6.061)	(5.703)	20.833	(914)	(353)	941	1.366

Hreinn gjaldeyrisjöfnuður

31. desember 2015	5.427	787	235	(19)	26	(214)	(2.080)	(23)	185	4.324
-------------------------	-------	-----	-----	-------	----	--------	----------	-------	-----	-------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

76. (framhald)

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2014

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	Aðrar myntir	Samtals
Handbært fé og innst. hjá Sí	263	168	95	30	9	43	50	83	26	767
Skuldabréf og skuldag.	29.322	9.323	-	-	-	4.109	1.708	1.036	1.095	46.593
Hlutabréf og eiginfjárgern.	203	257	-	1	-	-	-	-	-	461
Útlán til lánastofnana	9.092	12.091	2.137	3.911	1.238	1.313	1.442	2.027	349	33.600
Útlán til viðskiptavina	62.131	25.654	6.124	7.869	7.206	308	8.943	1.387	352	119.974
Aðrar eignir	318	1.672	132	1	37	44	10	23	34	2.271
Eignir samtals	101.329	49.165	8.488	11.812	8.490	5.817	12.153	4.556	1.856	203.666

Skuldir

Innlán lánastofnana	140	16	13	-	13	-	1	-	-	183
Innlán viðskiptavina	39.200	26.309	5.385	2.364	1.586	1.164	6.777	1.129	1.892	85.806
Lántaka	15.572	-	-	-	-	13.212	-	-	-	28.784
Víkjandi lán	21.306	-	-	-	-	-	-	-	-	21.306
Aðrar skuldir	3.704	5.792	763	-	117	66	35	46	363	10.886
Skuldir samtals	79.922	32.117	6.161	2.364	1.716	14.442	6.813	1.175	2.255	146.965

Hreinn gjaldeyrisjöfn. á efnahag	21.407	17.048	2.327	9.448	6.774	(8.625)	5.340	3.381	(399)	56.701
---------------------------------------	--------	--------	-------	-------	-------	---------	-------	-------	-------	--------

Liðir utan efnahags

Eignir utan efnahags	19.202	21.345	662	-	-	9.990	888	185	1.614	53.886
Skuldir utan efnahags	29.552	34.234	79	8.979	6.468	-	3.634	140	920	84.006
Hreinn gjaldeyrisjöfn. utan efnahags	(10.350)	(12.889)	583	(8.979)	(6.468)	9.990	(2.746)	45	694	(30.120)

Hreinn gjaldeyrisjöfnuður 31. desember 2014	11.057	4.159	2.910	469	306	1.365	2.594	3.426	295	26.581
--	--------	-------	-------	-----	-----	-------	-------	-------	-----	--------

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

77. Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu

Til að greina næmi fyrir gengisbreytingum notar samstæðan til viðmiðunar daglegar gengisbreytingar síðasta árið og miðar við að út frá sögulegum gögnum séu í mesta lagi 1% líkur á að gengisbreytingar verði meiri á hverju 10 daga tímabili en niðurstaðan gefur til kynna. Notuð er óhagstæð breyting í hverjum gjaldmiðli til að meta áhrif á rekstur og eigið fé samstæðunnar. Forsendur varðandi undirliggjandi gengisbreytingar hafa verið uppfærðar frá fyrra ári og hafa samanburðartölur einnig verið uppfærðar til samræmis.

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu 31. desember 2015

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (2%)	(109)
USD (6%)	(55)
GBP (6%)	(14)
CHF (5%)	(1)
JPY (5%)	(2)
SEK (5%)	(11)
NOK (7%)	(146)
DKK (2%)	(0)
Aðrar (8%)	(19)
Samtals	(357)

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu 31. desember 2014

Gjaldmiðill (breyting)	Áhrif breytingar
EUR (3%)	(221)
USD (4%)	(208)
GBP (4%)	(116)
CHF (3%)	(14)
JPY (6%)	(15)
SEK (5%)	(55)
NOK (7%)	(156)
DKK (3%)	(69)
Aðrar (6%)	(19)
Samtals	(873)

Hlutfjárárhætta

78. Hlutfjárárhætta í veltubók samstæðunnar er til komin af flæðiviðskiptum og viðskiptavakt með skráð hlutabréf í Kauphöll Íslands. Mörk eru sett á heildarmarkaðsvirði bæði eignasafna og einstakra félaga í því augnamiði að draga úr hlutfjárárhættu og samþjöppunaráhættu í eignum samstæðunnar. Hlutabréf og eiginfjárgerningar í fjárfestingarbók eru annaðhvort metin á gangvirði í rekstrarreikningi eða teljast vera fastafjármunir til sölu og aflögd starfsemi.

79. Næmisgreining á hlutfjárárhættu

Til að greina verðnæmi hlutabréfa notar samstæðan til viðmiðunar daglegar verðbreytingar síðustu 5 ára og miðar við að byggt á sögulegum gögnum séu í mesta lagi 1% líkur á að verðbreytingarnar verði meiri en niðurstaðan gefur til kynna á hverju 20 daga tímabili í veltubók en 6 mánaða tímabili í fjárfestingarbók. Taflan sýnir hvaða áhrif þessar breytingar á hlutabréfaverði hafa á eigið fé samstæðunnar og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu. Hliðranir hafa verið uppfærðar frá fyrra ári og hafa samanburðartölur einnig verið uppfærðar til samræmis.

Næmisgreining á hlutfjárárhættu

Eignasafn	Breyting á verðmæti	Hagnaður eða (tap)			
		31.12.2015		31.12.2014	
		Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Veltubók	11%	(368)	368	(194)	194
Fjárfestingarbók	28%	(2.891)	2.891	(1.602)	1.602
Samtals		(3.259)	3.259	(1.796)	1.796

Afleiðusamningar

80. Samstæðan notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Samstæðan ber óbeina áhættu vegna viðskipta viðskiptavina en hún hefur tekið veð vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar samstæðunnar vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

Verðbólguáhætta

81. Samstæðan ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Virði þessara eigna og skulda breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs á hverjum tíma og allar breytingar á neysliverðsvísitölunni hafa áhrif á afkomu samstæðunnar. Hinn 31. desember 2015 var heildarvirði verðtryggðra eigna 42,6 milljörðum króna meira en heildarvirði verðtryggðra skulda (31. desember 2014: 61,7 milljörðum króna meira). Þannig leiðir 1% hækkun á vísitölunni til 426 milljóna króna nettóhækkunar á efnahagsreikningi samstæðunnar og 1% lækkun leiðir til samsvarandi lækkunar þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

81. (framhald)

	31.12.2015	31.12.2014
Verðtryggðar eignir		
Skuldabréf og skuldagerningar	2.329	6.206
Útlán til viðskiptavina	223.719	215.320
Liðir utan efnahags	31.019	31.046
Heildareignir	257.067	252.572
Verðtryggðar skuldir	31.12.2015	31.12.2014
Innlán viðskiptavina	96.424	97.923
Lántaka	56.909	50.100
Liðir utan efnahags	61.112	42.805
Heildarskuldir	214.445	190.828
Verðtryggingarjöfnuður	42.622	61.744

Eiginfjárstýring

82. Áhætta og eiginfjárgrunnur

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn samstæðunnar, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall þann 31. desember 2015 og 31. desember 2014. Heildareiginfjárlutfall samstæðunnar, reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 30,1% og hlutfall eiginfjárbáttar A var 28,3%.

Þegar fimm ár eru eftir af lánstíma vikjandi lánsins telur það 20% minna inn í eiginfjárgrunninn fyrir hvert ár eða hlutfallslega fyrir hluta úr ári sem líður af þessum fimm árum. Þar sem að 4 ár eru eftir af lánstíma vikjandi lánsins þá telur það einungis 80% inn í eiginfjárgrunninn.

Stjórn Íslandsbanka hefur ákveðið að hækka lágmarkseiginfjárlutfall samstæðunnar úr 18% í 23% af áhættugrunni til skemmri tíma. Hækkunin byggist annars vegar á auknum kröfum eftirlitsaðila en einnig á þeirri skoðun samstæðunnar, að skynsamlegt sé að eiga umtalsverðan eiginfjárafauka til að takast á við óvissu í tengslum við afnám gjaldeyrishafta. Gert er ráð fyrir að eiginfjármarkmiðið verði endurskoðað á næstu 12-18 mánuðum.

Samstæðan notar staðalaðferð til að reikna eiginfjárpörf vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu. Eiginfjárpörf vegna rekstraráhættu er reiknuð með grundvallaraðferð.

	2015	2014
Eiginfjárbáttur A		
Hlutfé	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	55.000	55.000
Annað eigið fé	6.002	2.535
Óráðstafað eigið fé	127.288	116.288
Hlutdeild minnihluta	3.937	1.664
Skatteign	-	(521)
Óefnislegar eignir	(1.331)	(619)
Aðrir lögbundnir frádráttarliðir	(2.779)	-
Eiginfjárbáttur A	198.117	184.347
Eiginfjárbáttur B		
Vikjandi lán	19.517	21.306
Lækkun á gjaldgengu eiginfé	(3.903)	-
Aðrir lögbundnir frádráttarliðir	(2.779)	-
Eiginfjárgrunnur samtals	210.952	205.653
Áhættugrunnur		
- Vegna útlánaáhættu	606.591	583.375
- Vegna markaðsáhættu	16.607	33.326
Markaðsáhætta, veltubók	9.931	6.594
Gjaldeyrissáhætta	6.676	26.732
- Vegna rekstraráhættu	76.495	78.401
Áhættugrunnur samtals	699.693	695.102
Eiginfjárlutföll		
Eiginfjárlutfall A	28,3%	26,5%
Eiginfjárlutfall	30,1%	29,6%

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

82. (framhald)

Í 86. grein laga um fjármálafyrirtæki (nr. 161/2002) er kveðið á um aðgerðir vegna ónógs eiginfjár fjármálafyrirtækis. Hafi stjórn eða framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis ástæðu til að ætla að eiginfjárgrunnur þess sé undir lögbundnu lágmarki ber þeim þegar í stað að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eiginfjárgrunn upp í lögbundið lágmark. Séu úrræði fjármálafyrirtækisins ekki fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins eða líði frestur án þess að til viðeigandi aðgerða sé gripið skal afturkalla starfsleyfi fjármálafyrirtækisins.

Rekstraráhætta

83. Samstæðan styðst við skilgreiningu á rekstraráhættu í tilskipun Evrópusambandsins, þar sem rekstraráhætta er skilgreind sem „hættan á tapi sem er afleiðing af ófullnægjandi innri verkferlum, misbresti á að verkferlum sé fylgt, starfsmönnum og kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi, og inniheldur lagalega áhættu“. Samstæðan skilgreinir hlítingaráhættu og orðsporsáhættu sem hluta af rekstraráhættu.

Stjórn bankans hefur samþykkt Rekstraráhættustefnu, sem gildir fyrir bankann og dótturfélög hans í samræmi við 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í stefnunni er umgjörð rekstraráhættustýringar í bankanum skilgreind. Umgjörðinni er lýst nánar í nokkrum undirskjöllum, svo sem Gæðastefnu, Gagnastefnu, Stefnu um samfelldan rekstur, Öryggisstefnu og Áætlun um samskiptamál í áfallastjórnun, sem öll hafa verið samþykkt af framkvæmdastjórn bankans.

Samkvæmt Rekstraráhættustefnu bankans ber framkvæmdastjórn ábyrgð á umgjörð um rekstraráhættu og ber Áhættueftirlit, sem er hluti af Áhættustýringu, ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar innan bankans.

Bankinn notar grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) tilskipunar um eiginfjárkröfur til að reikna út lágmarkseiginfjárkröfur stoðar 1 vegna rekstraráhættu, í samræmi við reglur FME nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Reikningsskilareglur

84. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum eftirfarandi eignum og skuldum sem færðar eru á gangvirði: skuldabréf og skuldagerningar, hlutabréf og eiginfjárgæringar, skortstöður í skráðum skuldabréfum og afleiðusamningum.

Fastfjármunir til sölu og aflögð starfsemi eru færð á bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.

85. Breytingar á framsetningu

Samstæðan hefur breytt framsetningu sinni í ársreikningnum sem hér segir:

- a) Samstæðan hefur breytt framsetningu sinni í rekstrarreikningi sem hér segir:
 - Liðurinn Áhrif hlutdeildarféлага hefur verið sameinaður liðnum Aðrar rekstrartekjur
 - Liðurinn Rekstrarkostnaður hefur verið skipt upp í tvo liði: Laun og launatengd gjöld og Annar rekstrarkostnaður
- b) Samstæðan hefur breytt framsetningu sinni í efnahagsreikningi samstæðunnar sem hér segir:
 - Liðurinn Skatteign hefur verið færð inn í liðinn Aðrar eignir
 - Liðirnir Innlán Seðlabanka Íslands og Innlán lánastofnana hafa verið sameinaðir í einn lið: Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana. Þessir liðir hafa einnig verið sameinaðir í skýringum 7, 9, 68 og 74.
 - Liðirnir Skattskuldir og Tekjuskattskuldbinding hafa verið sameinaðir í einn lið: Skattskuldir.
- c) Samanburðartölum í skýringu 11, Hreinar vaxtatekjur, hefur verið breytt úr 40.521 milljónir króna í 40.331 milljónir króna fyrir lán og kröfur og (4.940) milljónir króna í (4.750) milljónir króna fyrir lántöku.
- d) Sambærilegum upplýsingum í skýringu 36 Tengdur aðili hefur verið breytt þar sem talið var að innstæðunum tilheyrðu upplýsingar sem falla ekki undir skilgreininguna á tengdum aðila samkvæmt IAS24 Tengdir aðilar. Að auki var nýjum lið, Hluthafar með yfirráð yfir samstæðu bankans, bætt við upplýsingarnar og tveir liðir voru sameinaðir í einn í Stjórn bankans og lykilstjórnendur.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. Helstu reikningsskilaaðferðir

Neðangreindum reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti af öllum félögum samstæðunnar á öll tímabil sem þessi ársreikningur nær yfir.

Hér fyrir neðan er efnisyfirlit skýringa á helstu reikningsskilaaðferðum sem fjallað er um á næstu blaðsíðum.

Efnisyfirlit

	Bls.
1 Grundvöllur samstæðu	73
2 Erlendir gjaldmiðlar	74
3 Fjáreignir	75
4 Fjárskuldir	76
5 Mat á gangvirði	76
6 Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda	78
7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	78
8 Afleiðusamningar	78
9 Hlutdeildarfélög	79
10 Leigusamningar	79
11 Rekstrarfjármunir	79
12 Óefnislegar eignir	80
13 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	80
14 Fjárhagslegar ábyrgðir	81
15 Lánsloforð	81
16 Skuldbindingar	81
17 Starfskjör	81
18 Hlutfé	81
19 Handbært fé og ígildi þess	82
20 Vaxtatekjur og vaxtagjöld	82
21 Hreinar þóknunatekjur (gjöld)	82
22 Hreinar fjármunatekjur (gjöld)	83
23 Hreinn gengismunur	83
24 Rekstrarkostnaður	83
25 Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna	83
26 Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	84
27 Hrein virðisbreyting útlána	84
28 Tekjuskattur	85
29 Aflögð starfsemi	86
30 Jöfnun tekna og gjalda	86
31 Hagnaður á hlut	86
32 Starfsþættir	86
33 Upphafleg beiting nýrra alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum	86
34 Nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem hafa verið gefin út en ekki tekið gildi	86

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.1. Grundvöllur samstæðu

Ársreikningur samstæðu bankans samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf., sem móðurfélags, og dótturfélaga hans, sem einnar efnahagseiningar. Samstæðan myndar samstæðu með dótturfélögum sínum á grundvelli yferráða, en dótturfélögin eru einingar undir yferráðum bankans.

a) Yferráð

Samstæðan hefur yferráð yfir félagi þegar samstæðan hefur áhættu af eða rétt til breytilegrar arðsemi af aðkomu sinni að félaginu og getur haft áhrif á þá arðsemi með valdi sínu yfir félaginu.

Samstæðan hefur áhættu af eða rétt til breytilegrar arðsemi af aðkomu sinni að félagi þegar arðsemi samstæðunnar af aðkomu sinni getur verið breytileg eftir frammistöðu félagsins.

Samstæðan hefur vald yfir félagi þegar samstæðan hefur núverandi réttindi sem gera henni kleift að stýra viðkomandi starfsemi, þ.e. þeirri starfsemi sem hefur umtalsverð áhrif á arðsemi félagsins.

Alla jafna er gert ráð fyrir því að meirihluti atkvæðisréttar leiði til yferráða. Til að áréttta þessa forsendu og þegar samstæðan fer með minna en meirihluta atkvæðisréttar eða samskonar réttinda innan félags, hefur samstæðan hliðsjón af öllum viðeigandi staðreyndum og kringumstæðum þegar hún metur hvort hún hafi vald yfir félagi, þar á meðal samningum við aðra sem hafa atkvæðisrétt innan félagsins, réttindum sem stafa af öðrum samningum, atkvæðisrétti samstæðunnar og mögulegum atkvæðisrétti.

Þegar samstæðan metur hvort hún hafi yferráð yfir félagi, ákvarðar hún einnig hvort hún sé umbjóðandi eða fulltrúi annarra aðila. Ef samstæðan hefur vald til að stjórna starfsemi félagsins til að skapa sér sjálfri arð, er hún umbjóðandi. Ef samstæðan gegnir fyrst og fremst því hlutverki að starfa fyrir hönd og til hagsbóta fyrir aðra aðila, er hún fulltrúi annarra aðila og hún stjórnar ekki félaginu þegar hún nýtir sér þann rétt til ákvarðanatöku, sem henni hefur verið veitt. Við mat á því hvort samstæðan sé umbjóðandi eða fulltrúi annarra aðila tekur hún mið af heildartengslunum milli sín, félagsins og annarra aðila með aðkomu að félaginu. Sérstaklega metur samstæðan umfang ákvörðunarvalds síns yfir félaginu, réttindi annarra aðila, þá þóknun sem hún á rétt á í samræmi við hvers konar samninga um þóknun og áhættu samstæðunnar af breytilegri arðsemi af öðru eignarhaldi sínu í félaginu. Hverjum þessara þátta er gefið mismunandi vægi á grundvelli tiltekinna staðreynda og kringumstæðna.

Samstæðan endurmetur hvort hún ráði yfir félagi eða ekki ef staðreyndir og kringumstæður benda til þess, að breytingar hafi orðið á einum eða fleiri þáttum yferráðanna.

b) Samstæðureikningsskil

Samstæðureikningsskil dótturfélags hefjast þegar samstæðan fær yferráð yfir dótturfélaginu og þeim lýkur þegar samstæðan missir yferráð yfir dótturfélaginu.

Við gerð ársreiknings samstæðunnar sameinar Íslandsbanki hf. reikningsskil sín reikningsskilum dótturfélaga sinna, lið fyrir lið, með því að leggja saman samskonar eignir, skuldir, eigið fé, tekjur, gjöld og sjóðstreymi. Þegar nauðsyn krefur eru gerðar lagfæringar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma reikningsskilaaðferðir þeirra reikningsskilaaðferðum samstæðunnar. Allar eignir og skuldir, eigið fé, gjöld og sjóðstreymi innan samstæðu, sem tengjast viðskiptafærslum innan samstæðu eru felldar út að fullu við reikningsskil. Bókfært verð fjárfestingar Íslandsbanka hf. í hverju dótturfélagi og hlutur Íslandsbanka í eigin fé hvers dótturfélags er eytt út og öll tengd viðskiptavild er færð sem eign.

Þegar samstæðan hefur skuldbundið sig við söluáætlun, sem felur í sér að yferráðum ljúki yfir dótturfélagi og skilyrðum fyrir flokkuninni til sölu er fullnægt (sjá skýringu 86.13), eru allar eignir og skuldir þess dótturfélags flokkaðar til sölu í ársreikningi samstæðunnar. Þetta er án tillits til þess hvort samstæðan muni áfram eiga hlutdeild í dótturfélaginu eftir sölna.

Þegar sala dótturfélaga samræmist skilgreiningunni á aflagðri starfsemi (sjá skýringu 86.29), setur samstæðan hagnaðinn eða tapið af sölnni fram í rekstrarreikningi undir liðnum Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti.

Missi samstæðan yferráð yfir dótturfélagi, færir hún eignir (þar á meðal viðskiptavild) og skuldir út úr samstæðureikningi, sem og eign minnihluta og aðrar stöður innan eigin fjár en allur hagnaður og tap, sem myndast við þessar færslur, færirst í rekstrarreikning. Sérhver áframhaldandi hlutur samstæðunnar í hinu fyrriverandi dótturfélagi er færður á gangvirði á þeim degi sem yferráðum lýkur.

Breyting á eignarhlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi, án þess að yferráðum ljúki, er færð sem viðskipti með hlutafé.

c) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er eigið fé í dótturfélögum sem ekki tilheyrir samstæðunni, hvorki beint né óbeint.

Við hverja sameiningu félaga metur samstæðan hlutdeild minnihluta í hinu yfirteknna félagi á yfirtökudegi sem telst til núverandi eignarhalds og veitir handhöfunum hlutfallslegan skerf af hreinum eignum félagsins ef til slita kemur, annaðhvort á gangvirði eða hlutfallslegan eignarhlut núverandi eigenda í viðurkenndum fjárhæðum aðgreinanlegra hreinna eigna hins yfirteknna félags. Önnur hlutdeild minnihluta er metin á gangvirði á kaupdegi þeirra, nema kveðið sé á um annað mat samkvæmt IFRS.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

Samstæðan sýnir hlutdeild minnihluta meðal eigin fjár í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilda frá því eigin fé, sem tilheyrir eigendum Íslandsbanka hf. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í yfirliti um heildarafkomu og telst til eigin fjár í efnahagsreikningi aðskilið frá eigin fé sem tilheyrir eigendum samstæðunnar. Það er óháð því hvort það verði til þess að hlutdeild minnihluta sýni tap.

Þegar hlutfall af eigin fé í eigu minnihluta breytist, leiðréttir samstæðan bókfært verð hlutdeildar meirihluta og minnihluta svo að það endurspegli breytingarnar á hlutfallslegri hlutdeild þeirra í dótturfélaginu. Allur mismunur á þeirri fjárhæð sem hlutdeild minnihluta er leiðrétt með og gangvirði þess endurgjalds sem samstæðan hefur afhent eða móttakið er færður beint meðal eigin fjár og tilheyrir eigendum Íslandsbanka hf. Engar leiðréttingar eru gerðar á viðskiptavild og ekki er færður neinn hagnaður eða tap í rekstur.

d) Sameining félaga og viðskiptavild

Samstæðan færir hverja sameiningu félaga með því að beita kaupaðferð (e. acquisition method). Með kaupaðferðinni skilgreinir samstæðan sjálfa sig sem kaupanda, ákvarðar kaupdaginn, skráir og metur aðgreinanlegar eignir sem keyptar eru, yfirteknar skuldir og alla hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi og skráir og metur alla viðskiptavild eða hagnað af kaupunum.

Kostnaður við kaup á félagi er metinn sem heildartala þess endurgjalds sem afhent er, sem er metið á gangvirði á kaupdegi, og heildarfjárhæð allrar hlutdeildar minnihluta í hinu keypta félagi sem er metin eins og lýst er í skýringu 86.1(c). Allt skilyrt eignarhald sem samstæðan afhendir er fært á gangvirði kaupdags. Skilyrt eignarhald flokkað sem eign eða skuld sem er fjármálagerningur og fellur undir IAS 39 Fjármálagerningar: færsla og mat er metið á gangvirði með þeim breytingum á gangvirði sem færðar eru í rekstrarreikning samstæðunnar.

Kostnaður sem tengist kaupum, annar en sá sem tengist skulda- eða hlutabréfum, sem samstæðan hefur gefið út í tengslum við sameiningu félaga, er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Samstæðan færir aðgreinanlegar eignir sem hún hefur keypt, yfirteknar skuldir og alla hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi á kaupdegi, aðskilið frá viðskiptavild. Með vissum undantekningum eru hinar aðgreinanlegu eignir og skuldir færðar á gangvirði á kaupdegi.

Samstæðan færir alla viðskiptavild, sem til verður við sameiningu félaga, sem eign og metur hana á upphaflegu kostnaðarverði, sem er jákvæður mismunur milli (a) heildarfjárhæðar þess endurgjalds sem samstæðan hefur afhent, fjárhæðar allrar hlutdeildar minnihluta og gangvirðis fyrri hlutdeildar samstæðunnar í hinu keypta félagi á kaupdegi og (b) hreinnar fjárhæðar aðgreinanlegra eigna sem samstæðan hefur keypt og yfirtekinna skulda samstæðunnar á kaupdegi. Sé þessi mismunur neikvæður, endurmetur samstæðan hvort hún hafi tilgreint rétt allar hinar keyptu eignir og allar hinar yfirteknar skuldir og endurskoðar þær verklagsreglur sem beitt var til að meta þær fjárhæðir sem færa skyldi á kaupdegi. Leiði endurmatið enn til neikvæðs mismunar, er mismunurinn færður í rekstrarreikning á kaupdegi sem hagnaður af kaupunum.

Eftir að viðskiptavild hefur verið færð í upphafi er hún metin á kostnaðarverði að frádreginni allri uppsafnaðri virðisrýrnun. Samstæðan framkvæmir virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni á hverju ári og oftast ef vísbending er um að hún kunni að hafa rýrnað. Til að meta virðisrýrnun úthlutar samstæðan viðskiptavild frá kaupdegi á allar tekjuskapandi einingar sem gert er ráð fyrir að njóti hagsbóta af sameiningunni, án tillits til þess hvort öðrum eignum eða skuldum hins yfirteknra félags hefur verið úthlutað til þessara eininga.

Þegar viðskiptavild hefur verið úthlutað til tekjuskapandi einingar og hluti starfseminnar innan þeirrar einingar er seldur, er viðskiptavild, sem tengist hinni seldu starfsemi, tekin með í bókfært verð starfseminnar þegar ákvarðaður er hagnaður eða tap af sölunni. Viðskiptavild sem seld er við þessar kringumstæður er metin á grundvelli hlutfallslegs verðmætis hinnar seldu starfsemi og hluta hinnar fjárskapandi einingar sem er áfram í eigu samstæðunnar.

86.2. Erlendir gjaldmiðlar

Gjaldeyrisviðskipti

Líðir sem meðtaldir eru í reikningsskilum hvers félags í eigu samstæðunnar eru metnir í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum við dagsetningu efnahagsreiknings eru umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðla á gengi þess dags. Gengismunur af peningalegum eignum er mismunurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum í ársbyrjun, að teknu tilliti til virkra vaxta og greiðslna á árinu og afskrifuðu kostnaðarverði í erlendum gjaldeyri sem er umreiknað á gengi í árslok.

Ófjárhagslegar eignir og skuldir sem eru metnar samkvæmt upphaflegu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar með því að nota gengi viðskiptadags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem eru metnar á gangvirði eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðli á stundargengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað.

Gengismunur sem verður til vegna umreiknings er færður í rekstrarreikning (sjá skýringu 86.23).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.3. Fjáreignir

Til að meta fjáreignir sínar aðgreinir samstæðan þær við upphaflega skráningu í eftirfarandi flokka (sjá einnig skýringu 7):

- útlán; eða
- fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning; annaðhvort sem
 - veltufjáreignir; eða
 - fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- fjáreignir til sölu.

a) Útlán

Útlán eru fjáreignir, aðrar en afleiður, með föstum eða skilgreindum gjalddögum sem ekki eru skráðar á virkum markaði og samstæðan hefur ekki áform um að selja strax eða í náninni framtíð, aðrar en þær sem samstæðan færir í upphaflegri skráningu sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Útlán eru lán sem samstæðan veitir viðskiptavinum, þátttaka í lánum frá öðrum lánveitendum og yfirtekin lán vegna eignaleigu.

Þegar samstæðan kaupir fjáreign og gerir um leið samning um að endurselja eignina (eða efnislega sams konar eign) á föstu verðlagi á tilteknum degi í framtíðinni (bakfærð endurhverf viðskipti), er ráðstöfunin færð sem lán eða krafa og hin undirliggjandi eign er ekki færð í reikningsskilum samstæðunnar.

Útlán eru skráð þegar fjármunir eru greiddir út til lántakenda. Útlán eru metin á gangvirði við upphaflega skráningu að viðbættum beinum viðskiptakostnaði. Þau eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til þeirrar fjárhæðar, sem lánin eru metin á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbættri eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta alls mismunar á upphaflegu fjárhæðinni og innlausnarvirðinu (svo sem vegna afsláttar eða álags við kaupin, þóknana og kostnaðar sem samofin eru virkum vöxtum) og að frádregnu framlagi vegna virðisrýrnunar (sjá skýringu 86.27). Bókfært verð útlána í efnahagsreikningi inniheldur áfallna vexti.

Tap sem hlýst af virðisrýrnun er fært í rekstrarreikning undir Hrein virðisbreyting útlána.

b) Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Samstæðan flokkar ákveðnar fjáreignir á gangverði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu þegar slíkt gefur nákvæmari upplýsingar vegna þess að:

- Það eyðir eða minnkar verulega ósamræmi í mati eða skráningu sem annars myndi eiga sér stað við mat fjáreigna eða við skráningu hagnaðar og taps af þeim með ólíkum hætti; eða
- Fjáreignir og afkoma þeirra er metin á gangvirðisgrundvelli, í samræmi við áhættustýringu samstæðunnar eða fjárfestingarstefnu, og upplýsingar eru veittar á þeim grundvelli til lykilstjórnenda samstæðunnar; eða
- Fjáreignir innihalda innbyggða afleiðu sem hefur veruleg áhrif á sjóðstreymi.

Fjáreignir sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir Vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta.

c) Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru fjáreignir sem eru keyptar til að selja eða til endurkaupa í náninni framtíð, eða til að eiga sem hluta af eignasafni sem stýrt er í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða til stöðutöku. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði, sem ekki eru áhættuvarnargerningar.

Veltufjáreignir eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi en viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur (gjöld), að undanskildum áföllnum vöxtum, sem færðir eru undir Vaxtatekjur.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

d) Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru fjáreignir sem samstæðan tilgreinir sem slíkar og eru ekki afleiður, flokkaðar sem lán eða kröfur, veltufjáreignir eða fjáreignir færðar á gangvirði í rekstur. Fjáreignir til sölu eru eiginfjárgæringar sem samstæðan á sem langtímafjárfestingu.

Fjáreignir til sölu eru upphaflega færðar á gangvirði auk viðskiptakostnaðar en síðan færðar á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru upphaflega færðar beint í yfirlit yfir heildarafkomu, að frádregnum tekjuskatti. Uppsafnaðar breytingar á gangvirði færðar í yfirlit yfir heildarafkomu eru færðar í rekstrarreikningi undir „Hreinar fjármunatekjur“ þegar fjáreignir eru afskráðar eða virðisýrðar. Hagnaður og tap af afskráningu er ákvarðaður með meðalkostnaðaraðferð.

Vaxtatekjur af fjáreignum sem flokkaðar eru til sölu eru færðar í rekstrarreikning undir Vaxtatekjur með aðferð virkra vaxta. Gengishagnaður og tap af peningalegum fjáreignum sem eru til sölu er færður í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur. Arður af eiginfjárgæringum til sölu er færður í rekstrarreikning undir Hreinar fjármunatekjur þegar samstæðan öðlast rétt til að fá greiðslu. Tap sem hlýst af virðisýrningu fjáreigna til sölu er færð í rekstrarreikning undir Hreina virðisbreytingu útlána.

86.4. Fjárskuldir

Að undanskildum fjárhagslegum ábyrgðum (sjá skýringu 86.14) og lánsloforðum (sjá skýringu 86.15), flokkar samstæðan fjárskuldir sínar í eftirfarandi flokka til að meta þær (sjá einnig skýringu 7):

- Veltufjárskuldir; eða
- Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Samstæðan færir ekki fjárskuldir sem skráðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

a) Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir eru fjárskuldir sem aðallega er stofnað til í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða þóknunum vegna miðlunar. Veltufjárskuldir eru skortstöður í eiginfjár- og skuldabréfagæringum og afleiðusamningum á neikvæðu gangvirði sem ekki eru flokkaðar sem fjárhagslegar ábyrgðir og eru ekki áhættuvarnargæringar.

Veltufjárskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði í efnahagsreikningi og viðskiptakostnaður færður beint í rekstrarreikning. Veltufjárskuldir eru síðan metnar á gangvirði og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld) að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðnum Vaxtagjöld.

b) Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjárskuldir sem ekki eru afleiður og samstæðan flokkar ekki sem veltufjárskuldir. Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af innstæðum, lántökum og vijkjandi lánnum.

Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði og síðan á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til fjárhæðarinnar sem fjárskuldarnar eru metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbætti eða frádregningu uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta á öllum mismun milli upphaflegrar fjárhæðar og innlausnarfjárhæðarinnar (svo sem vegna afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta). Áfallnir vextir eru hluti af bókfærðu virði fjárskuldanna í efnahagsreikningi.

86.5. Mat á gangvirði

Nokkrar af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast gangvirðismats vegna mats og/eða skýringa. Gangvirði er það verð sem fengist fyrir að selja eign eða greitt væri fyrir að flytja skuldbindingu í skipulegum viðskiptum á milli þátttakenda á markaði á reikningsskiladegi (þ.e. söluverð).

Samstæðan metur gangvirði fjáreigna og fjárskuldbindinga út frá tilboðsverði á virkum markaði þegar það er aðgengilegt. Markaður er talinn virkur ef tilboðsverð er aðgengilegt og tiltækt reglulega og ef þetta verð endurspeglar raunveruleg og regluleg viðskipti. Gangvirði byggist á nýjasta tiltæka markaðsvirði á uppgjörsgægi. Samstæðan ákvarðar gangvirði allra annarra fjármálagæringa með verðmatsaðferðum.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagæringu ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Markmið með notkun verðmatsaðferðar er að leiða fram gangvirði sem endurspeglar best söluverð eignar eða greiðslu við yfirfærslu skuldar í venjulegum viðskiptum á milli tveggja markaðsaðila á verðmatsgægi. Verðmatsaðferðir taka til allra þátta sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og eru í samræmi við viðtekna aðferðir við verðlagningu fjármálagæringa. Gangvirði endurspeglar útlánaáhættu fjármálagæringarsins og felur í sér leiðréttingar sem taka tillit til útlánaáhættu samstæðunnar og mótaðilans þegar við á. Samstæðan finstillir og prófar reglubundið verðmatsaðferðina með því að styðjast við verð í nýlegum, þekktum markaðsviðskiptum með sama fjármálagæringu, án breytinga eða leiðréttinga, eða á grundvelli annarra tiltækra og þekktra markaðsgagna.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

Allar gnótt- og skortstöður eru metnar á síðasta lokaverði eins og það var skráð á viðkomandi verðbréfamarkaði. Áreiðanlegustu gögnin um gangvirði fjármálagerninga við upphaflegt mat er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé stutt samanburði við önnur þekkt og nýleg markaðsviðskipti með sama gerning (þ.e. án breytinga eða leiðréttinga) eða byggt á verðmatsaðferðum þar sem breyturnar innihalda einungis gögn frá þekktum mörkuðum. Þegar slík gögn eru fyrirbyggjandi skráir samstæðan mismuninn á viðskiptaverði og gangvirði í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld) við upphaflega skráningu fjármálagerningsins. Í þeim tilfellum þar sem notuð eru gögn sem ekki eru frá greinanlegum mörkuðum er mismunurinn á viðskiptaverðinu og virðinu samkvæmt verðmatsaðferðinni, ef einhver er, skráður í rekstrarreikning undir liðnum Hreinar fjármunatekjur (gjöld), eftir því hvaða staðreyndir og aðstæður eiga við um viðskiptin hverju sinni og eigi síðar en þegar gögnin verða þekkt eða þegar fjármálagerningurinn er innlestur, fluttur eða seldur.

a) Virðislíkön

Samstæðan mælir gangvirði með því að nota þrepaskiptingu gangvirðis sem endurspeglar þær forsendur sem notaðar eru við mælingarnar. Nánar er fjallað um þrepaskiptingu gangvirðis í skýringu 8.

Meðal verðmatsaðferða eru núvirðis- og fjárstreymislíkön, samanburður við svipaða fjármálagerninga þar sem þekkt verð á markaði er fyrir hendi, Black-Scholes-verðlagningarlíkön og önnur virðislíkön. Forsendur sem eru meðal annars notaðar í verðmatsaðferðum eru áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir, áhættuálag og aðrir þættir sem eru notaðir til að meta afvöxtunarstuðla, verð skuldabréfa og gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla, ásamt flókti á verði og fylgni þess.

Samstæðan notar almennt viðurkennd virðislíkön til að ákvarða gangvirði algengra og einfaldari fjármálagerninga, svo sem vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamninga þar sem aðeins eru notuð þekkt markaðsgögn og lítil þörf er á úrskurði og mati af hálfu stjórnenda. Þekkt verð eða forsendur líkana eru yfirleitt tiltæk á markaðnum fyrir skráð skulda- og hlutabréf, afleiður sem verslað er með á verðbréfamarkaði og einfaldar afleiður utan verðbréfamarkaðar svo sem vaxtaskiptasamninga. Ef þekkt verð eða forsendur líkana eru tiltæk dregur úr þörfinni á mati stjórnenda og það dregur einnig úr óvissunni sem tengist ákvörðun gangvirðis. Mismunandi er eftir afurðum og mörkuðum hvort þekkt verð eða forsendur líkana séu tiltæk og það er háð breytingum sem stafa af sérstökum atvikum og almennum aðstæðum á fjármálamörkuðunum.

Fyrir flókarni fjármálagerninga notar samstæðan eigin líkön sem venjulega eru þróuð út frá viðurkenndum virðislíkönum. Það kann að vera að sumar eða allar forsendur þessara líkana séu ekki þekkt markaðsgögn, en í þeim tilfellum eru forsendur fengnar út frá markaðsverði eða gengi, eða áætluð á grundvelli forsendna. Virðið sem fæst úr líkani eða með öðrum verðmatsaðferðum er leiðrétt svo að þar sé tekið tillit til fjölmargra þátta, eftir því sem við á, vegna þess að verðmatsaðferðir geta ekki með fullnægjandi hætti endurspeglad alla þá þætti sem þátttakendur á markaði taka með í reikninginn þegar þeir stofna til viðskipta. Leiðréttingar á virði eru skráðar með þeim hætti að með þeim sé gert ráð fyrir áhættu í líkaninu, mun á kaup- og sölutilboðum, lausafjórðingum sem og öðrum þáttum, að því marki sem samstæðan telur að þriðji aðili á markaðnum myndi taka tillit til þeirra við verðmat í viðskiptunum. Stjórnendur telja að þessi leiðrétting á mati sé nauðsynleg og viðeigandi til þess að fjármálagerningar séu réttilega fram settir á gangvirði í efnahagsreikningi.

Yfirleitt er þörf á mati stjórnenda við val á viðeigandi virðislíkönum, ákvörðun um áætlað sjóðstreymi þess fjármálagernings sem metin er, ákvörðun um líkur á greiðslufalli gagnaðila og fyrirframgreiðslum og val á viðeigandi afvöxtunarstuðlum.

Mat gangvirðis sem fæst úr líkönum er leiðrétt fyrir öðrum þáttum, svo sem lausafjórðingum eða óvissu í líkönum, að því marki sem samstæðan telur að þriðji aðili á markaðnum myndi taka tillit til þeirra við verðmat í viðskiptunum. Gangvirði endurspeglar útlánaáhættu fjármálagerningsins og felur í sér leiðréttingar til að taka tillit til útlánaáhættu samstæðunnar og gagnaðilans þar sem við á. Við mat á afleiðum sem kynnu að breyta flokkun frá því að vera eign til þess að vera fjárskuldbinding eða öfugt svo sem vaxtaskiptasamningum, er í gangvirðinu tekið tillit til bæði leiðréttingar á útlánvirði (e. credit valuation adjustment (CVA)) og leiðréttingar á innlánvirði (e. debit valuation adjustment (DVA)) þegar þátttakendur á markaði hafa hliðsjón af þessu við verðlagningu afleiðnanna.

Forsendur og tölugildi líkana eru fínstillt með hliðsjón af sögulegum gögnum og útgefnum spám og, þar sem hægt er, núverandi eða nýlegum þekktum viðskiptum með mismunandi fjármálagerninga og með hliðsjón af tilboðum miðlara. Þetta fínstillingarferli er í eðli sínu huglægt og leiðir af sér margvíslegar hugsanlegar forsendur og mismunandi áætlanir á gangvirði. Stjórnendur þurfa því að skera úr um hvað helst eigi við.

b) Umgjörð um framkvæmd verðmats

Samstæðan hefur skipulagt umgjörð eftirlits með tilliti til mælingar á gangvirði. Þessi umgjörð felur í sér markaðsáhættudeild samstæðunnar sem er óháð stjórnendum framlínudeilda og gefur skýrslu til áhættustjóra og ber heildarábyrgð á því að sannprófa á sjálfstæðan hátt niðurstöður viðskipta- og fjárfestingarstarfsemi og allar mikilvægar mælingar á gangvirði. Sérstakt eftirlit felur meðal annars í sér mat á líkönum og skoðun mikilvægra óþekktra forsendna. Lokaákvörðun um gildi matsins er í höndum fjárfestingarráðs samstæðunnar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.6. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á viðskiptadegi, þ.e. skráning fer fram á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, að undanskildum lánum, sem eru skráð þann dag sem handbært fé er greitt út til lántakenda. Við sölu fjáreigna afskráir samstæðan eignina á viðskiptadegi, skráir allan hagnað og tap af sölu og skráir viðskiptakröfu kaupandans.

Samstæðan skráir veltufjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi þegar samstæðan verður samningsaðili fjármálagernings. Samstæðan skráir fjárskuldir sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði á þeim degi sem til þeirra var stofnað. Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær felldar niður eða þeim lýkur.

Samstæðan afskráir fjáreignir við eftirfarandi aðstæður:

- Þegar samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum lýkur, eða
- Þegar samstæðan flytur réttindin til að taka við samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum í viðskiptum þar sem:
 - Samstæðan flytur alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum, eða
 - Samstæðan flytur hvorki né á áfram efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum og hún heldur ekki yfirráðum yfir fjáreignunum.

Sérhver hlutur í fluttum fjáreignum sem uppfyllir skilyrði fyrir afskráningu og samstæðan býr til eða heldur eftir er skráður sem aðgreind eign eða skuld. Við afskráningu fjáreignar er mismunurinn milli bókfærðs verðs eignarinnar (eða þess bókfærða verðs sem er ráðstafað til þess hluta hinnar fluttu eignar), og samtölu (i) móttækis endurgjalds (þar á meðal sérhver ný eign sem fengist hefur að frádreginni sérhverri nýrri skuld sem stofnað er til) og (ii) alls uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem hafði verið skráð í aðra heildarafkomu, skráður í rekstrarreikning.

Samstæðan á viðskipti þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi, en heldur eftir annaðhvort allri áhættu og ávinningi eignanna sem yfirfærðar eru, eða hluta þeirra. Ef öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, er yfirfærð eign ekki afskráð í efnahagsreikningi. Flutningur eigna þar sem haldið er eftir öllum eða verulegum hluta allrar áhættu og ávinnings felur meðal annars í sér endurhverf viðskipti og verðbréfalán.

Samstæðan afskráir ekki af efnahagsreikningi verðbréf sem samstæðan selur samkvæmt endurkaupasamningi á tilgreindum degi í framtíðinni (endurhverf viðskipti) á föstu verði eða á söluverði auk ágóða lánveitanda. Samstæðan skráir móttekið fé sem skuldbindingu í efnahagsreikningi. Mismunurinn á sölu- og kaupverði er færður sem vaxtakostnaður á líftíma samnings með aðferð virkra vaxta.

Verðbréfalán og lánviðskipti eru venjulega tryggð með verðbréfum eða handbæru fé. Flutningur verðbréfa til mótaðila er eingöngu tilgreindur í efnahagsreikningi ef áhætta og ágóði vegna eignar eru líka flutt. Útgreitt lausafé eða lausafé móttekið sem veð er skráð sem eign eða skuld.

Í viðskiptum þar sem samstæðan heldur yfirráðum yfir eigninni en hvorki heldur eftir né flytur efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi, heldur samstæðan áfram að færa eignina í samræmi við áframhaldandi þátttöku sína, að teknu tilliti til þess að hve miklu leyti hún er óvarinn fyrir breytingum á verðmæti fluttu eignarinnar.

Verulegar breytingar á skilmálum fyrirleggjandi fjáreigna eða skipti á þeim fyrir nýjar með verulega breyttum skilmálum leiða til þess að samstæðan afskráir upphaflegu fjáreignirnar og skráir nýjar fjáreignir á gangvirði. Sjá einnig skýringu 86.27 með tilliti til skuldbreyttra lána.

86.7. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi ef, og aðeins ef, samstæðan hefur lagalegan rétt til jöfnunar fjárhæðanna og hún áformar annaðhvort að gera upp á nettógrunni eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

86.8. Afleiðusamningar

Afleiður sem samstæðan notar í viðskiptum geta verið í formi sjálfstæðra samninga eða innbyggðar í aðra samninga. Í þeim tilfellum metur samstæðan hvort nauðsynlegt sé að aðgreina innbyggðu afleiðurnar og færa þær eins og þær væru sjálfstæðir samningar. Sú væri raunin ef fjárhagslegir eiginleikar og áhætta innbyggðu afleiðnanna eru ekki nátengd fjárhagslegum eiginleikum og áhættu samninganna sem afleiðurnar eru hluti af; sjálfstæðir samningar með sömu skilmála og innbyggðu afleiðurnar myndu falla undir skilgreininguna á afleiðu í reikningshaldi og samstæðan flokkar hvorki sameinuðu samningana sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir né skráir þá á gangvirði í rekstrarreikning.

Afleiður, sem ekki eru flokkaðar sem eiginfjárgerningar samstæðunnar, eru flokkaðar sem fjáreignir eða fjárskuldir, metnar á gangvirði og skráðar í efnahagsreikning sem eignir eða skuldir, eftir því hvort gangvirði þeirra á uppgjörstegi er jákvætt (eignir) eða neikvætt (skuldir). Þegar samstæðan þarf að aðgreina innbyggðar afleiður og færa þær eins og sjálfstæða samninga, færir samstæðan gangvirði innbyggðu afleiðnanna í sama lið í efnahagsreikningi og þá samninga sem þeir eru hluti af.

Samstæðan beitti ekki áhættuvarnarreikningsskilum árið 2015, né á samanburðarárinu. Í samræmi við það færði samstæðan allar afleiðufjáreignir og afleiðuskuldir sínar sem veltufjáreignir eða veltufjárskuldir í samræmi við skýringar 86.3(c).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.9. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á.

Veruleg áhrif eru vald til að hafa veruleg áhrif á fjármála- og rekstrarlegar ákvarðanir félaganna, án þess að hafa yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir ákvörðunum þeirra. Ef samstæðan hefur yfir að ráða 20% atkvæðisréttar í félagi eða meira, er gert ráð fyrir að samstæðan hafi veruleg áhrif, nema hægt sé að sýna fram á það með skýrum hætti að svo sé ekki. Ef samstæðan hefur á hinn bóginn yfir að ráða minna en 20% atkvæðisréttar í félagi, er gert ráð fyrir að samstæðan hafi ekki veruleg áhrif, nema hægt sé að sýna fram á slík áhrif með skýrum hætti. Samstæðan hefur hliðsjón af mögulegum atkvæðisrétti og áhrifum hans ef hann er til staðar, að meðtöldum mögulegum atkvæðisrétti sem önnur félög hafa yfir að ráða, þegar metið er hvort hann hafi veruleg áhrif.

Samstæðan bókfærir fjárfestingu í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð. Með hlutdeildaraðferðinni er fjárfesting í hlutdeildarfélagum í upphafi færð á kostnaðarverði. Bókfært virði hvernar fjárfestingar er leiðrétt fyrir breytingum sem verða á eignarhlut samstæðunnar í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins frá kaupdegi. Viðskiptavild sem tengist fjárfestingu í hlutdeildarfélagum er tekin með í bókfært virði fjárfestinganna og er ekki sérstaklega prófuð með tilliti til virðisrýrnunar.

Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi og annarri heildarafkomu hlutdeildarféлага, frá þeim degi sem veruleg áhrif hefjast fram að þeim degi sem verulegum áhrifum lýkur, er hluti af samstæðureikningi bankans. Óinnleystur hagnaður og tap sem stafar af viðskiptum milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaganna er felldur út að því marki sem nemur eignarhlutdeildinni í hlutdeildarfélaginu.

Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags hærra en eignarhlutur hennar, er bókfært virði þess hlutdeildarfélags lækkað niður í núll og frekara tap er ekki skráð, nema að því marki að lagalegar eða afleiddar skuldbindingar hafi fallið á samstæðuna, eða greiðslur hafi verið inntar af hendi fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Skili hlutdeildarfélagið í kjölfarið hagnaði færir samstæðan hlutdeild sína í hagnaði þegar hlutdeild hans í hagnaði er orðin jöfn hlutdeild hans í úppgerðu tapi.

Eftir að hlutdeildaraðferðinni hefur verið beitt, ákvarðar samstæðan hvort nauðsynlegt sé að færa virðisrýrnun af fjárfestingu sinni í hlutdeildarfélagum. Á hverjum reikningsskiladegi ákvarðar samstæðan hvort fyrir liggi hlutlægar vísbendingar um að einstakar fjárfestingar í hlutdeildarfélagum hafi rýrnað. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar, reiknar samstæðan út fjárhæð virðisrýrnunar sem mismuninn milli endurheimtanlegs virðis hlutdeildarfélagsins og bókfærðs virðis þess og færir virðisrýrnunina í rekstrarreikning.

Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eða hlutum þeirra sem eru flokkaðar til sölu eru ekki færðar með hlutdeildaraðferð heldur í samræmi við reikningsskilaaðferðirnar sem greint er frá í skýringu 86.13. Allir hlutar fjárfestinga í hlutdeildarfélagum sem hafa ekki verið flokkaðir til sölu eru færðir með hlutdeildaraðferð þar til sá hluti sem er flokkaður til sölu er seldur. Eftir að salan fer fram, færir samstæðan alla áframhaldandi eignarhlutdeild í samræmi við IAS 39 Fjármálagæringar: færsla og mat nema hin áframhaldandi eignarhlutdeild verði áfram hlutdeildarfélag, en í því tilviki notar samstæðan hlutdeildaraðferðina.

Þegar verulegum áhrifum samstæðunnar á hlutdeildarfélag lýkur, metur hún og færir hverja áframhaldandi eignarhlutdeild á gangvirði. Allur mismunur milli bókfærðs virðis hlutdeildarfélagsins þegar verulegum áhrifum lýkur og gangvirðis hinnar áframhaldandi fjárfestingar og söluhagnaðar er færður í rekstrarreikning.

86.10 Leigusamningar

Samstæðan flokkar leigusamninga eftir efni þeirra og því að hve miklu leyti áhætta og ávinningur sem tengist eignarhaldi eignanna færirst yfir til leigutakans. Leigusamningar eru skilgreindir sem rekstrarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast ekki efnislega frá leigusala til leigutaka. Leigusamningar eru skilgreindir sem fjármögnunarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast efnislega frá leigusala til leigutaka.

a) Samstæðan sem leigutaki

Leigugreiðslur samkvæmt eignaleigusamningum þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á samningstímanum.

b) Samstæðan sem leigusali

Þar sem samstæðan er leigusali í eignaleigu, færir samstæðan eignaleigukröfu sem jafngildir hreinni fjárfestingu í leigunni undir liðinn Lán til viðskiptavina í efnahagsreikningi. Samstæðan beitir reikningsskilaaðferðum sínum um afskráningu og virðisrýrnun lána einnig á eignaleigukröfur sínar. Samstæðan færir fjármagnstekjur af eignaleigu í rekstrarreikningi undir liðinn Vaxtatekjur á leigutímanum til að fá fram samfellda arðsemi hinnar hreinu fjárfestingar í leigunni á tímabilinu.

Þegar samstæðan er leigusali í samningum sem teljast vera lögformlegir eignaleigusamningar en eru efnislega lánasamningar flokkar samstæðan þá sem útlán.

86.11 Rekstrarfjármunir

a) Skráning og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

Þegar hlutar rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

b) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Ákvörðun um að leggja við bókfært virði eignar kostnað sem síðar fellur til er byggð á því hvort viðkomandi rekstrarfjármunur, allur eða að hluta, hefur verið endurnýjaður eða ekki, eða hvort eðli kostnaðarins þýðir að hann sé nýr rekstrarfjármunur. Allur annar kostnaður er færður í rekstur sem gjöld eftir því sem til hans stofnast.

c) *Afskriftir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru tiltækir til notkunar, að undanskildu landi sem er ekki afskrifað. Hver hluti hins afskrifaða þáttar varanlegra rekstrarfjármuna ásamt kostnaði sem er umtalsverður í hlutfalli við heildarkostnað þáttarinnar er afskrifaður sérstaklega. Afskriftarfjárhæð hvers aðgreinanlegs varanlegs rekstrarfjármunar er ákvörðuð eftir að niðurlagsverð hans hefur verið dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstur miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar. Áætlaður nýtingartími er eftirfarandi:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar	6-12 ár
Vélar og tæki	4 ár
Bifreiðar	3 ár

Afskriftaraðferðin, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

86.12 *Óefnislegar eignir*

Hugbúnaður

Hugbúnaður sem samstæðan kaupir er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisýrnum.

Kostnaður vegna hugbúnaðar sem er þróaður innan samstæðunnar er færður sem eign þegar samstæðan getur sýnt fram á ætlun sína og getu til að fullkomna þróun og notkun hugbúnaðarinnar með þeim hætti að hún muni skapa efnahagslegan ávinning í framtíðinni og getur með áreiðanlegum hætti metið kostnaðinn við að ljúka þróunarvinnunni. Eignfærður kostnaður af hugbúnaði sem er þróaður innan samstæðunnar felur í sér allan kostnað sem beinlínis tilheyrir þróun hugbúnaðarinnar og eignfærðan fjármagnskostnað og er afskrifaður á nýtingartímanum. Hugbúnaður sem er þróaður innan samstæðunnar er eignfærður á kostnaðarverði að frádreginni afskrift og virðisýrnum.

Síðari kostnaður vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðarávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Hugbúnaður er afskrifaður línulega í rekstrarreikningi á áætluðum nýtingartíma hans, frá þeim degi sem hann er tilbúinn til notkunar. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar fyrir yfirstandandi tímabil og samanburðartímabilið er fjögur ár.

86.13 *Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi*

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi er flokkuð til sölu og sýnd í sérstökum liðum eigna og skuldamegin í efnahagsreikningi ef samstæðan væntir þess að hún muni endurheimta bókfært virði þeirra við sölu frekar en með áframhaldandi notkun. Til að þetta eigi við þarf eignin að vera tilbúin til sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um eðlileg viðskiptakjör og líklega sölu.

Áður en eignin er flokkuð til sölu, eru eignir og skuldir metnar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaaðferðir samkvæmt IFRS. Þar á eftir eru fastafjármunir til sölu metnar á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist, að undanskildum frestuðum tekjuskattseignum, fjáreignum og fjárfestingareignum sem eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar sem eiga við þær eignir. Eftir að hafa verið flokkaðar til sölu eru óefnislegar eignir og varanlegir rekstrarfjármunir ekki lengur afskrifaðir og fjárfestingar í hlutdeildarfélögum ekki lengur færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar sem eiga við þær skuldir.

Fastafjármunir til sölu og eignir og skuldir aflagðrar starfsemi eru sýndar aðgreindar frá öðrum eignum og skuldum í efnahagsreikningi. Hlutdeild minnihluta í fastafjármunum sem eru flokkaðir til sölu er sýnd innan eigin fjár í samræmi við skilyrðin í IAS 28 og er ekki flokkuð sem skuld.

Virðisýrnum vegna aflagðrar starfsemi er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild og síðan hlutfallslega til lækkunar þeirra eigna sem eftir standa. Virðisýrnum er þó ekki úthlutað til birgða, fjáreigna, tekjuskattsinneignar og fjárfestingareigna.

Virðisýrnum sem myndast við upphaflega skráningu fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi og hagnaður eða tap sem myndast við endurmat eftir upphaflega skráningu er fært í rekstrarreikning. Ekki er færður hagnaður umfram virðisýrnum.

Tekjur og gjöld sem stofnað hefur verið til vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi eru færð í rekstrarreikning undir liðinn Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti (sjá skýringu 86.29).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.14 Fjárhagslegar ábyrgðir

Ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að bæta réttþafa tap sem hann verður fyrir vegna vanefnda skuldara á greiðslum á gjalddaga, í samræmi við skilmála skuldagerings. Fjárhagslegar ábyrgðir eru gefnar út af samstæðunni til lánastofnana eða annarra samningsaðila viðskiptavinarins svo hún geti sett þær fram sem veð gegn lánveitingu, yfirdrætti eða annarri lánafyrirgreiðslu. Skuldir vegna ábyrgða sem samstæðan gefur út eru upphaflega metnar sem gangvirði álagsþóknunar á útgáfudegi og upphaflegt gangvirði er afskrifað línulega á líftíma ábyrgðarinnar. Skuldirnar eru síðan færðar sem óafskrifuð álagsþóknun eða vænt mat á reikningsskiladegi á þeim kostnaði sem fellur á samstæðuna við að gera upp skuldbindingu sem til fellur vegna ábyrgðarinnar, hvort sem hærra reynist. Matið er byggt á sögulegri reynslu og áliti stjórnenda.

Hækkun skuldbindingar vegna ábyrgða er færð í rekstrarreikning. Álagsþóknunin er bókfærð sem tekjur í rekstrarreikningi undir liðnum Hreinar þóknatekjur.

86.15 Lánsloforð

Lánsloforð eru skuldbindingar samstæðunnar til að útvega lánsfé samkvæmt fyrirfram tilgreindum skilmálum og skilyrðum. Samstæðan færir aðeins lánsloforð sem slík í efnahagsreikning undir liðnum Aðrar skuldir ef samstæðan hefur skuldbundið sig til að veita lán sem væri álitið virðisrýrt eða ef skuldbindingin verður íþyngjandi. Tengd gjöld eru síðan færð í rekstrarreikning. Þóknarir vegna lánsloforða sem samstæðan veitir viðtöku eru færðar í samræmi við þá reikningsskilaaðferð sem greint er frá í skýringu 86.21.

86.16 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar lagaleg eða líkleg greiðsluskylda hvílir á samstæðunni vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðin sem færð er sem skuldbinding er besta matið á því endurgjaldi sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingar á uppgjörsteggi, að teknu tilliti til áhættu og óvissu sem tengist skuldbindingunni. Þar sem skuldbinding er metin út frá því framtíðargreiðslufæði sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er bókfært virði hennar núvirði greiðslufæðisins. Þegar þess er vænst að hluti eða allur efnahagslegur ávinningur sem þarf til að gera upp skuldbindingu verði endurheimtur frá þriðja aðila og nær öruggt er að endurgreiðslan verði innheimt og hægt er að meta fjárhæð viðskiptakröfunnar á áreiðanlegan hátt er viðskiptakrafan skráð sem eign.

Samstæðan færir skuldbindingar fyrir óvissum skuldum sem myndast við samruna ef til staðar er líkleg greiðsluskylda vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti, jafnvel þótt ekki séu líkur á að uppgjör hennar hafi áhrif á efnahagslegan ávinning.

86.17 Starfskjör

Allar einingar samstæðunnar eru skuldbundnar til að greiða föst framlög til opinberra eða einkarekinna lífeyrissjóða á lög- og samningsbundnum grunni. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur þegar hún hefur greitt þessi framlög. Samstæðan færir þessi framlög sem launatengd gjöld þegar þau koma til greiðslu. Samstæðan hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi.

Starfslokagreiðslur eru færðar af samstæðunni sem launakostnaður þegar samstæðan er sannanlega skuldbundin, án raunhæfs möguleika á afturköllun, samkvæmt formlegri ítarlegri áætlun um annaðhvort að binda enda á ráðningu fyrir eðlilegan starfslokadag, eða vegna tilboðs um að veita uppsagnarkjör til að hvetja til sjálfviljugrar uppsagnar. Uppsagnarkjör fyrir sjálfviljugar uppsagnir eru færð sem gjöld ef samstæðan hefur gert tilboð um sjálfviljugra uppsögn, líklegt er að tilboðinu verði tekið og hægt er að meta fjölda þeirra sem samþykkja með áreiðanlegum hætti.

Starfskjör til skamms tíma fela í sér laun, kaupauka í peningum til skamms tíma, framlög til almannatrygginga, launaðar fjarvistir og ópeningalegar bætur til núverandi starfsfólks. Starfskjör til skamms tíma eru gjaldfærð af samstæðunni eftir því sem hin tengda þjónusta er veitt. Skuld er færð fyrir fjárhæðina sem gert er ráð fyrir að greidd verði samkvæmt áætlunum um kaupauka í peningum ef samstæðan hefur núgildandi lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna fyrri þjónustu sem starfsmaðurinn hefur veitt og hægt er að meta skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

86.18 Hlutafé

a) Hlutafé

Hlutaféð sem sýnt er í ársreikningi samstæðunnar táknar heildarnafnvirði almennra hluta útgefinna af móðurfélaginu og útistandandi á uppgjörsteggi. Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu almennra hluta er færður sem frádráttur frá eigin fé, að frádragnum öllum skattaáhrifum.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

b) Arður af hlutabréfum

Gjaldfallinn arður til hluthafa í móðurfélaginu er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum á aðalfundi móðurfélagsins. Arður til hluthafa í minnihluta í dótturfélögum er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi dótturfélaganna. Arður sem ákveðinn er eftir uppgjörsdag er ekki færður sem skuld á uppgjörsgæði.

86.19 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár og ígildis þess í sjóðstreymisyfirliti telst reiðufé, ríkisvixlar, óbundnar innstæður hjá Seðlabanka Íslands og óbundnar innstæður hjá lánastofnunum, skammtímalán til lánastofnana og önnur auðseljanleg skuldabréf á breytilegum vöxtum. Handbært fé og ígildi þess nær yfir eftirstöðvar með minna en þriggja mánaða gjalddaga frá kaupdegi sem fela í sér óverulega áhættu á gangvirðisbreytingu og sem samstæðan notar við stýringu lausafjárskuldbindinga til skamms tíma.

86.20 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra fjáreigna og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra veltufjáreigna og veltufjárskulda og allra fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur, eru skráð í rekstrarreikning á grundvelli reikningsskila á rekstrargrunni.

Aðferð virkra vaxta er aðferð til að reikna afskrifað kostnaðarverð fjáreigna og fjárskulda (eða safns fjáreigna og fjárskulda) og skipta vaxtatekjum eða vaxtagjöldum yfir viðkomandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem afvaxtar vænt framtíðargreiðsluflæði fjáreignar eða fjárskuldar yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, til bókfærðs virðis fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan greiðsluflæði með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Við útreikninginn er tekið tillit til allra þóknana og greiðslna á milli samningsaðila sem heyra undir hlutfall virkra vaxta, sem og viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem samstæðan gefur sér við upphaflega skráningu fjáreignar og fjárskuldar og bókfært virði þeirra er síðan aðlagð ef áætlanir um greiðslur og innborganir eru endurmetnar. Bókfært virði er endurreiknað með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við upphaflega skráningu. Breytingar á bókfærðu virði eru færðar sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjármálagerninga á breytilegum vöxtum, eru venjulega skráð á gildandi markaðsvöxtum að viðbættum afskriftum eða að frádrægnu álagi eða afföllum, sem byggjast á upprunalegri ávöxtunarkröfu. Vextir á virðisyrðar fjáreignir eru reiknaðir á bókfært virði með upphaflegri ávöxtunarkröfu.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld innifela hagnað og tap af afskráðum lánnum og kröfum og fjárskuldum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

86.21 Hreinar þóknatekjur

Hreinar þóknatekjur ná yfir tekjur og gjöld vegna þóknana. Þóknatekjur og þóknagjöld eru yfirleitt skráð á rekstrargrunni þegar viðkomandi þjónusta er veitt.

Tekjur og gjöld vegna þóknana sem eru óaðskiljanleg frá virkum vöxtum á fjáreign eða fjárskuld eru tekin með við mat á virkum vöxtum.

Þóknunum vegna lánsloforða þar sem líklegt er að dregið verði á útlánið er frestað og þær færðar sem hluti af virkum vöxtum útlánsins. Þegar ekki er gert ráð fyrir að dregið verði á útlánið eru þóknar færðar línulega yfir lánstímabilið.

Þóknarir vegna sambankalána eru færðar sem tekjur þegar ferlinu er lokið og samstæðan hefur ekki haldið eftir neinum hluta lánapakans fyrir sjálfa sig eða hefur haldið hluta af sömu virku vöxtunum og aðrir þátttakendur.

Þóknatekjur og þóknagjöld sem stofnað er til vegna samningaviðræðna, þátttöku í samningaviðræðum, viðskipta fyrir þriðja aðila eins og til dæmis umsýslu á yfirtöku hlutabréfa eða annarra verðbréfa eða kaupa eða sölu fyrirtækja, eru skráð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið.

Þóknatekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum, aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, eftir því sem þjónustan er veitt.

Þóknatekjur fyrir eignastýringu sem tengist fjárfestingasjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sama á við um einkabankaþjónustu, fjármálaskipulagningu og vörsluþjónustu sem er veitt samfelld yfir lengri tíma. Árangurstengdar þóknarir, eða hluti af þóknunum, eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.22 Hreinar fjármunatekjur (gjöld)

Hreinar fjármunatekjur (gjöld) fela í sér hreinan hagnað af veltufjáreignum og veltufjárskuldum, hreinan hagnað af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hreinan hagnað af missi yfirráða yfir dótturfélögum.

a) Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum felur í sér allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem samstæðan flokkar til sölu, nema vaxtatekjur og vaxtagjöld (sem færð eru undir liðnum Vaxtatekjur og Vaxtagjöld, sjá skýringu 86.20) og gengishagnað og tap (sem færð eru undir liðnum Hreinn gengismunur, sjá skýringu 86.23). Tekjur vegna arðgreiðslna veltufjáreigna eru skráðar í rekstrarreikning þegar réttur samstæðunnar til þess að móttaka greiðslu er staðfestur.

Breytingar á gangvirði afleiðna sem flokkaðar eru til veltuviðskipta en teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eru sýndar í skýringum með ársreikningi samstæðu sem jöfnun á móti hreinum hagnaði af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

b) Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði fjáreigna sem samstæðan færir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema á vöxtum og vaxtakostnaði (sem færðar eru undir liðnum Vaxtatekjur og Vaxtagjöld, sjá skýringu 86.20), og á gengishagnaði og tapi (sem færðar eru undir liðnum Hreinn gengismunur, sjá skýringu 86.23). Tekjur vegna arðgreiðslna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur samstæðunnar til þess að móttaka greiðsluna hefur verið staðfestur.

Hagnaður af fjáreignum sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur einnig í sér breytingar á gangvirði afleiðna sem samstæðan flokkar til veltuviðskipta en teljast til efnahagslegra áhættuvarna fjáreigna sem samstæðan færir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

86.23 Hreinn gengismunur

Hreinn gengismunur í rekstrarreikningi, felur í sér allan gengismun vegna uppgjör á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og þýðingarmun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávik frá upphaflega skráðu gengi á tímabilinu eða í fyrri reikningsskilum.

Hreinn gengismunur felur einnig í sér gengismun vegna þýðingarmunar ófjárhagslegra eigna og skulda sem samstæðan færir á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum, en hagnaður og tap af þeim er einnig skráð í rekstrarreikningi.

86.24 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launum og launatengdum gjöldum, afskriftum af varanlegum rekstrarfjármunum, afskriftum óefnislegra eigna og öðrum rekstrarkostnaði eins og húsnæðiskostnaði, auglýsingakostnaði og tölvutengdum kostnaði.

86.25 Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna

Samstæðan metur árlega hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna annarra en fjárfestingareigna og tekjuskattsinneignar. Ef slík vísending er til staðar metur samstæðan endurheimtanlegt virði eignarinnar. Endurheimtanlegt virði viðskiptavildar og annarra ófjárhagslegra eigna sem hafa óskilgreindan líftíma eða eru ekki tilbúnar til notkunar er metið á sama tíma árlega. Virðisrýrnun er færð ef bókfært virði eignar eða fjárskapandi einingar reynist hærra en vænt endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun á viðskiptavild er færð í rekstrarreikning undir Virðisrýrnun viðskiptavildar.

Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem notað er til að ákvarða endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er aðeins færð til baka að því marki sem nemur bókfærðu virði eignarinnar án virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

Virðisrýrnun hlutdeildarfélaga

Þegar hlutlægar vísendingar eru um að fjárfesting í hlutdeildarfélögum kunni að hafa virðisrýrnað, er allt bókfært virði fjárfestingarinnar metið með tilliti til virðisrýrnunar með því að bera saman endurheimtanlega fjárhæð og bókfært virði hennar. Viðskiptavild sem tekin er með í bókfærðu virði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi er ekki færð sérstaklega og er því ekki prófuð sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar samkvæmt skilyrðum fyrir virðisrýrnunarprófun viðskiptavildar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.26 Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er ófrádráttarþær skattur sem lagður var á fjármálafyrirtæki í þeim yfirlýsta tilgangi að skapa tekjur fyrir ríkissjóð til þess að mæta auknum kostnaði vegna gjaldþrota íslensku bankanna í október 2008. Ennfremur er skattinum ætlað að þjóna því hlutverki að draga úr áhættusækni banka. Í kjölfar skuldaleiðréttingaraðgerða ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru 2013, var sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki hækkadur í 0,376% af heildarskuldum umfram 50 milljarða króna frá og með 1. janúar 2013. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi.

86.27 Hrein virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána er sú nettó fjárhæð sem færð er í rekstrarreikning eftir endurmat á áætluðum tekjum af útlánum. Virðisbreytingin er samsett úr tekjum vegna endurmats á væntu framtíðargreiðsluflæði útlána og gjöldum vegna sértækrar virðisrýrnunar lána og almennrar virðisrýrnunar.

Á hverjum uppgjörsdegi metur samstæðan stöðu útlána og fyrirframgreiðslna og hvort einhverjar hlutlægar vísbendingar séu um breytingar á væntu greiðsluflæði, til dæmis vegna mismunar á væntum greiðslum og raunverulegum greiðslum, breytinga á verðmæti trygginga og bættrar fjárhagsstöðu lánþega. Ef fjárhæð virðisrýrnunar lækkar á síðara tímabili og hægt er að tengja lækkunina hlutlægt við atburð sem varð eftir að virðisrýrnunin var skráð eða yfirtekin, er áður skráð virðisrýrnun bakfærð. Fjárhæð hvernar bakfærslu er færð í rekstrarreikning undir liðinn Hrein virðisbreyting útlána.

a) Virðisrýrnun

Fjáreign eða safn fjáreigna telst hafa rýrnað og virðisrýrnun hefur myndast ef, og aðeins ef, fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar (tapsatburður) og sá tapsatburður (eða atburðir) hefur áhrif á framtíðargreiðsluflæði fjáreignarinnar eða safns fjáreigna sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti. Mögulega er ekki hægt að greina einn sérstakan atburð sem veldur virðisrýrnuninni, heldur er um að ræða samanlögð áhrif nokkurra atburða. Mögulegt framtíðartap er ekki viðurkennt.

Virðisrýrnun útlána

Ef fyrir liggja hlutlæg merki um að virðisrýrnun hafi orðið á útlánum eða kröfum er bókfært virði þeirra lækkað til núvirðis áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis á upprunalegum virkum vöxtum með notkun varúðarreiknings.

Viðmið sem samstæðan notar til að ákvarða hvort fyrir hendi séu hlutlæg merki um virðisrýrnun eru meðal annars:

- Vanskil á samningsbundnum greiðslum á höfuðstól eða vöxtum;
- Greiðsluflæðiserfiðleikar lántakandans (til dæmis eiginfjárhlutfall eða nettótekjur sem hlutfall af sölu);
- Brot á lánaskuldbindingum eða samningum;
- Upphaf gjaldþrotamedferðar;
- Versnandi samkeppnisstaða lántakandans;
- Lækkandi virði veðs;
- Eignir lækkaðar um áhættuflokk;
- Endurskipulagning og greiðsluúræði.

Stjórnendur samstæðunnar meta fyrst hvort hlutlæg merki um virðisrýrnun séu til staðar vegna stærri fjáreigna. Útlán sem ekki eru virðisrýrd sértækt eru metin vegna virðisrýrnunar sem hluti af lánasafni. Sameiginlegt mat útlána í lánasöfnum gerir ráð fyrir að útlán hafi svipuð einkenni með tilliti til útlánaáhættu. Hlutlæg merki um virðisrýrnun lánasafna eru til staðar ef hlutlæg gögn gefa vísbendingar um lækkun á áætluðu framtíðargreiðsluflæði lánasafnsins og ef hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti en ekki hægt að tengja hana við einstök lán í lánasafninu.

Vaxtatekjur af virðisrýrðum lánnum eru færðar á þeim vöxtum sem notaðir eru við útreikning á núvirði framtíðargreiðsluflæðis við mat á virðisrýrnun.

Útreikningur á endurheimtanlegu virði

Endurheimtanlegt virði útlána samstæðunnar er reiknað sem núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis. Afvöxtun útlána á föstum vöxtum er gerð með upphaflegri ávöxtunarkröfu. Útlán á breytilegum vöxtum eru afvöxtuð á markaðsvöxtum.

Endurheimtanlegt virði annarra eigna eða fjárskapandi einingu er, hvort sem herra reynist, nýtingarvirði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Við mat á nýtingarvirði er framtíðargreiðsluflæði núvirt miðað við vaxtaþrósentu fyrir skatta sem endurspeglar gildandi mat markaðarins á tímavirði peninga og áhættu sem tengist viðkomandi eign eða fjárskapandi einingu. Ef um er að ræða eign sem ekki skapar greiðsluflæði er endurheimtanlegt virði ákvarðað fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

Endanlegar afskriftir útlána

Þegar lán er óinnheimtanlegt er það afskrifað á móti varúðarframlagi útlána. Slík lán eru afskrifuð eftir að öllum nauðsynlegum ferlum hefur verið lokið og fjárhæð tapsins hefur verið ákvörðuð.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja síðari hækkun endurheimtanlegs virðis á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var bókfærð.

Ef samstæðan endurmetur greiðslur eða tekjur, leiðréttir hún bókfært virði lána og krafna svo að það endurspegli raunverulegt og endurmetið greiðsluflæði. Ef einhver breyting er á væntu framtíðargreiðsluflæði, endurreiknar samstæðan bókfært virði útlána og krafna sem núvirði endurmetins framtíðargreiðsluflæðis með aðferð virkra vaxta. Mismunurinn á endurmetnu bókfærðu virði þessara lána og bókfærðu virði þeirra, sem felur í sér áfallna vexti, verðtryggingu, gengismun og raungreiðslur sem samstæðan tekur við, er færður í rekstrarreikning undir liðinn Hrein virðisbreyting útlána. Hækkanir á metnu framtíðargreiðsluflæði eru fyrst færðar sem bakfærsla á áður færðri virðisrýrnun.

Skuldbreyting lána

Ef hægt er reynir samstæðan að endurskipuleggja útlán frekar en að ganga að veði. Slíkt kann að fela í sér breytingar á lánstíma og lánaskilmálum. Þegar búið er að semja aftur um skilmála er útlánið ekki lengur talið í vanskilum. Stjórnendur yfirfara reglulega útlán sem endursamið hefur verið um til að ganga úr skugga um að öll viðmið standist og að líklegt sé að framtíðargreiðslur muni berast. Virðisrýrnun útlánanna er áfram metin sértækt eða sem hluti af lánasafni.

Ef samið er aftur um skilmála fjáreignar eða þeim breytt vegna fjárhagslegra erfiðleika viðskiptavinarins eða ný fjáreign kemur í staðinn fyrir þá sem fyrir var, er metið hvort afskrifa beri fjáreignina. Ef greiðsluflæði eignarinnar sem endursamið hefur verið um hefur breyst verulega, þá er álitnið að samningsréttindin til greiðsluflæðisins frá upphaflegu fjáreigninni séu útrunnin. Í því tilfalli er upphaflega fjáreignin afskrifuð og nýja fjáreignin færð á gangvirði. Virðisrýrnunin er metin á eftirfarandi hátt:

- Ef vænt endurskipulagning leiðir ekki til afskriftar fjáreignarinnar, er áætlað greiðsluflæði tekið með í mati á fjáreigninni á grundvelli væntrar tímasetningar og fjárhæða sem afvaxtaðar eru með upphaflegum virkum vöxtum fjáreignarinnar.
- Ef vænt endurskipulagning leiðir til afskriftar fyrri eignarinnar, þá er lítið svo á að vænt gangvirði nýju eignarinnar sé endanlegt greiðsluflæði frá fjáreigninni sem fyrir var. Þessi fjárhæð er afvöxtuð til uppgjörsdags með því að nota upphaflega virka vexti upphaflegu fjáreignarinnar.

Almenn virðisrýrnun

Almenn virðisrýrnun endurspeglar mat á virðisrýrnun sem hefur orðið en ekki greinst á uppgjörstímabilinu fyrir safn útlána með svipaða lánsáhættu.

86.28 Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi, felur í sér tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt af áframhaldandi starfsemi, að undanskildum hlut samstæðunnar í tekjuskatti af hlutdeildarfélagum samstæðunnar sem er færður með hlutdeildaraðferð. Tekjuskattur af aflagðri starfsemi er tekinn með undir liðinn Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti í rekstrarreikningi (sjá skýringu 86.29).

Tekjuskattur er skráður í rekstrarreikningi nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru í yfirlit yfir aðra heildarafkomu eða beint í eigin fé í samræmi við skráningu þess undirliggjandi liðar sem hann tengist.

Tekjuskattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af tekjuskattsskyldri afkomu ársins, miðað við þá skattprósentu sem í gildi er eða búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi og allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er reiknaður á grundvelli tímabundins mismunar á gangvirði eigna og skulda eins og það er sýnt í skattskilum annars vegar og reikningsskilum hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Þessi mismunur stafar af því að skattskil eru gerð eftir öðrum reglum en reikningsskil, einkum vegna þess að tekjur, sérstaklega af fjáreignum, eru bókaðar fyrr í reikningsskilum en í skattalegu uppgjöri.

Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður verði nægjanlegur til að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap. Skatteign er lækkuð að því marki sem dregur úr líkum á að yfirfæranlegt tap muni nýtast.

Frestaður tekjuskattur er metinn miðað við þá skattprósentu sem vænst er til að verði beitt á tímabundinn mismun þegar hann er bakfærður, með því að nota þá skattprósentu sem í gildi er eða búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi.

Skatteign er undir liðnum Aðrar eignir og tekjuskattsskuldbinding er undir liðnum Skattskuldir í efnahagsreikningi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingar sem tilheyra fastafjármunum til sölu (sjá skýringu 86.13) eru þó færðar undir liðinn Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi í efnahagsreikningi.

Skatteign er jafnað á móti tekjuskattsskuld í efnahagsreikningi ef samstæðan hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna út hinum færðu fjárhæðum og hefur í hyggju annaðhvort að gera upp nettó eða að innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Skatteign og tekjuskattsskuldbinding eru jafnaðar út í efnahagsreikningi ef samstæðan hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna skatteign á móti tekjuskattsskuldbindingu og skatteignin og tekjuskattsskuldbindingin tengjast sköttum sem lagðir eru á af sama skattyfirvaldi á sömu skattskyldu eininguna eða á aðrar skatteiningar, en þær áforma að gera upp tekjuskattsskuldbindingu og skatteign nettó eða skatteign og tekjuskattsskuldbinding þeirra verða innleystar samtímis.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86.29 Aflögð starfsemi

Samstæðan sýnir í sérstakri línu í rekstrarreikningi hagnað eða tap af aflögðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti. Til aflögðrar starfsemi teljast dótturfélög sem samstæðan hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur og sem uppfylla þau skilyrði að vera flokkuð til sölu (sjá skýringu 86.13) frá kaupdegi.

Hagnaður eða tap af aflögðri starfsemi felst í (i) hagnaði eða tapi eftir skatta af dótturfélögum sem samstæðan hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur, (ii) bókfærðum hagnaði eða tapi eftir skatta af mati á gangvirði að frádregnum sölukostnaði og af sölu dótturfélaga sem samstæðan hefur yfirtekið eingöngu í því augnamiði að selja þau aftur og (iii) hagnaði og tapi eftir skatta af sölu á fullnustueignum.

86.30 Jöfnun tekna og gjalda

Samstæðan jafnar aðeins tekjum og gjöldum í rekstrarreikningi þegar þess er krafist eða það er leyft samkvæmt IFRS.

86.31 Hagnaður á hlut

Samstæðan sýnir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti sína. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans með vegnu meðaltali fjölda útistandandi almennra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður er ákvarðaður með því að leiðrétta hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans og vegið meðaltal fjölda útistandandi almennra hluta með tilliti til áhrifanna af öllum þynntum mögulegum almennum hlutum, ef einhverjir eru.

86.32 Starfsþættir

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem býður fram vörur og þjónustu sem bera tekjur og tilfallandi gjöld, þar með taldar tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra starfsþætti samstæðunnar. Vörur og þjónusta hvers starfsþáttar felur í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Bankastjórn og framkvæmdastjórn meta starfsþætti sérstaklega með tilliti til afkomu og skiptingu auðlinda.

86.33 Upphafleg beiting nýrra alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum

Nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2015 höfðu ekki veruleg áhrif á samstæðureikning bankans.

86.34 Nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gefnir út en hafa ekki enn tekið gildi. Samstæðan hefur ekki innleitt neinn þeirra fyrir gildistíma og hyggst ekki gera það fyrr en þeir taka gildi.

Af þeim nýju alþjóðlegu reikningsskilastöðlum og breytingum á reikningsskilastöðlum sem hafa verið gefnir út en ekki öðlast gildi væntir samstæðan að einungis eftirfarandi staðlar muni hafa áhrif á samstæðureikning sinn á því tímabili þegar þeim verður beitt í fyrsta sinn:

a) IFRS 9 Fjármálagerningar, kemur í stað núverandi reglna í IAS 39 Fjármálagerningar: Færsla og mat og leiðir til breytinga á öðrum stöðlum, eins og IAS 1 Framsetning reikningsskila og IFRS 7 Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf. Eftirfarandi eru meginatriði IFRS 9:

- Flokka ber fjáreignir í einn af þremur matsflokkum, þ.e. fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eða fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Matið á því hvernig flokka ætti eign ber að framkvæma þegar eignin er upphaflega færð í bókhaldi. Skýlt er að endurflokka fjáreignir milli matsflokka ef markmið viðskiptalíkans sem eignirnar tilheyra breytist eftir upphaflega færslu þeirra í bókhaldi og ef breytingin er veruleg fyrir starfsemi félagsins.

- Flokka ber fjáreign sem fjáreign sem verður metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsbundnir skilmálar fjáreignarinnar leiða til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það að markmiði að innheimta samningsbundið sjóðstreymi.

- Flokka ber fjáreign sem fjáreign sem verður metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef samningsbundnir skilmálar fjáreignarinnar leiða til sjóðstreymis sem er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta og eignin tilheyrir viðskiptalíkani þar sem markmið þess næst bæði með því að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og með því að selja fjáreignir.

- Flokka ber allar aðrar fjáreignir sem fjáreignir sem verða metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þar að auki er heimilt við upphaflega skráningu í bókhaldi að tilgreina fjáreign óafturkallanlega sem fjáreign sem verður metin síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef tilgreiningin leiðir til þess að eytt sé eða verulega dregið úr reikningsskilalegu misræmi sem annars myndi koma fram.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

86. (framhald)

- Allar fjárfestingar í eiginfjárgerningum verða metnar á gangvirði eftir upphaflega færslu í bókhaldi. Eiginfjárgerningar sem haldið er til veltuviðskipta verða metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Fyrir allar aðrar fjárfestingar í eiginfjárgerningum verður hægt að taka óafturkallanlega ákvörðun við upphaflega færslu í bókhaldi um það hvort innleystur og óinnleystur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum, þar með talinn gengismun, verða færð í aðra heildarafkomu frekar en í rekstrarreikning. Fyrir slíkar fjárfestingar verður hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum ekki millifært síðar í rekstrarreikning. Hægt verður að taka þessa ákvörðun fyrir hvern og einn gerning fyrir sig. Arður verður færður í rekstrarreikning svo lengi sem hann felur í sér arðsemi af fjárfestingu.

- IFRS 9 hefur að geyma núverandi reglur IAS 39 um innbyggðar afleiður þar sem grunnsamningurinn er ekki fjáreign sem fellur undir gildissvið IFRS 9, t.d. fjárskuld eða leigukröfur. Hins vegar verður óheimilt að aðskilja afleiður sem eru innbyggðar í fjáreignum sem falla undir gildissvið IFRS 9. Þess í stað verður skylt að meta samsetta fjármálagerninginn með tilliti til flokkunar í heild sinni.

- IFRS 9 hefur að geyma núverandi reglur IAS 39 um flokkun fjárskulda. Í tilviki fjárskulda sem eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, ber almennt að færa fjárhæð gangvirðisbreytinga vegna breytinga á útlánaáættu þeirra í aðra heildarafkomu, og færa eingöngu þá fjárhæð heildarhagnaðar eða taps sem eftir stendur í rekstrarreikning. Óheimilt verður að millifæra fjárhæðir sem hafa verið færðar í aðra heildarafkomu yfir í rekstrarreikning síðar en heimilt verður að millifæra þær innan eigin fjár. Ef færsla hagnaðar eða taps í aðra heildarafkomu leiðir hins vegar til, eða eykur, reikningshaldslegt misræmi í rekstrarreikningi þá ber að færa alla gangvirðisbreytinguna í rekstrarreikning. Þar að auki verður allur hagnaður eða tap af gangvirðisbreytingum áfram fært í rekstrarreikning vegna lánsloforða og fjárhagslegra ábyrgðarsamninga sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

- IFRS 9 skiptir líkaninu um áfallið tap í IAS 39 út fyrir líkan um vænt útlánatap við útreikning á virðisrýrnun fjáreigna. Líkanið um vænt útlánatap í IFRS 9 mun ekki gilda um fjárfestingar í eiginfjárgerningum og fjáreignir sem eru flokkaðar sem fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Líkanið um vænt útlánatap í IFRS 9 notar tvískipta nálgun, þar sem afskriftareikningur vegna væntra útlánatapa er metinn á hverjum reikningsskiladegi annað hvort sem 12 mánaða vænt útlánatöp eða sem vænt útlánatöp yfir líftíma fjáreignar, eftir því hvort veruleg aukning hefur átt sér stað í útlánaáættu fjármálagerningsins frá því hann var færður upphaflega í bókhaldi. Sérstakar reglur munu gilda um fjáreignir sem eru virðisrýrðar þegar þær eru færðar upphaflega í bókhaldi.

- IFRS 9 inniheldur nýjar reglur um almenn áhættuvarnarreikningsskil sem færa áhættuvarnarreikningsskilin nær áhættustýringu. Í grunninn breyta nýju reglurnar ekki þeim tegundum áhættuvarnarsambanda eða reglum um mat og færslu óvirkni sem gilda samkvæmt IAS 39. Samkvæmt nýju reglum geta hins vegar fleiri áhættuvarnaraðferðir sem eru notaðar við áhættustýringu verið tækar í áhættuvarnarreikningsskilum. Þessu til viðbótar hefur virkniprófinu verið skipt út fyrir meginregluna um efnahagslegt samband. Þá verður afturvirkis mats á virkni áhættuvarna ekki lengur krafist. IFRS 9 geymir áfram leiðbeiningar IAS 39 um gangvirðisvarnir vegna vaxtaáættu í sófnum og leyfir félögum einnig að halda áfram að beita öllum reglum um áhættuvarnarreikningsskil úr IAS 39 frekar en að beita nýju reglum.

- IFRS 9 bætir við nýjum kröfum um framsetningu og ítarlegum nýjum og breyttum kröfum um upplýsingagjöf, þar með talið kröfum um upplýsingagjöf vegna yfirfærslu úr IAS 39 í IFRS 9.

Ef IFRS 9 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2018, almennt með afturvirkri beitingu sem er þó háð tilteknum undantekningum. Samstæðan hefur sett af stað formlegt innleiðingarverkefni til að tryggja að hún verði tilbúinn fyrir samhliða beitingu staðalsins á árinu 2017 og beitingu hans frá 1. janúar 2018. Samstæðan er í því ferli að meta möguleg áhrif af upphaflegri beitingu IFRS 9 á samstæðureikning sinn og þar af leiðandi er ekki vitað sem stendur hver áhrifin verða né hægt að meta þau með áreiðanlegum hætti. Þó er fyrirsjáanlegt að upplýsingagjöfin í samstæðureikningsskilum muni aukast.

b) IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini, sem setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. IFRS 15 gildir ekki um tekjur af fjármálagerningum og leigusamningum en getur átt við um þóknanir sem samstæðan rukkar og eru ekki hluti af útreikningum á virkum vöxtum. Meginregla IFRS 15 er að tekjur skal skrá þannig að þær endurspeglar yfirfærslu vara eða þjónustu til viðskiptavina miðað við þá fjárhæð sem endurspeglar endurgjaldið sem félagið væntir að eiga rétt á í skiptum fyrir þær vörur og þjónustu. Færa ber tekjur í samræmi við þessa meginreglu með því að beita fimm skrefa líkani til að ákvarða hvenær ber að færa tekjur og miðað við hvaða fjárhæð. Ef IFRS 15 verður samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda fyrir bankann frá og með samstæðureikningi hans fyrir árið 2018. Samstæðan mun geta valið úr nokkrum möguleikum um færslu breytinga á reikningsskilaaðferðum, ef einhverjar verða, sem kunna að stafa af upphaflegri beitingu IFRS 15. Samstæðan er í því ferli að meta möguleg áhrif af upphaflegri beitingu IFRS 15 á samstæðureikning sinn og þar af leiðandi er ekki vitað sem stendur hver áhrifin verða né hægt að meta þau með áreiðanlegum hætti. Þó er fyrirsjáanlegt að upplýsingagjöfin í samstæðureikningsskilum muni aukast.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2015

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því reglaverki sem bankinn starfar samkvæmt, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna.

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti eftirlitsskyldra aðila. Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME), ásamt reglum og tilmælum FME og reglum Nasdaq Iceland sem aðgengilegar eru á vefsíðum þeirra (www.fme.is og www.nasdaqomxnordic.com). Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélög nr. 2/1995 sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi hans. Löggjöfina er að finna á vefsíðu Alþingis (www.althingi.is).

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Bankinn er staðráðinn í að viðhalda góðum stjórnarháttum sem samræmast bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna. Íslandsbanki hlaut fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í mars 2014 frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðurkenningin var veitt í kjölfar ítarlegrar skoðunar á starfsháttum stjórnar, undirnefndum stjórnar og stjórnenda bankans. Viðurkenningin var endurnýjuð í mars 2015.

Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um góða stjórnarhætti, Ákvarðanatökulykil bankans, sem kortleggur allar meiriháttar ákvarðanir sem hugsanlegt væri að bankinn vilji grípa til við tiltekna aðstæður. Lykillinn er liður í að bæta ákvarðanatöku og auka þar með traust hagsmunaaðila til bankans. Ákvarðanatökulykillinn setur ákveðin skilyrði fyrir töku allra meiriháttar ákvarðana. Lykillinn setur það skilyrði að allar meiriháttar ákvarðanir skuli teknar á grundvelli bestu fánlegu upplýsinga á hverjum tíma og að fengnu álitni þeirra aðila innan bankans sem eru til þess hæfastir.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ber bankanum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg.) sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is.

Stjórnarhættir bankans samræmast ákvæðum leiðbeininganna í öllum meginatriðum, að frátöldum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.5, 2.9 og 5.1.2.

Grein 1.5 í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að hluthafafundur skuli skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð. Hluthafar bankans, sem og stjórn hans, telja ekki ástæðu til að skipa slíka nefnd á þessum tíma vegna þess hvernig eignarhaldi bankans er hagað. Einn fulltrúi til stjórnarsetu er tilnefndur af minnihlutaeigandanum, Bankasýslu Ríkisins, og meirihlutaeigandinn, ISB Holding ehf., tilnefnir sex fulltrúa til stjórnarsetu.

Grein 2.9 í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að stjórn bankans setji siðareglur. Framkvæmdastjórn bankans samþykkti siðareglur fyrir bankann í janúar 2011 sem allir starfsmenn tóku þátt í að móta.

Grein 5.1.2 í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir birtingu starfsreglna undirnefnda á vefsíðu félagsins. Undirnefndir stjórnar starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og í samræmi við starfsreglur stjórnar sem birtar eru á vefsíðu bankans. Þess til viðbótar er greint frá hlutverki þeirra og ábyrgð á vefsíðunni, sem stjórn bankans hefur talið fullnægjandi í þessu skyni.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Stjórn bankans hefur eftirlit með framkvæmd stefnu bankans, virkni eftirlits með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar.

Lykilnefndir framkvæmdastjórnar: framkvæmdastjórn; áhættunefnd; efnahagsnefnd; og fjárfestingarráð bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans.

Innri endurskoðunardeild starfar sjálfstætt frá öðrum deildum bankans í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun veitir bankanum sjálfstæða, hlutlæga staðfestingu á því hvort ferli bankans varðandi áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti séu fullnægjandi. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun á samstæðugrundvelli.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2015

Bankanum ber, sem fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta og sem útgefandi skráðra fjármálagerna, að starfrækja regluvörslu. Regluvörður er skipaður af bankastjóra og er skipun hans staðfest af stjórn í samræmi við 130. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta, með reglubundnum hætti, ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfavíðskipti og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög. Regluvörður er jafnframt ábyrgur aðili samkvæmt bandarísku FATCA skattalöggjöfni og ábyrgur fyrir því að meta og fylgjast með hvort bankinn starfi í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.

Í samræmi við samþykktir bankans og lög um fjármálafyrirtæki skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi bankans til fimm ára í senn. Á aðalfundi bankans 2015 var Ernst & Young ehf. kosid sjálfstætt endurskoðunarfélag bankans til næstu fimm ára.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit má finna í áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2015 (Pillar 3 Report) sem birt er á vefsíðu bankans.

Áfrýjunarnefnd neytendamála staðfesti á árinu 2015 tvær ákvarðanir Neytendastofu frá 2014 þar sem Íslandsbanki var talinn hafa brotið gegn ákvæðum eldri neytendalaga nr. 121/1994 og laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Bankinn var ósammála ákvörðunum áfrýjunarnefndarinnar. Í tengslum við annað málið, sem varðaði verðtryggð lán, hefur Hæstiréttur dæmt í máli sem varðaði sambærilegan ágreining að Íslandsbanki hafi ekki brotið gegn ákvæðum eldri laga um neytendalán frá 1994 og því hefur ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar engar afleiðingar. Hitt málið varðaði ágreining um aðferð og skilyrði vaxtabreytinga húsnæðislána en því hefur verið vísað til meðferðar héraðsdóms. Þessu til viðbótar úrskurðaði Persónuvernd að tiltekin uppfletting Ergo-fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka í afskriftarlista hafi farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Frekari upplýsingar um framangreint og önnur dómsmál sem tengjast bankanum má finna í skýringum með ársreikningnum.

Gildi Íslandsbanka, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi bankans eru kjarni fyrirtækjamenningarinnar sem mótar hegðun, hugarfarar og viðmót starfsmanna bankans. Gildi Íslandsbanka krefjast þess að starfsmenn séu faglegir, stundi öguð vinnubrögð, fari eftir ferlum og fylgi málum eftir til enda – fagleg, jákvæð og framsýn.

Til að viðhalda og styrkja trúverðugleika og orðspor bankans tóku allir starfsmenn þátt í að móta siðareglur bankans sem finna má á vefsíðu hans. Þeim er ætlað að stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum, auka traust og leiðbeina starfsfólki við dagleg störf.

Bankinn leggur sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menningar, iþróttar og félagsmála, auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Verkefni bankans á sviði samfélagslegrar ábyrgðar eru byggð á stefnu stjórnar sem nær til fimm lykilþátta; víðskipta, menntunar, umhverfis, mannaúts og samfélags. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu – Global Compact og er hún aðgengileg á vef bankans. Undanfarin átta ár hefur bankinn verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, UN Global Compact. Sáttmálinn er leiðarvísir að því hvernig fyrirtæki geta sýnt samfélagslega ábyrgð í verki og er hvatning til góðra verka.

Stjórn Íslandsbanka

Í stjórn bankans sitja sjö einstaklingar, og tveir varamenn, sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn af hluthafafundi. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans.

Stjórn bankans fer með málefni bankans á milli hluthafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á því að setja stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og aðgætir þess hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn skipar bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur frá 11. nóvember 2015 má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru fundir stjórnar lögmætir ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Stjórnarfundir á árinu 2015 voru 17 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Undirnefndir stjórnar eru fjórar og þær starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Nefndirnar eru allar skipaðar stjórnarmönnum:

Endurskoðunarnefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar vegna fjárhagsupplýsinga, innra eftirlits, endurskoðunar og eftirlits með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Fundir endurskoðunarnefndar stjórnar á árinu 2015 voru 7 talsins, allir ákvörðunarbærir.















Áhættunefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum ber ábyrgð á að aðstoða stjórnina með því að veita yfirsýn yfir ákvarðanir æðstu stjórnenda sem tengjast áhættu í starfsemi bankans. Þetta tengist meðal annars útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjáraáhættu, lagalegri áhættu og orðsporsáhættu. Fundir áhættunefndar stjórnar á árinu 2015 voru 5 talsins, allir ákvörðunarbærir.

Stefnumótunarnefnd stjórnar sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum hefur eftirlit með og samþykkir helstu þætti í stefnu bankans og leggur fram vegvísi varðandi innleiðingu stefnunnar. Nefndin ákveður stefnumarkandi fjárhagsleg markmið bankans og áherslur og fylgist með framgangi þeirra. Fundir stefnumótunarnefndar stjórnar á árinu 2015 voru 5 talsins, allir ákvörðunarbærir.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2015

Nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum aðstoðar stjórn bankans við að fylgjast með þróun og meta reglulega nálgun bankans í góðum stjórnarháttum og árangur stjórnarmanna. Nefndarfundir stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál voru 6 talsins á árinu 2015, allir ákvörðunarþæfir.

Nefndarskipan undirnefnda stjórnar má sjá í töflu hér að neðan:

	Endurskoðunarnefnd stjórnar	Áhættunefnd stjórnar	Stefnumótunarnefnd stjórnar	Nefnd um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál
Friðrik Sophusson				
Marianne Økland				
Árni Tómasson				
Eva Cederbalk				
Gunnar Fjalar Helgason				
Helga Valfells				
Neil Graeme Brown				

 Nefndarmaður  Formaður nefndar

Upplýsingar um stjórnarmenn

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1943 og er íslenskur ríkisborgari. Hann er með embættispróf frá Lagadeild Háskóla Íslands. Friðrik hefur verið stjórnarformaður frá janúar 2010. Hann er jafnframt stjórnarformaður Hlíðarenda ses. og Úlfjótuvatni sf. og varamaður í stjórn Fondement ehf.

Marianne Økland, varaformaður, er fædd árið 1962 og er norskur ríkisborgari. Hún er með M.Sc. gráðu í fjármálum, hagfræði og stærðfræði frá Norwegian School of Economics and Business Administration. Hún hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010 og hefur verið varaformaður stjórnar frá mars 2015. Hún starfar sem framkvæmdastjóri Avista Partners. Hún situr einnig í stjórn IDFC og Scorpio Tankers Inc.

Árni Tómasson, er fæddur árið 1955 og er íslenskur ríkisborgari. Hann er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hann rekur eigið ráðgjafafyrirtæki AT ráðgjöf ehf. Hann situr einnig í stjórn Reviva Capital S.A., AT ráðgjöf ehf., Skjaldborg Kröfuhafafélag 10 ehf. og Kaffitár ehf.

Eva Cederbalk, er fædd árið 1952 og er sænskur ríkisborgari. Hún er með M.sc. gráðu í hagræði með áherslu á alþjóðahagræði og markaðssetningu frá Stockholm School of Economics. Hún hefur verið stjórnarmaður frá mars 2015. Hún er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og er eigandi, formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Cederbalk Consulting. Hún er jafnframt stjórnarformaður Klarna Holding AB/Klarna AB, Diakrit International Ltd. and TicWorks AB og situr í stjórn Ikano S.A., Stockholms Almánna Brandkontor, KK-Stiftelsen and Investment AB Svolder.

Gunnar Fjalar Helgason, er fæddur árið 1971 og er íslenskur ríkisborgari. Hann er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur verið stjórnarmaður frá September 2015 og var áður varamaður í stjórn bankans frá September 2013. Hann starfar sem yfirmaður stefnumótunar og stjórnunar hjá samstæðu Símans hf. Hann er eigandi og formaður stjórnar Frost Capital ehf. Hann er jafnframt stjórnarformaður Farsímagreiðsla ehf., On-Waves ehf., Radiómiðunar ehf., Sensa ehf., Staki automation ehf. and Talenta ehf. Hann situr einnig í stjórn GO loyalty solutions ehf., GSOB ehf., Hringtorg ehf., HT Mobile ehf., Trackwell hf. og Truenorth ehf.

Helga Valfells, er fædd árið 1964 og er íslenskur ríkisborgari. Hún er með MBA gráðu frá London Business School og B.A. gráðu í ensku og hagfræði frá Harvard University. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2013. Hún er framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs Atvinnulífsins. Hún er meðeigandi og framkvæmdastjóri Árhólma ehf. og meðeigandi og varamaður í stjórn Ugga ehf. Hún er stjórnarformaður Frumtaks GP ehf. og situr í stjórn Alþjóðaskólans á Íslandi ehf., AMP ehf., Klak Innovit ehf., Mentor ehf., Transmit ehf., and Vesturgarðs ehf. Hún er jafnframt varamaður í stjórn Akthelia ehf., Azazo hf., FSÍ (Framtakssjóður Ísl)GP hf., Gangverðs ehf., Greencloud ehf., InfoMentor ehf. og Norrænna Mynda ehf.

Neil Graeme Brown, er fæddur árið 1959 og er breskur ríkisborgari. Hann er með M.A. gráðu í klassískum fræðum frá Emmanuel College í Cambridge og er löggiltur endurskoðandi. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hann er eigandi og stofnandi Subito Partners, ráðgjafafyrirtæki við stjórnir og fjárfestingarfélög í London. Hann er meðeigandi í Lanista Partners Ltd., Distribution Technology Ltd., The Oxford Artesan Distillery og Vox Pop Me ásamt því að vera meðeigandi og stjórnarmaður í Verve Partners Ltd. Hann situr einnig í stjórn Magma Fincorp og NG Energy Ltd.

Varamenn stjórnar eru tveir; **Margrét Kristmannsdóttir**, frá september 2014 og **Jón Eiríksson**, frá janúar 2011.

Allir stjórnarmenn bankans teljast óháðir bankanum og stórum hluthöfum bankans að undanskildum Árna Tómassyni sem telst háður vegna vinnu hans fyrir Glitnir hf. á síðastliðnum þremur árum.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2015

Árangursmat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu til að stjórn meti störf sín, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á sjálfsmati hvers stjórnarmanns, mati á hvort starfreglum hafi verið fylgt til hlítar, stöðumati á sérstökum áherslum varðandi áhættustýringu og innra eftirlit ásamt stikkprufum á eftirfylgni mála sem stjórnin hefur afgreitt.

Framkvæmdastjórn

Bankastjóri er ábyrgur fyrir að annast rekstur bankans í samræmi við samþykktu stefnu og fyrirmæli stjórnar. Það er einnig hlutverk bankastjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar regluvörð bankans, framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og nefndarmenn í lykilnefndir framkvæmdastjórnar.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri, er fædd 1961 og er íslenskur ríkisborgari. Hún er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Birna hefur starfað hjá Íslandsbanka og forverum hans samtals í yfir 20 ár. Hún hefur jafnframt starfað sem vörustjóri hjá Royal Bank of Scotland og markaðsstjóri Íslenska útvarpsfélagsins og Íslenskrar getsþár.

Framkvæmdastjórn, ásamt bankastjóra, stýrir daglegum rekstri bankans í samræmi við stefnu stjórnar. Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af níu einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: **Birna Einarsdóttir**, bankastjóri frá október 2008, **Björgvin Ingi Ólafsson**, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar frá september 2014, **Elín Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri eignastýringar frá júlí 2014, **Jón Guðni Ómarsson**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá október 2011, **Sigríður Olgeirsdóttir**, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs frá september 2010, **Sverrir Örn Þorvaldsson**, framkvæmdastjóri áhættustýringar frá nóvember 2010, **Tryggvi Björn Davíðsson**, framkvæmdastjóri markaða frá september 2011, **Una Steinsdóttir**, framkvæmdastjóri viðskiptabanka frá október 2008, og **Vilhelm Már Þorsteinsson**, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs frá október 2008.

Bankastjóri og lykilnefndir framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Skipan lykilnefnda framkvæmdastjórnar, er ákveðin af bankastjóra en erindisbréf nefndanna og vinnureglur eru samþykktar af stjórn. Nefndirnar eru:

Framkvæmdastjórn sem er ábyrg fyrir umgjörð bankans um stýringu rekstraráhættu og hefur eftirlit með lagalegri áhættu, orðsporsáhættu, viðskiptaáhættu, stefnumótunaráhættu ásamt umsjón með formlegu vörusamþykktarferli bankans.

Áhættunefnd sem fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu í samræmi við lánastefnu og útlánareglur bankans.

Efnahagsnefnd sem hefur umsjón og eftirlit með öðrum fjárhagslegum áhættum eins og markaðsáhættu, lausafjárahættu og vaxtaáhættu í fjárfestingarþróun.

Fjárfestingarráð sem tekur ákvarðanir um kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga, t.d. í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

Auk þessa eru þrjú svið sem heyra beint undir bankastjóra; lögfræðideild, mannauðssvið og regluvarsla.

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykktu bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum og ákvarðanatöku standa vörð um hagsmuni bankans og hluthafa í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annað gildandi regluverk um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Bankinn var í lok árs 2015 í meirihlutaeygu Glitnis hf. sem fór með 95% af hlutafé bankans í gegnum dótturfélag sitt, ISB Holding ehf. og 5% voru í eigu íslenska ríkisins, undir stjórn Bankasýslu ríkisins. Í janúar 2016 afsalaði Glitnir hf. öllum eignarhlut sínum til íslenska ríkisins sem hluta af stöðugleikaframlagi kröfuhafa. Hluthafafundurir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fara með æðsta vald í málefnum bankans. Á milli löglega boðaðra hluthafafunda sér stjórnarformaður um samskipti við hluthafa fyrir hönd stjórnar.

Hluthafar geta á hverjum tíma tjáð sig um málefni bankans við stjórn og lagt fyrirspurnir til stjórnar til umræðu.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Íslandsbanka þann 20. janúar 2016.